**RÓSA GUÐMUNDSDÓTTIR**
*Kannski of gömul til að vera að banka fólk*
heilsa nám
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**ÞORRINN**
*Stefán Jón Hafstein etur blóðmör í Namibíu*
Sérblað um þorrann
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**EGILL ÓLAFSSON**
*Þursarnir merkilega lítið ryðgaðir*
Útgefið efni kynnt á 30 ára afmælinu
FÓLK 24



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. janúar 2008 — 21. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

**Vilja ná aukinni samstöðu**
Ungliðadeild hjúkrunarfræðinga stofnuð.
TÍMAMÓT 18



**Endurnærður í Póllandi**



Gunnar Þorsteinsson lætur vel af detox-ferð sinni til Póllands með Jónínu Ben og fleiri Íslendingum.
FÓLK 30

**Hvað á kennitalan að heita?**
Jónína Michaelsdóttir er ekki lengur kona sem hefur tiltekna kennitölu, heldur er hún kennitala sem heitir Jónína.
Í DAG 16

**Ólafur verður með**
Ólafur Stefánsson verður í eldlínunni á ný gegn Þjóðverjum í dag.
ÍÞRÓTTIR 26



## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMVIÐVÖRUN!** - Nú með morgninum verður suðaustan stormur sunnan og vestan til. En í dag verður hvassviðri eða stormur víða um land. Rigning um mest allt land en úrkomuminnst fyrir norðan. Hiti 3-8 stig.
VEÐUR 4



**Í BRENNIDEPLI** Hlutirnir gerðust hratt í gær þegar nýr meirihluti var myndaður í borgarstjórn Reykjavíkur. Ólafur F. Magnússon, oddviti frjálslyndra og óháðra, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna, sjást hér ganga inn á blaðamannafund á Kjarvalsstöðum þar sem nýr meirihluti var kynntur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ólafur F. myndar nýjan meirihluta

**Sjálfstæðismenn og Ólafur F. Magnússon mynduðu í gær meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Ólafur verður borgarstjóri en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður borgarráðs. Umhugsunarefni fyrir félagshyggjufólk segir Svandís Svavarsdóttir.**

**STJÓRNMÁL** Ólafur F. Magnússon, oddviti lista Frjálslynda flokksins og óháðra, myndaði í gær meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur með Sjálfstæðisflokknum. „Við getum fullvissað ykkur um það að þetta meirihlutasamstarf hvílir á traustum málefnalegum grunni,“ sagði Ólafur á blaðamannafundi sem nýr meirihluti hélt á Kjarvalsstöðum klukkan sjö í gærkvöld. Ólafur verður borgarstjóri á fyrri hluta þess sem eftir er af kjörtímabilinu en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna, tekur við borgarstjórastólnum að rúmlega ári liðnu. Vilhjálmur verður formaður borgarráðs.

Þreifingar á milli Ólafs og sjálfstæðismanna hófust um helgina. Samkomulag milli Vilhjálms og Ólafs náðist þó ekki fyrr en seinni partinn í gær á fundi heima hjá Kjartani Magnússyni, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, við Hávallagötu.

Ólafur og sjálfstæðismenn hafa náð samkomulagi um að Reykjavíkurflugvöllur verði sýndur í óbreyttri mynd í aðalskipulagi á meðan rannsóknir standa yfir vegna nýs flugvallarstæðis á höfuðborgarsvæðinu. Ólafur sagði ágreining hafa verið um flugvöllinn og verndun götumyndar við Laugaveg innan meirihluta Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Vinstri grænna og Frjálslynda og óháðra.

Vilhjálmur sagði þá Ólaf hafa góða reynslu af samstarfi þeirra og traust ríkti á milli þeirra. „Nýr meirihluti mun vinna saman á traustum grunni og það ríkir samhugur um þau verkefni sem við höfum náð samkomulagi um,“ sagði Vilhjálmur.

Svandís Svavarsdóttir, oddviti vinstri grænna, sagði Sjálfstæðisflokkinn neyta allra meðala til að komast að völdum. „Sjálfstæðismenn eru þeirrar skoðunar að þeir eigi að vera í meirihluta og það sé þeirra frumburðarréttur. Það er verulegt umhugsunarefni fyrir okkur sem erum félagshyggjufólk hvort við getum nokkurs staðar staðið að því að Sjálfstæðisflokkurinn fari með völd,“ sagði Svandís í Ráðhúsi Reykjavíkur að loknum blaðamannafundi nýmyndaðs meirihluta.
**- mh / sjá síðu 4**

Dagur B. Eggertsson:
## Skipti án ástæðu

**„Þetta kemur upp úr þurru,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. „Satt að segja man ég ekki eftir að meirihlutaskipti hafi áður orðið án ástæðu. Við höfðum í okkar hópi farið yfir málefni flugvallarins, mislæg gatnamót á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar og húsnæðismál. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki síst sótt að Ólafi undanfarið.“ Dagur segist hafa heyrt af myndun nýja meirihlutans skömmu áður en tilkynnt var um hann á blaðamannafundi. - jse**









## SPURNING DAGSINS



*Haraldur, er útlitið svart á prentmarkaði?*

„Nei, við lifum í heimi margra lita.“

Haraldur Dean Nelson, forstöðumaður á prenttæknisviði hjá Samtökum iðnaðarins, segir skattkerfið skekkja samkeppnisstöðu íslenskra prentsmiðja gagnvart erlendum keppinautum.

Arðsemismat vegna Kárahnjúkavirkjunar mun hærra en fyrri athuganir sýndu:

# Milljarða hagnaður á ári

**ORKUMÁL** Arðsemi Kárahnjúkavirkjunar er talin mun meiri en fyrri athuganir Landsvirkjunar hafa sýnt. Árlegur hagnaður fyrir skatta af virkjuninni er á fimmta milljarð króna á ári, á verðlagi ársins 2008. Arðsemi eiginfjár reiknast nú 13,9 prósent en upphaflegt mat gerði ráð fyrir 11,9 prósent arðsemi.

Landsvirkjun kynnti niðurstöður nýs arðsemismats í gær. Kom fram í máli forsvarsmanna að hærra verð á áli á heimsmarkaði er meginskýring þess að arðsemi virkjunarinnar er nú mun hærra en í upphaflegu arðsemismati frá árinu 2002 og endurskoðuðu arðsemismati frá því árið 2006. Fyrri endurskoðun á arðsemismatinu árið 2006 leiddi í ljós að heldur hefði dregið úr arðsemi verkefnisins þótt það stæðist áfram arðsemiskröfur eigenda Landsvirkjunar. Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði að upphaflega arðsemiskrafa verkefnisins hefði verið ellefu prósent. „Ef við reiknum árlega fram í tímann hver hagnaðurinn verður fyrir skatta þá er hann að meðaltali 4,2 milljarðar á ári, og við erum þá að tala um næstu fjörutíu árin og lengur ef sömu samningar gilda eftir þann tíma.“



**Á KYNNINGARFUNDI** Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, kynnti niðurstöður arðsemismatsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það sem helst hefur breyst í forsendum arðsemismats virkjunarinnar frá 2002 er að kostnaður virkjunarinnar er nú þekktur og tekjur reiknast hærri en gert var ráð fyrir. - shá

Verkalýðshreyfingin:

# Þriggja ára samningur

**VINNUMARKAÐUR Lítið hefur þokast í kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að á fundinum með Samtökum atvinnulífsins, SA, hafi verið rætt það sama og SA hefur talað fyrir frá því í haust.**

**Samtök atvinnulífsins, SA, hafa kynnt óformlegar tillögur um samning til þriggja ára með endurskoðun á hverju ári og fastri krónutölu á lægstu laun. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að lítill árangur liggi fyrir eftir daginn.** - ghs



**LAUGARDÆLAKIRKJA** Aðeins fimm manns voru viðstaddir útförina í gærmorgun. MYND/GKS

Bobby Fischer jarðsunginn:

# Útförin fór fram í kyrrþey

**ANDLÁT** Útför skákmeistarans Bobbys Fischer fór fram í kyrrþey í gærmorgun. Athöfnin, sem var mjög fámenn, fór fram í Laugardælakirkjugarði í Flóahreppi. Leyndin yfir athöfninni var svo mikil að sóknarprestur í Laugardælakirkju vissi ekki af henni.

Það var séra Jakob Rolland, prestur kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, sem jarðsöng Fischer.

Aðeins voru fimm manns viðstaddir útförina. Þeirra á meðal voru Miyoko Watai, unnusta Fischers, og Garðar Sverrisson vinur hans.

Áður hafði stuðningshópur Fischers reifað þá hugmynd að hann yrði jarðsettur í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum. - þeb

## TAÍLAND

### Þing kemur saman

Taílenska þingið kom saman í gær eftir tveggja ára hlé. Þingið hefur ekki komið saman síðan herinn gerði stjórnarbyltingu gegn Thaksin Shinawatra forsætisráðherra árið 2006.

# Fatastyrkurinn ekki gefinn upp til skatts

**Guðni Ágústsson segir kosningar vera jól stjórnmálamanna sem þá fati sig upp. Ríkissjónvarpið segir nærri milljón krónur hafa verið greiddar fyrir föt frambjóðenda flokksins í borgarstjórnarkosningum 2006. Ekki gefið upp til skatts.**

**STJÓRNMÁL** Forystumenn Framsóknarflokksins í Reykjavík fengu föt fyrir um tæpa eina milljón króna greidd úr sjóðum framboðsins fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2006. Þetta fullyrðir Fréttastofa Sjónvarpsins.

„Ég þekki það úr mínu starfi sem stjórnmálamaður að þegar kosningar nálgast þá eru það jólin hjá stjórnmálamönnum. Þá fatar maður sig upp. Maður kaupir sér tvenn spariföt,“ sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, við Fréttablaðið í gær aðspurður um fatakaup fyrir frambjóðendur í Reykjavík.

„Það hefur aldrei verið neitt leyndarmál í því að við fengum styrki til ákveðinna fata, eins og hefur áður verið gert í flokknum og ég sagði það strax á föstudaginn. Það er hins vegar ekki þannig að flokkurinn, eða flokksskrifstofan hafi borgað það,“ sagði Björn Ingi Hrafnsson og neitaði því aðspurður að hann hefði gefið umrætt fé til kaupa á fötum upp til skatts:

„Þetta eru litlar upphæðir. Og annað er að þau klárast hvort eð er í kosningabaráttunni og svo eru þau ónýt,“ segir Björn Ingi um fötin. Ríkissjónvarpið segir mest af áðurnefndri upphæð hafa verið vegna fatakaupa Björns Inga. Einnig hafi verið slíkir reikningar greiddir á nöfnum Óskars Bergssonar varaborgarfulltrúa og Rúnars Hreinssonar kosningastjóra.

„Ég hygg að það hafi tíðkast í stjórnmálum á Íslandi í 15 til 20 ár að menn fara yfir fatalínu í kringum framboðsmál, flokkarnir og framboðin,“ sagði Guðni. „Menn fá tilboð í föt sameiginlega eftir félagslegum hætti. Þannig að það er ekkert nýtt hér eða um víða veröld. Ég held meira að segja að kommarnir í Rússlandi séu farnir að kaupa sér föt fyrir kosningar – og leggja áherslu á einhverja línu.“

Guðni ítrekaði þó að hann vissi ekkert um fatakaup fyrir frambjóðendur Framsóknarflokksins í borgarstjórnarkosningunum 2006 Þetta mál hefði ekki verið rætt á fundi þeirra í gær.

Óskar Bergsson sagði ekkert óeðlilegt hafa verið á ferðinni.

„Það hefur verið þannig í þeim kosningabaráttum sem ég hef tekið þátt í fram að þessu að þá kemur fólk inn af götunni sem hefur jafnvel aldrei velt því fyrir sér hvernig það er klætt eða hvernig það kemur fram. Það er farið yfir alla þessa þætti vegna þess að frambjóðendur eru fulltrúar flokksins úti um allan bæ í kosningbaráttunni og það skiptir máli hvernig þeir koma fyrir,“ sagði Óskar. gar@frettabladid.is



**BJÖRN INGI HRAFNSSON** Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins segir fatastyrki til frambjóðenda í kosningum aldrei hafa verið leyndarmál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓSKAR BERGSSON** Varaborgarfulltrúi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Formaður Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**OFSAAKSTUR** Vitni að atvikinu sögðu bílinn hafa verið á ofsahraða.

Manndrápsakstur í Höfn:

# Leigubíll ók tvo menn niður

**DANMÖRK** Lögreglan í Kaupmannahöfn leitar nú ökumanns bíls, sem talinn er vera leigubíll, sem ók niður tvo unga hjólreiðamenn í miðborginni snemma að morgni laugardags og flúði síðan af vettvangi á ofsahraða.

Annar þeirra sem eknir voru niður lést samstundis en hinn á sjúkrahúsi síðar um daginn. Þeir voru báðir 25 ára að aldri.

Talsmenn leigubílastöðva borgarinnar segja bílinn örugglega munu finnast, að því er Politiken.dk greinir frá. Lögreglan tekur fram að ekki sé fullvíst að um leigubíl hafi verið að ræða þótt vitni telji svo vera. - aa

Rannsókn danskra yfirvalda:

# Túlkar Dana í Írak njósnarar

**DANMÖRK, AP Dönsk yfirvöld rannsaka nú hvort túlkar sem unnu með danska hernum í Írak hafi laumað viðkvæmum upplýsingum um herlið bandamanna til íraskra uppreisnarmanna, að því er talskona danska varnarmálaráðuneytisins, Pernille Rohdeneier, greindi frá í gær.**

**Í viðtali Nyhedsavisen við fyrrverandi yfirmann hjá danska hernum í Írak í gær, Torsten Lind Thomsen, segir hann að minnsta kosti þrjá túlka sem unnu með danska hernum í Írak hafa verið njósnara. Rohdeneier sagði ekkert benda til að leki hafi orðið hjá danska herliðinu.** - sdg






Formaður Framsóknarflokksins og forystumenn í Reykjavík funduðu um erjur:

# Guðni styður Björn Inga

**STJÓRNMÁL** „Á milli okkar er einhugur og samstaða,“ sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, eftir fund með Birni Inga Hrafnssyni og öðrum forystumönnum framsóknarmanna í Reykjavík.

Umræðuefnið á fundi framsóknarmanna í gær var staðan sem komin var upp eftir að Guðjón Ólafur Jónsson, fyrrverandi alþingismaður, mætti í sjónvarpsþáttinn Silfur Egils og brigslaði Birni Inga um svik.

Guðni sagði eftir fundinn í gær að aldrei hefði verið spurning um að hann styddi Björn Inga.

„Ég stend auðvitað með Birni Inga og framsóknarmönnum hér í Reykjavík. Þessar persónulegu ávirðingar eru mjög óheppilegar og í rauninni á enginn að viðhafa þær. Þannig að það er mjög óheppilegt af Guðjóni Ólafi,“ sagði Guðni um málflutning Guðjóns í Silfri Egils. Aðspurður kvaðst Guðni enn ekki hafa rætt við Guðjón eftir sjónvarpsþáttinn en að það myndi hann nú gera.

Björn Ingi sagði að komið hefði fram á fundinum einróma stuðningur við hann og aðra fulltrúa flokksins í Reykjavík. Hann sagðist engin áform hafa um annað en að halda áfram í Framsóknarflokknum en væri þó enn að hugsa sinn gang eftir ágjöf síðustu daga.



**BJÖRN INGI HRAFNSSON** Sagðist engin áform hafa um að yfirgefa Framsóknarflokkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það hefur verið meiri friður í félagsstarfinu í Reykjavík heldur en í áratugi og þá kemur svona gusa. Þá veit maður ekki alveg hvað maður á að halda,“ sagði Björn Ingi.

„Það er enginn að hætta. Menn ætla að snúa bökum saman,“ sagði Óskar Bergsson, varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins, sem var á fundinum í gær.

Guðni Ágústsson sagði að nú myndu framsóknarmenn í Reykjavík þjappa sér saman. „Við lítum framhjá þessari umræðu. Hún var óheppileg en er að baki,“ sagði flokksformaðurinn. - gar

# Góður lífeyrir – ávisun á betra líf



## Sparnaður+

Lífeyrir frá Bayern Líf (Versicherungskammer Bayern) er vænlegri kostur en hefðbundinn sparnaður – og mun öruggari en kauphallarviðskipti.

Það er svo notalegt að þurfa ekki að hafa neinar fjárhagsáhyggjur og að halda óbreyttum lífskjörum eftir starfslok. Þú ert vel tryggður með Sparnaði+ (FlexVorsorgePlus).

SPARNAÐUR

Sundagörðum 2 104 Reykjavík
Sími: 577 2025 Fax 577 2032
sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

**Bayern Líf.**

VERSICHERUNGS
KAMMER
BAYERN

# NÝR MEIRIHLUTI Í BORGARSTJÓRN

Steingrímur J. Sigfússon:

## Óheiðarlegt



„Svona utan frá séð virkar þetta á mig sem ofboðsleg gengisfelling heiðarlegra og málefnalegra stjórnmála. Ég á hreinlega eftir að láta segja mér það einu sinni eða tvisvar í viðbót að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að gera þetta,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. - þeb

Valgerður Sverrisdóttir:

## Keyptu Ólaf F.



„Það sem gerist þarna er að sjálfstæðismenn einfaldlega kaupa Ólaf með því að afhenda honum borgarstjórastólinn. Sjálfstæðismenn hafa verið alveg veikir að komast aftur til valda í borginni og þannig er með þann flokk að völdin í Reykjavík eru ekki síður mikils virði en í landsmálunum, og kannski enn frekar,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins. „Þetta er veikur meirihluti að mínu mati og ég trúi því að hann verði ekki langlífur. “ - shá

Ágúst Ólafur Ágústsson:

## Þarf skýringar



„Þetta eru slæm tíðindi fyrir borgarbúa því fráfarandi meirihluti hafði staðið sig mjög vel og naut trausts meðal borgarbúa,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar. „Ólafur skuldar kjósendum frekari skýringar á því af hverju hann ákveður að sprengja meirihlutann,“ segur Ágúst. - þeb

Arnbjörg Sveinsdóttir:

## Nýtur trausts



„Ég hef engar forsendur til að meta þessa stöðu öðruvísi en svo að búið sé að mynda sterkan meirihluta. Hann er allavega ekki veikari en sá sem starfaði á undan,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. „Vilhjálmur nýtur fullkomins trausts flokksforystunnar enda hefur hann sýnt í störfum sínum að hann er traustsins verðugur. Hann hefur sagt hafa gert mistök en hann hefur alltaf staðið sig ákaflega vel sem sveitarstjórnarmaður.“



**RÁÐHÚSIÐ** Fulltrúar gamla meirihlutans, þau Björn Ingi Hrafnsson, Margrét Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson og Svandís Svavarsdóttir, hittust í Ráðhúsi Reykjavíkur stuttu eftir að nýr meirihluti hafði tilkynnt um stjórnarskipti í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Margrét styður ekki nýjan meirihluta

**Ólafur F. getur ekki komið í veg fyrir að Margrét Sverrisdóttir taki sæti hans ef hann kemst ekki til fundar. Hún segist fella stjórnina fái hún tækifæri til þess.**

**STJÓRNMÁL** Margrét Sverrisdóttir styður ekki Ólaf F. Magnússon og mun slíta borgarstjórnarsamstarfinu komist hún í aðstöðu til þess. Margrét hefur sagt við Fréttablaðið að ef hún komi inn í stað Ólafs F. muni hún fella stjórnina.

Þegar tilkynnt var um nýjan meirihluta sagðist Ólafur F. ekki viss um afstöðu Margrétar. „Það mun koma í ljós á næstu dögum,“ sagði Ólafur þegar hann var inntur eftir því hver staða Margrétar væri. Þegar Fréttablaðið náði tali af Gísla Marteini Baldurssyni, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, skömmu eftir að tilkynnt var um nýjan meirihluta vissi hann ekki hver afstaða Margrétar væri. „Við treystum því að Frjálslyndi flokkurinn vinni farsællega úr sínum málum,“ sagði hann spurður um hvort samstarfið væri ekki ótraust ef varamaður Ólafs styddi ekki nýja meirihlutasamstarfið.

Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur segir að borgarfulltrúi geti ekki komið í veg fyrir að varamaður taki sæti hans í fjarveru sinni. „Margrét er klárlega kosin varamaður hans og ef hann forfallast eða kemst ekki á fundi tekur hún sæti hans nema að hún ákveði annað,“ segir hann. „Hún gæti þá lagt fram vantrauststillögu á borgarstjóra eða meirihlutann. En það er spurning hvort það væri klókt af henni að gera það ef hún kæmist inn á einn fund því þá gæti Ólafur jafnvel leiðrétt það á næsta fundi. Þetta er vissulega mjög varhugaverð staða því Ólafur verður helst að vera á öllum fundum og það gæti reynst honum erfitt því venjulega verður borgarstjóri til dæmis að vera mikið erlendis.“ Hann segir enn fremur að þótt Ólafur gengi í Sjálfstæðisflokkinn breytti það engu um það að Margrét væri varamaður hans.

Þar sem ekki er heimilt samkvæmt lögum að kjósa til borgarstjórnar nema á fjögurra ára fresti gefst ekki kostur á að boða til nýrra kosninga. „Borgarfulltrúarnir verða því að mynda borgarstjórn úr þessum mannskap hvort sem þeim líkar betur eða verr.“

### Viðbrögð núverandi minnihluta

Margrét Sverrisdóttir gagnrýndi framgöngu Ólafs F. harðlega. „Mér finnst það mikil vonbrigði að Ólafur skuli vinna eins og raun ber vitni, án samráðs við mig og Guðrúnu Ásmundsdóttur sem er í þriðja sæti,“ segir Margrét. „Mér finnst þetta forkastanleg vinnubrögð af hans hálfu.“

„Mér finnst þetta undirstrika að Sjálfstæðisflokkurinn neytir allra meðala til að komast að völdum,“ segir Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna.

jse@frettabladid.is

## FRJÁLSLYNDIR ÚTI SAMKVÆMT SÍÐUSTU KÖNNUN

58,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku í skoðanakönnun Fréttablaðsins 11. janúar sögðust styðja fráfarandi meirihluta Samfylkingar, Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins.

Sjálfstæðisflokkur fengi sjö borgarfulltrúa, Samfylking sex og Vinstri græn tvo. Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn kæmu ekki manni að. Stuðningur við meirihluta borgarstjórnar hafði aukist lítillega frá könnun blaðsins, sem gerð var 13. október, tveimur dögum eftir að tilkynnt var um nýjan meirihluta. Þá sögðust 56,5 prósent styðja nýjan meirihluta. - shá

Guðjón Arnar Kristjánsson:

## Sáttur við ýmislegt



„Þetta er sú niðurstaða sem við reyndum að ná strax eftir borgarstjórnarkosningarnar,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Miðað við það sem lesið var upp af sameiginlegum markmiðum í málefnaskrá er ég sáttur við ýmislegt. Mér finnst Ólafur hafa náð þó nokkuð miklu fram af því sem hann stóð fyrir í kosningabaráttunni.“ Guðjón á ekki von á að sú staðreynd muni hafa áhrif að varamenn Ólafs styðji ekki nýjan meirihluta. Það sé þó undarlegt að svo sé. - þeb

## MÁLEFNASAMNINGUR

- Reykjavíkurflugvöllur verður sýndur í óbreyttri mynd í aðalskipulagi meðan rannsóknir standa yfir á nýju vallarstæði.
- Leitað verður leiða til að varðveita 19. aldar götumynd Laugavegarins og miðborgarinnar eins og kostur er.
- Framkvæmdir hefjist sem fyrst við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.
- Staðarvali og undirbúningsvinnu vegna lagningar Sundabrautar verði lokið sem fyrst.
- Almenningssamgöngur verði efldar.
- Fjölgun hjúkrunarrýma og þjónustuíbúða fyrir aldraða.
- Efling og samþætting heimaþjónustu og heimahjúkrunar.
- Tekjumörk vegna niðurfellingar fasteignaskatta fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verða hækkuð verulega.
- Fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði lækkaðir á árinu.
- Félagslegum leiguíbúðum verði fjölgað um 100 á ári.
- Framboð lóða fyrir fjölskyldur og atvinnurekstur verði tryggt.
- Þjónusta leikskóla og grunnskóla verði aukin og faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði þeirra styrkt.
- Öryggi í miðborg Reykjavíkur verði aukið.
- Átak í merkingu og varðveislu sögufrægra staða.
- Lögð áhersla á verndun óspilltrar náttúru og dregið úr mengun.
- Orkuveita Reykjavíkur og orkulindir hennar verða áfram í eigu almennings.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STORMUR OG ASAHLÁKA**

Veðurhorfur dagsins eru slæmar. Núna með morgninum verður stormur með sunnan- og vestanverðu landinu sem og á hálendinu. Veðrið verður verst milli kl. 06 og 09 á þessum slóðum en lægir svo heldur er dregur að hádegi. Annars verður vindasamt um allt land í dag, hvassviðri og sums staðar stormur. Þessu fylgir svo mikil rigning syðra. Lægir í nótt.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Suðaustan 13-23 m/s hvassast í morgunsárið. Töluverð rigning. Hiti 3-6 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C heiðskírt | London | 10°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 4°C rigning |
| Billund | 4°C heiðskírt | París | 9°C léttskýjað | Lúxemborg | 7°C skúrir |
| Osló | -4°C hálfskýjað | Amsterdam | 8°C léttskýjað | Alicante | 21°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 2°C slydduél | Frankfurt | 7°C léttskýjað | Róm | 13°C rigning |
| Gautaborg | 2°C léttskýjað | Berlín | 5°C alskýjað | Las Palmas | 21°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# ALLT Í BOTN Í HÁTÆKNI

**Hljóð- og mynddagar** verða í **Hátækni** 17. – 26. janúar. Frábært verð á heimabíóum, mögnurum, hátölurum og flatskjáum.

Sérfræðingar **Hátækni** veita þér faglega ráðgjöf við val á réttu lausninni fyrir þitt heimili.




| **Palladine**<br>EPT3250 32" LCD sjónvarp | **KEF**<br>PSW3500 bassabox | **Yamaha**<br>RX-V1700 heimabíómagnari | **Yamaha**<br>RX-V2700 heimabíómagnari |
|---|---|---|---|
|  |  |  |  |
| Verð áður: 89.995<br>**Verð nú: 69.995** | Verð áður: 99.995<br>**Verð nú: 66.995** | Verð áður: 129.995<br>**Verð nú: 84.995** | Verð áður: 159.995<br>**Verð nú: 119.995** |

PIPAR • SÍA • 80057

Ármúli 26 • Sími 522 3000 • www.hataekni.is • Opnunartími: virka daga 9-18 | laugardaga 12-17

Hátækni

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að grafa eigi Bobby Fischer í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum?*

| | |
|---|---|
| Já | 6,8% |
| Nei | 93,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú nýmyndaðan meirihluta í borgarstjórn?*

Segðu þína skoðun á vísir.is vísir

Svartasti dagurinn í Kauphöll Íslands á árinu og fjármálafyrirtæki féllu í Evrópu:

# Hrun á hlutabréfamörkuðum

**VIÐSKIPTI** Titrings gætti á fjármálamörkuðum víða um heim í gær og féll gengi hlutabréfa víða, þar á meðal í Kauphöll Íslands, en Úrvalsvísitalan féll um 3,86 prósent sem er mesta lækkunin á einum degi það sem af er árs.

Takturinn var sleginn í Asíu en fjárfestar í álfunni óttast mjög að samdráttur í einkaneyslu í Bandaríkjunum muni skila sér í minni innflutningi frá helstu viðskiptalöndum sem flest hver eru í Asíu. Litlu skiptir að stjórnvöld í Bandaríkjunum boðuðu skattalegar aðgerðir til þess að sporna gegn þessari þróun um helgina.



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Gengi hlutabréfa féll víða um heim í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mesti skellurinn var á gengi fjármálafyrirtækja, bæði í Asíu og Evrópu en taugatitringur í röðum fjárfesta dró fleiri fyrirtæki með sér í niðursveiflunni.

Af einstökum eignum íslenskra fyrirtækja erlendis féll gengi bréfa í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand, sem Kaupþing og Exista eiga tæpan þriðjung í, um 11,5 prósent.

Af íslenskum félögum féll gengi bréfa í SPRON um rúm 10,5 prósent í Kauphöllinni og endaði það í sínu lægsta gengi frá upphafi. Íslenskir bankar og fjármálafyrirtæki féllu um allt frá 1,5 prósentum til rúmra sex prósenta, minnst í Straumi en mest í FL Group. - jab

Fyrirskipun frá æðstaklerki:

# Forseti Írans niðurlægður

**ÍRAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti var opinberlega niðurlægður í gær þegar Ayatollah Ali Khamenei, æðsti klerkur Írans, fór gegn ákvörðun hans um að framfylgja ekki lögum sem skylda stjórnvöld til að útvega afskekktum þorpum eldsneyti.

Óvinsældir forsetans hafa aukist samfara verðhækkunum og dauða 64 Írana af völdum eldsneytisskorts á óvenjuköldum vetri. Sagði hann ekki fjárhagslegt svigrúm til að framfylgja lögunum. Khamenei fyrirskipaði honum þá að nota fjármuni úr gjaldeyrissjóði Írans. - sdg




# Fasteignagjöld standa í stað í Reykjavík

**Fasteignagjöld lækkuðu víðast hvar á höfuðborgarsvæðinu um áramót til móts við hækkun fasteignamats. Í Reykjavík standa álagningarprósentur í stað þrátt fyrir meiri hækkun fasteignamats en við var búist. Álftnesingar hækkuðu einir.**

**STJÓRNMÁL** Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess, nema Reykavíkurborg og Álftanes, lækkuðu fasteignagjöld um áramót. Álagningarhlutföll standa í stað í Reykjavík en hækka á Álftanesi.

Álagningin lækkar í Kópavogi, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Akranesi. Lækkunin er þó mismikil. Mest er hún á Seltjarnarnesi og í Kópavogi, þar sem fasteignaskatthlutfall á íbúðarhúsnæði lækkar um 25 prósent og vatnsskattur litlu minna. Lækkun í hinum sveitarfélögunum nemur upp undir fimmtán prósentum.

Fasteignamat í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu hækkaði nokkuð um áramótin, víða meira en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlunum þeirra. Hækkun á fasteignamati hækkar aftur fasteignagjöld, sem meðal annars eru hlutfall af fasteignamati. Með lækkunum á álagningarhlutföllum fasteignagjalda vildu sveitarfélögin því koma í veg fyrir að fasteignagjöldin hækkuðu umfram verðlag, eins og segir í tilkynningum um lækkanirnar.

Svo er ekki í Reykjavík. Þar standa álagningarhlutföllin í stað eins og kynnt hafði verið fyrir jól. Þrátt fyrir það hækkar fasteignamat í Reykjavík um tólf prósent á íbúðarhúsnæði og tuttugu prósent á atvinnuhúsnæði, sem er meira en búist var við. Þá hækkar sorphirðugjald um þriðjung og vatnsskattur fylgir vísitölu byggingarkostnaðar sem hækkar um 6,3 prósent.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði í nóvember, þegar ákveðið var að álögur yrðu óbreyttar, að í staðinn yrði fjármunum varið í sértækar aðgerðir í húsnæðismálum fyrir þá sem verst standa.

Álftnesingar hækka einir álögurnar. Skattprósenta á íbúðarhúsnæði stendur í stað en hækkar um þriðjung á atvinnuhúsnæði. Þá hækkar einnig sorphirðu- og vatnsgjald. stigur@frettabladid.is



**DÝRT HÚSNÆÐI** Fasteignamat á húsnæði í Reykjavík hækkaði meira um áramótin en við var búist. Þrátt fyrir það voru fasteignagjöld ekki lækkuð, ólíkt því sem gert var í flestum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

### ÓLÍKAR BREYTINGAR Á ÁLÖGUM

Skattur á íbúðarhúsnæði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | Stendur í stað | Hafnarfjörður | Um 11% lækkun |
| Kópavogur | 25% lækkun | Álftanes | Stendur í stað |
| Garðabær | Um 8% lækkun | Mosfellsbær | Rúmlega 2% lækkun |
| | | Akranes | Um 15% lækkun |

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagastofnun
Málstofa

Stjórnskipuleg staða forseta Íslands

Er æskilegt að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar um forsetann?

Miðvikudaginn 23. janúar kl. 12:15 – 13:30
Lögberg, stofa 101

Ólafur Þ. Harðarson
prófessor í stjórnmálafræði



Birgir Ármannsson
alþingismaður



Málstofunni stýrir
Eiríkur Tómasson
prófessor



Allir velkomnir
Nánari upplýsingar á www.lagadeild.hi.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Þjónusta og samstarf fimm sjúkrastofnana á suðvesturhorni stóraukin:

# Vilja tryggja rými Landspítalans

**HEILBRIGÐISMÁL** „Með samningnum verður álagið á heilbrigðisstofnunum jafnað,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, um samning fimm sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana á suðvesturhorninu sem gerður var í gær.

Samningurinn felur í sér að verkefni verða færð frá Landspítalanum til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Sjúkrahússins á Akranesi, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, St. Jósefsspítala og Sólvangs í Hafnarfirði og er vonast til þess að hann verði til þess að tryggja rými bráðaþjónustu Landspítalans. Þá er markmiðið einnig að stuðla að betri nýtingu fagþekkingar á öllum stofnunum, að heilbrigðisþjónusta verði veitt frekar í heimabyggð og að rafræn samskipti milli heilbrigðisstofnana aukist. Segist Magnús vonast sérstaklega til þess að verulega dragi úr svokölluðum gangainnlögnum, sem starfsfólk Landspítalans hefur ítrekað þurft að grípa til vegna skorts á rýmum. Með eflingu á starfi annarra sjúkrastofnana verður hægt að nýta rými þar betur og draga þar með úr álagi á Landspítala.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**



**MAGNÚS PÉTURSSON**

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra bendir þá á að samkomulagið geri ráð fyrir að þjónusta stofnana verði efld verulega en á Akranesi verður til að mynda gert ráð fyrir að rúmlega 100 nýir sjúklingar bætist þar við árlega. - kdk




VBS FJÁRFESTINGARBANKI BORGARTÚNI 26 105 REYKJAVÍK SÍMI 570 1200 FAX 570 1209 WWW.VBS.IS

VBS FJÁRFESTINGARBANKI

Orkuveita Reykjavíkur

# Er þetta ekki orðið ágætt?

Skiptu yfir í boðgreiðslur

Óþarfa gluggapóstur finnur sér leið inn á of mörg heimili í dag. Á tímum rafrænna greiðslna og vefvæðingar ætti gluggapóstur fyrir löngu að vera leifar gamals tíma, sóunar og óskynsemi. Svo ekki sé minnst á umhverfisspjöllin.

Með því að fara inn á www.or.is/bodgreidslur getur þú lagt þitt af mörkum til umhverfisverndar og borgað reikningana þína með boðgreiðslum. Enginn pappír, enginn gluggapóstur, ekkert vesen.




• Ef allir viðskiptavinir OR skipta yfir í boðgreiðslur sparast 7068 kg af pappír á ári eða 295 tré.

www.or.is


## Kröfu Novators um stjórnarsæti í Elisa hafnað:

# Meirihluti gegn Novator

**VIÐSKIPTI** „Þetta er í samræmi við það sem við bjuggumst við, en þetta endar ekki með þessum fundi,“ segir Orri Hauksson, talsmaður Novators í Finnlandi.

Kröfu Novators, félags Björgólfs Thors Björgólfssonar, um að fá tvo menn í stjórn finnska fjarskiptafélagsins Elisa var hafnað á fjölmennum hluthafafundi sem haldinn var í skautahöllinni í Helsinki í gær.

Handhafar 53 prósenta hlutafjár greiddu atkvæði gegn tillögu Novators.

Björgólfur Thor segir í fréttatilkynningu að það komi á óvart „að finnskir fjárfestar vilji standa í vegi fyrir því að langstærsti hluthafi í félaginu, með 47% atkvæða á bak við sig, eigi sæti í stjórn“.

Novator er stærsti einstaki hluthafinn og ræður einn og sér yfir um 15 prósentum atkvæða.

Novator krafðist hluthafafundarins í gær. Auk stjórnarsæta vildi félagið einnig breyta samþykktum Elisa, en féll frá þeirri kröfu fyrir fundinn.

Orri Hauksson segir að áfram verði sóst eftir stjórnarsæti. Stutt sé þangað til aðalfundur félagsins verði haldinn. Hugsanlega verði þá búið að semja um sætið.

- ikh

## HB Grandi dregur saman seglin á Akranesi:

# Um sextíu starfsmönnum sagt upp

**SJÁVARÚTVEGUR** Um sextíu starfsmönnum í landvinnslu HB Granda á Akranesi verður sagt upp um næstu mánaðamót vegna gagngerra breytinga á landvinnslu fyrirtækisins. Tuttugu starfsmenn verða endurráðnir til að starfa við flakavinnslu og loðnuhrognavinnslu í sumar. Ástæðan fyrir breytingum á landvinnslu fyrirtækisins er skerðing aflamarks í þorski.

Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, segir að ákvörðun HB Granda sé reiðarslag fyrir bæjarfélagið. „Ég held að forsvarsmenn fyrirtækisins séu að gera mikil mistök, og ég harma þetta mjög. Frá fyrirtækinu eru þeir að missa mikinn mannauð; mikla þekkingu. Þetta fólk hefur áratuga reynslu við fiskvinnslustörf.“

Gísli segir að bæjaryfirvöld muni verða þeim sem missa vinnuna innan handar við atvinnuleit og bindur vonir við að störf sé að hafa í verksmiðjunum á Grundartanga.

Sérstaklega lítur Gísli þá til starfa fyrir fjölda kvenna sem missa vinnuna í HB Granda.



**FRÁ AKRANESI** Mikið áfall fyrir atvinnulífið á Akranesi.

Á heimasíðu HB Granda kemur fram að forsvarsmenn gera sér grein fyrir að uppsagnirnar séu alvarleg tíðindi fyrir fjölda fólks og harmar að til þessa þurfi að koma. Stjórnendur HB Granda munu eftir megni liðsinna fólki við að komast í vinnu annars staðar.

- shá




# 4x4
## DAGAR HJÁ KIA




## Tveir góðir 4x4

Kynnum frábæru jeppana frá KIA, Sorento og Sportage, sem hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda og henta einkar vel við íslenskar aðstæður. Sorento jeppinn er einn vinsælasti jeppi landsins og Sportage fylgir honum fast á eftir. **Kynntu þér nýtt og breytt útlit á Sportage með 7 ára ábyrgð.**

**Komdu á 4x4 daga** og reynsluaktu frábærum jeppum við ekta íslenskar aðstæður hjá KIA Laugavegi eða umboðsmönnum KIA um land allt.

**Umboðsmenn KIA um land allt:**

- Akranes - Bilás Bílasala Akranes
- Ísafjörður - H.V. Umboðsverslun ehf.
- Reyðarfjörður - HEKLA Austurland
- Akureyri - Höldur hf.
- Reykjanesbær - K. Steinarsson
- Selfoss - Bílasala Selfoss

EURO2008 Austria-Switzerland · KIA MOTORS Official Partner

***KIA*** á Íslandi er í eigu HEKLU
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



# Nú kemur þetta mánaðarlega

Sparisjóðurinn býður nú viðskiptavinum sínum upp á **SP12**, hávaxta sparnaðarleið í Heimabankanum, sem felur í sér mánaðarlegar vaxtagreiðslur. Reikningurinn er óverðtryggður og óbundinn og fara vextir eftir innstæðu hans. Fjárhæðin er ávallt laus til útborgunar og millifærsla í Heimabankanum er gjaldfrjáls. **SP12** er frábær kostur fyrir þá sem vilja sjálfir halda utan um sinn sparnað.

Fíton/SÍA

SPARISJÓÐURINN

www.spar.is


Áhyggjufullur skólastjóri á Álftanesi:

# Nemum fjölgar en skólastofum fækkar

**MENNTAMÁL** Sveinbjörn Markús Njálsson, skólastjóri Álftanesskóla, segir ákvörðun bæjarstjóra um að fjarlægja tvö kennsluhús á meðan byggt er við skólann munu valda verulegu óhagræði á næsta skólaári.

Sveinbjörn sagði í bókun á fundi skólanefndar að í nemendur Álftanesskóla væru 450 í dag og að skólinn nýtti bæði húsin sem ætti að fjarlægja. Næsta ár yrðu nemendur orðnir 485. „Þannig skýtur það skökku við að á sama tíma og nemendum skólans fjölgar er rými skólans til skipulagningar skólastarfs minnkað,“ bókaði Sveinbjörn. Skólanefndin vonast eftir lausn á málinu. - gar



SVEINBJÖRN MARKÚS NJÁLSSON



**STJÓRNARHERMENN Á SRÍ LANKA** Átökin hafa staðið í meira en þrjátíu ár milli stjórnarhers Srí Lanka og Tamílatígranna. Árásum hefur farið fjölgandi eftir að vopnahléssamningar gengu úr gildi á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Staðan getur breyst hratt

**Tveir starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands starfa enn á Srí Lanka þrátt fyrir uppsögn vopnahléssamninga. Ástandið er metið dag frá degi og starfsmenn forðast hugsanleg skotmörk.**

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** „Það er ekki verið að grípa til neinna aðgerða hvað þetta varðar, að kalla fólk heim eða neitt slíkt. En staðan getur breyst mjög skyndilega,“ segir Árni Helgason, umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ), á Srí Lanka. Vopnahléssamningur stjórnvalda á Srí Lanka og Tamílatígranna gekk úr gildi um miðja síðustu viku og segir Árni engan vita hvað gerist á næstu dögum og vikum.

„Við ræðum hlutina í ljósi atburða síðustu daga, vikna og mánaða en það hafa engar ákvarðanir verið teknar um breytingar á okkar starfsemi hér, enn sem komið er.“

Með Árna býr fjórtán ára gömul dóttir hans sem gengur í skóla þar sem fjögur hundruð börn frá 40 þjóðlöndum stunda nám. Skólayfirvöld fylgjast einnig vel með stöðu mála. Aðspurður hvort uppsögn vopnahléssamningsins hafi áhrif á störf þeirra segir Árni fáa hafa borið virðingu fyrir samningnum undanfarið svo þetta hafi væntanlega ekki miklar breytingar í för með sér. „En hlutirnir geta breyst mjög skyndilega og þá verður brugðist við því.“

Árni hefur búið í höfuðborginni Colombó í þrjú ár og segir að á því tímabili hafi sprengjur sprungið með reglulegu millibili. „Auðvitað er ákveðin hætta að búa á svona svæði en til þessa hefur þessu verið beint að hernaðarlegum skotmörkum eða stjórnsýslu þannig að borgarar hafa ekki verið skotmörkin.“ Hann segir hin eiginlegu átök vera norðar í landinu og eftir að vopnahléinu lauk hafi átök harnað. „Á öllu þessu þrjátíu ára tímabili hefur þessu aldrei verið beint gegn erlendum borgurum eða fulltrúum erlendra ríkja og það er ekkert sem bendir til að það sé að breytast,“ svarar Árni spurður hvort þau séu nú í meiri hættu en áður.

Árni segir þau sýna almenna varúð og samráð sé milli norrænu sendiráðanna þriggja, þess íslenska, norska og sænska.

„Síðan forðumst við hugsanleg skotmörk eins og til dæmis hernaðarmannvirki og opinberar byggingar.“

Samvinna Íslands og Srí Lanka er fyrst og fremst í fiskveiðum. „Þetta er mjög fátækt fólk sem margt varð mjög illa úti í flóðunum árið 2004 og við erum að byggja upp aðstöðu í fiskiþorpum.“ Srí Lanka er eitt af sex samstarfslöndum Íslendinga í tvíhliða þróunarsamvinnu.

Með Árna starfar Gunnar Þórðarson, verkefnastjóri fiskimála, í sendiráðinu í Colombó auk fjögurra heimamanna.

olav@frettabladid.is



„Auðvitað er ákveðin hætta að búa á svona svæði en til þessa hefur þessu verið beint að hernaðarlegum skotmörkum.

ÁRNI HELGASON UMDÆMISSTJÓRI

# Lokadagar!



# ÚTSALA

# 50%

**Afsláttur af öllum vörum**

**ath. eingöngu í kringlunni**

*herra*
**GARÐURINN**
*-klæðir þig vel*

KRINGLAN
568 9234

## „ORÐRÉTT“

### *Ha?*

**„Við eigum ennþá góðan möguleika á að ná markmiðum okkar á mótinu.“**

ALFREÐ GÍSLASON LANDLIÐSÞJÁLFARI. HANN SAGÐIST FYRIR MÓTIÐ STEFNA Á VERÐLAUNASÆTI.

**Morgunblaðið 21. janúar.**

### *Bara ekkert í fréttum*

**„Óvenjuslæm gúrkutíð í vetur“**

FYRIRSÖGN Í FRÉTTABLAÐINU UM VIÐVARANDI SKORT Á INNLENDUM GÚRKUM.

**Fréttablaðið 21. janúar**

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** HEIÐAR GUÐNASON, FORSTÖÐUMAÐUR SAMHJÁLPAR

# *Guð er ekki brúnaþungur karl á skýi*



„Ég er nú bara úti í Toronto í Kanada og akkúrat núna staddur í bókabúð,“ segir Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar, þegar hann er spurður út í hvað sé helst í fréttum.

„Ég er á þriggja vikna námskeiði þar. Námið er nokkuð margþætt en ætlað leiðtogum í starfi sem kennir sig við Krist. Ég er meðal annars að athuga kenningar um kærleika guðs til mannanna, á hverju kristin trú byggir og hvernig hún snertir fólk.

Í gegnum aldirnar hefur guð verið útmálaður sem fjarlægur brúnaþungur karl á skýi sem dæmir mennina harðlega. Það er samt ekki þannig; Guð horfir með kærleika yfir jörðina og þráir að sýna hverjum og einum kærleika, sama af hvaða kyni hann er, stétt, kynþætti og kynhneigð. Það er mjög gott fyrir kennimenn eins og mig að minna mig á hvað guð stendur fyrir og að hann sendi ekki son sinn í heiminn til að dæma hann heldur til að frelsa hann. Hlutverk kennimanna verður því aldrei að dæma heldur aðeins að koma sjónarmiði guðs á framfæri til mannanna og í því felst kærleikurinn.“

## GÚRKAN:
### AF GRASKERSÆTTINNI



Gúrkuplantan er einær jurt af graskersættinni. Af gúrkum eru einkum tvær megingerðir í ræktun, annars vegar hefðbundnar gúrkur og hins vegar þrúgugúrkur. Ræktun hefðbundinna gúrkna hófst hér á landi upp úr 1925 og hér eru ræktaðar gúrkur árið um kring. Heildarframleiðslan á gúrkum var um 1.000 tonn árið 2004 en ekki tekst að svara eftirspurn með innlendum gúrkum yfir svartasta skammdegið.

**Heimild: www.islenskt.is**










# Teiknuðu og sömdu á ka

**Listileg plastmál með líflegum teikningum eiga sitt pláss í Karphúsinu, húsnæði ríkissáttasemjara við Borgartún, eftir samningalotuna 2000-2003. Á þessum málum hafa samningamenn fengið útrás fyrir hugsanir sínar í erfiðum samningalotum og út úr því koma skemmtilegar myndir og smellnar vísur.**



**FJÖLBREYTILEGT YRKISEFNI** Viðfangsefnið á kaffimálunum er fjölbreytilegt, gjarnan myndir af stjórnmálamönnum og vísur, hestamyndir og landslagsmyndir. Á myndinni af Davíð segir: „Ég sem sögur og yrki ljóð/þó er ég ekki ör-yrkinn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

*Nóg af karpi, þrefi og þrasi*
*þykir okkur vera stundum.*
*Þá er mál að glens á glasi*
*gleðji fólk á kjarafundum.*
(Höfundur: Haraldur Haraldsson skólastjóri)

Listrænir kraftar leynast hjá samningamönnum á vinnumarkaði, það sannast á teikningum, vísum og listilegum plastmálum sem er að finna í Karphúsinu. Þar vekja athygli hátt í fimmtíu kaffimál úr frauðplasti uppi á hillu. Á þessum málum hafa samningamenn fengið útrás fyrir hugsanir sínar í samningalotum og út úr því koma skemmtilegustu myndir og smellnar vísur sem gjarnan tengjast kjarasamningum og því sem efst var á baugi þegar teiknað var á bollann.

### Ekki ör-yrkinn

Elísabet Ólafsdóttir, skrifstofustjóri hjá ríkissáttasemjara, hefur haldið listaverkunum til haga. Hún segir að áður fyrr hafi samningamenn gjarnan spilað á spil í samningalotunum en um og upp úr 2000 hafi þeir byrjað að teikna og semja vísur á plastmálin. Í fyrstu hafi þeim verið raðað upp á rauðan vegg í Karphúsinu en bollarnir hafi stundum fokið niður og því hafi hún sett hrísgrjón í þá til að halda þeim kyrrum.

„Í einhverri hreingerningunni voru bollarnir settir upp á hillu,“ segir Elísabet, „en kannski tek ég þá fram núna. Þetta eru listaverk sem ég tími ekki að henda.“

Þegar safnið er skoðað má til dæmis sjá mál með teikningu af Davíð Oddssyni og þessum texta:

*Ég sem sögur og yrki ljóð*
*þó er ég ekki ör-yrkinn*

Haraldur Haraldsson, skólastjóri í Lækjarskóla, kannast við þetta verk en hann sat í samninganefnd skólastjóra. „Öryrkjar hafa örugglega verið að atast í Davíð Oddssyni í blöðum á þessum tíma og ég hef verið að lesa um það í blöðunum. Þarna er ég að höfða til þess að öryrkjar hafa ekki verið kátir með hann í sambandi við greiðslur. Það var í þá daga. Í dag ræður Davíð vöxtunum,“ segir Haraldur.

Hann segir að fyrst og fremst hafi verið teiknað til að létta andrúmsloftið og gefa lit í hversdagsleikann. Hann segir að oft hafi verið langar setur og næturvinna „og þá gerðu menn þetta til að skerpa hugsun sína, það voru frauðglös þarna og menn urðu að hvíla andann. Við vorum að senda á milli okkar, ég, Kári Arnórsson, fyrrverandi skólastjóri Fossvogsskóla, og Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins. Svo festist þetta á bolla.“

*Menn segja um launanna fræði*
*að lækkanir gerast í öl-æði*
*Víst hef ég sannað*
*um samning og annað*
*að undarleg er sú hagfræði*
(Höfundur einn af samningamönnum í Karphúsinu)

### Aldrei neinar málaflækjur

Sigurjón Vigfússon, trúnaðarmaður hjá Alcan, kannast við að hafa tekið þátt í leiknum í Karphúsinu. Hann segir að kennararnir hafi byrjað á því að yrkja og teikna á mál og hann hafi svarað. Hann hafi teiknað sveitabæi og sett atburði dagsins í samhengi við Íslandssöguna. „Kaffið var drukkið frammi í Karphúsinu. Ég gerði mál þegar ég sá að nýtt mál var komið á hilluna. Þarna voru samningamálin og svo voru þessi mál. Þetta voru mál málanna. En þetta fór aldrei í neinar málaflækjur,“ segir hann.

Sigurður Tr. Sigurðsson, fyrrverandi formaður Hlífar, á einnig vísur í Karphúsinu. Hann segist yrkja vísur sem séu allt frá því að vera djarfar upp í það að búa til sálma þegar hann sé í andlegum stellingum. Sigurður ber hag láglaunafólks á Íslandi fyrir brjósti og lumar hér á tveimur úr Karphúsinu sem hann segir svar við tilboði Vinnuveitendasambands Íslands um launahækkanir 6. mars 1997:

*Allt of lítið, allt of lágt*
*og lúsarlega boðið.*
*Tilboðið er smærra en smátt*
*smánarlegt og loðið.*

*Vel þeir skenkja sjálfum sér*
*og sínum frændum gefa,*
*en almenningi ætlað er*
*að éta skít úr hnefa.*



**MÁL MÁLANNA** „Ég gerði mál þegar ég sá að nýtt mál var komið á hilluna. Þarna voru samningamálin og svo voru þessi mál. Þetta voru mál málanna,“ segir Sigurjón Vigfússon, trúnaðarmaður hjá Alcan.



**ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR** Tímir ekki að henda bollunum.



**HARALDUR HARALDSSON** Rissað á bolla til að skerpa hugsun sína.



**SIGURJÓN VIGFÚSSON** „Fór aldrei í neinar málaflækjur.“



**SIGURÐUR TR. SIGURÐSSON** Yrkir jafnvel sálma.

ghs@frettabladid.is

Þess minnst að mannréttindastefna borgarinnar var sett:

# 16. maí helgaður mannréttindum

Borgarráð hefur samþykkt tillögu mannréttindaráðs borgarinnar um að 16. maí verði framvegis mannréttindadagur Reykjavíkurborgar.

Þann dag árið 2006 samþykkti borgarstjórn mannréttindastefnu borgarinnar og í kjölfarið var mannréttindanefnd sett á laggirnar um leið og jafnréttisnefnd var lögð niður. Nefndinni var síðar breytt í ráð.

Á mannréttindadeginum verður mannréttindaverðlaunum Reykjavíkurborgar úthlutað. - bþs



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR




# ffimálin

## LJÓÐ ÚR KARPINU

**Tilkynning til samninganefndar ÍSAL**

Hér erum við Hlífarmenn mættir
höfðingjar langt fram í ættir.
Engin úrtölusvör
eða undirmálskjör,
hér duga ef nást eiga sættir.

**Launamunur**

Stærri hlutur verkafólksins væri
og varanlegri ef sú yrði raunin,
að hæsta kaupið aldrei hærra færi
en 100% umfram lægstu launin.

Þá legðist af sá ljóti íhaldssiður
að lægsta kaupið ekki hækka mætti
og nirfilsháttur allur félli niður
með núverandi nískupúkahætti.

Strax og hæstu launin hækkun fengju,
hækka bæri lága kaupið líka,
þó af göflum eflaust ýmsir gengju
og geðill yrði gömul valdaklíka.

**Í tilefni af þriggja mánaða seinagangi hjá Launanefnd sveitarfélaga varðandi kjarasamningsgerð við Verkalýðsfélagið Hlíf og Samiðn, sendi Sigurður Tr. Sigurðsson, fyrrverandi formaður Hlífar, nefndarmönnum þetta viðurkenningarskjal, með von um að menn „þoli við nokkra fundi án þess að fljúga heim“:**

(29. mars 2001)

Ársfjórðung þið hafið eytt
og ósköp lítið unnið.
Hugann að því hef ég leitt
hvort til verka kunnið.

Ykkur vil ég vara við
verulegum háska,
að úti er um allan frið
eftir næstu páska.

Hættið flökti til og frá,
flest þá betur gengur
því biðlund okkar bresta má,
við bíðum ekki lengur.

**Til Launanefndar sveitarfélaga**
(Um launakjör 2001)

Til árangurs hann ekki er
ykkar vinnuháttur,
hvimleið seinkun sýnist mér
og stanslaus undansláttur.

Fyrst er tafið, svo er treint,
tvístígið og gaufað.
Allt sem seinkar er hér reynt
og áfram síðan paufað.

Einn er gjarnan öðru í,
annar er til vara.
Þriðji þarf að fara í frí,
fjórði er hér bara.

Ykkar slugs og sífelld bið
strik í reikning setur.
Haustverkin þið hangið við
og hummið fram á vetur.

Ei mér litist á þann sið
ef allir ynnu svona.
Undantekning eruð þið
ætla ég að vona.

Úr safni Sigurðar Tr. Sigurðssonar, fyrrverandi formanns Hlífar í Hafnarfirði.

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ




Hvert viltu fara?

Minneapolis

á 15% afslætti í dag*

Ferðadagar Icelandair og Hagkaupa frá 17.–27. jan.

**6. dagur – 6. útkall**
Minneapolis á Hagkaupsverði
**Kauptu miða á www.icelandair.is í dag og aðeins í dag.**

**50 FERÐAVINNINGAR**
Allir kassastrimlar eru happdrættismiðar. Neðst á strimlinum er 7 stafa númer. Þú ferð inn á www.icelandair.is og slærð þar inn númerið og færð samstundis svar við því hvort þú hafir dottið í lukkupottinn.

**Hafið sætisólarnar spenntar**
Við kynnum 24 spennandi áfangastaði Icelandair árið 2008, helgarferðir, sumarævintýri og sérferðir. Nýr ferðabæklingur Icelandair, **Mín borg**, liggur frammi í öllum verslunum Hagkaupa.

**Þetta er verslunarstjórinn sem talar**
Full búð af spennandi Duty Free tilboðum. Duty Free tilboð á sælgæti og fleiru.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

* Í dag, 22. janúar, bjóðum við 15% afslátt af öllum fargjöldum á Best Price og Economy fargjaldaflokkum til Minneapolis. Ferðatímabil er til og með 31. desember 2008.

WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 39977 01/08




ENNEMM / SÍA / NM31420



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt í því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 -




Um leið og við bjóðum væntanlega viðskiptavini velkomna í skemmtilegt samstarf, viljum við bjóða núverandi viðskiptavinum að koma og kynna sér nýjungarnar og hver veit nema einhver af verkstjórunum okkar, þeir Gulli, Kári eða Kristján, skreppi með þér út að skipta um peru eða þurrkublað.

Kveðja frá þjónustudeild.

Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvers eiga íbúar höfuðborgarinnar að gjalda?

# Rugl í Reykjavík

JÓN KALDAL

Í gær var myndaður þriðji borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík á þeim tuttugu mánuðum sem eru liðnir frá því að kosið var til borgarstjórnar. Nýjar kosningar væru vissulega fýsilegur kostur í þessari dæmalausu stöðu, ef ekki væri óheimilt að ganga til kosninga fyrr en að loknu kjörtímabilinu. Borgarbúar sitja því uppi með kjörna fulltrúa sína fram til vors árið 2010 þegar næst verður kosið. Full ástæða er til að ætla að fram undan séu erfiðir tuttugu og átta mánuðir.

Þegar þetta er skrifað er ekki gott að sjá um hvað nýi meirihlutinn er stofnaður. Vissulega liggur fyrir málefnasamningur, en þar eru efst á blaði atriði sem ganga þvert á stefnu Sjálfstæðisflokksins. Allra efst er að ekki verði tekin ákvörðun um flutning Reykjavíkurflugvallar á kjörtímabilinu. Aðeins eru nokkrar vikur liðnar frá því að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðimanna í borgarstjórn, lýsti því afdráttarlaust yfir að það væri skoðun borgarstjórnarflokksins að flugvöllurinn ætti að fara úr Vatnsmýrinni.

Númer tvö á listanum er yfirlýsing um að leitað verði leiða til að varðveita 19. aldar götumynd Laugavegarins og miðborgarinnar eins og kostur er. Þetta þýðir á mannamáli að slegnar verða af hugmyndir um að gömul hús víki fyrir nýjum við Laugaveg. Margsinnis hefur komið fram að húsafriðun er meðal helstu hjartans mála næsta borgarstjóra, Ólafs F. Magnússonar. Og í þeim efnum hefur líka komið skýrt fram að hann vill engar málamiðlanir.

Hefur Ólafur meðal annars barist hart fyrir friðun húsanna númer 4 og 6 við Laugaveg, sömu húsa og sjálfstæðismenn voru samstíga um að ekki væri ástæða til að varðveita þegar þeir sátu síðast í meirihlutanum.

Í þessu samhengi er athyglisvert að rifja upp tólf daga gamla skoðanakönnun Fréttablaðsins um afstöðu borgarbúa til friðunar Laugavegar 4 og 6. Þar kom fram að minnstur vilji til að friða var einmitt meðal stuðningsfólks Sjálfstæðisflokksins og Frjálslynda flokksins, fjórtán prósent í fyrra tilfellinu og átján því síðara.

Ekki er enn séð fyrir endann á átökunum um Laugaveg 4 og 6, en ekki verður síður spennandi að sjá hver verða afdrif áætlana um uppbyggingu á þremur mun stærri reitum við Laugaveg. Það verður dýrt ævintýri ef borgin ætlar að leysa til sín allar þær eignir sem verktakar hafa fest kaup á í miðborginni.

Eftir þann vandræðagang sem þjóðin hefur orðið vitni að í stjórn höfuðborgarinnar, fyrst í haust og svo aftur nú, þegar innan við hundrað daga gamall meirihluti féll, er full ástæða til að staldra við og velta fyrir sér um hvað þátttaka í stjórnmálum snýst. Hellir fólk sér út í stjórnmálin til að vinna að sannfæringu sinni, eða til að komast á valdastóla, sama hvað það kostar? Það er ekki bölsýni að spá að borgarbúar muni fá fleiri tilefni til að velta þeirri spurningu fyrir sér áður en kjördagur vorið 2010 rennur upp.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Björn keypti föt

Enn er daunn í herbúðum Framsóknarflokksins eftir að Guðjón Ólafur Jónsson sprengdi þar fýlubombu á föstudagskvöld. Í stað þess að opna glugga og hreinsa loftið ákvað forysta flokksins hins vegar að halda að sér höndum og vonast til þess að málið gufaði upp af sjálfu sér. Þau viðbrögðin voru til lítils annars fallin en að skapa tortryggni og fnykurinn þvert á móti magnaðist. Spurt var hvort Björn Ingi Hrafnsson hefði keypt föt á kostnað Framsóknarflokksins fyrir kosningar. Framan af neitaði hann „að tjá sig efnislega“ um málið. Sjálfsagt átti hann þar við sjálfan vefnað fatanna því nú hefur Björn Ingi staðfest að hann keypti sannarlega föt upp á krít og Framsókn borgar brúsann.



### Og hvað með það?

En hvað olli þessari feimni? Í kosningum þurfa frambjóðendur að koma oft fram fyrir hönd flokks síns og því fylgja eflaust útgjöld. Hví skyldu stjórnmálaflokkar ekki greiða niður föt frambjóðenda sinna líkt og sjónvarpsstöðvar borga fréttamönnum fatastyrk? Er munur á því að flokkur kaupi föt fyrir frambjóðendur sína eða þeir ráði auglýsingastofu til að „fótósjoppa“ myndir af þeim?



### Þetta eru klaufar, Guðjón

Fyrst Guðjón Ólafur fór með rétt mál, hvers vegna gekk Björn Ingi ekki strax fram fyrir skjöldu og staðfesti það? Málið hefði þar með verið dautt á laugardaginn og sjálfsagt gleymt núna. Afgreiðsla Framsóknarflokksins á þessari atburðarás fer að minnsta kosti seint í kennslubækur sem vel heppnað dæmi um pólitíska kænsku. Sem felst stundum ekki í öðru en að gera strax hreint fyrir sínum dyrum. Gárungarnir uppskáru þó sitt; Guðjón Ólafur og Björn Ingi ganga nú víst undir nafninu hnífaparið.

bergsteinn@frettabladid.is

# Hvað á kennitalan að heita?



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Persónufrelsi

Stundum læðast breytingar svo hægt og hljótt inn í líf manns að maður tekur þær umhugsunarlaust fyrir sjálfsagðan hlut. Dæmi um þetta er notkun á kennitölum.

Þegar ég fer á snyrtistofu, myndbandaleigu, með myndir í framköllun, eða aðra staði þar sem ég kaupi þjónustu, þá gengur starfsmaður á viðkomandi stað að tölvunni, og með augun á skjánum segir hann: „Kennitala?“

Tónninn í röddin er fagmannlegur og felur bæði í sér spurningu og tilmæli um svar. Ég þyl upp tölurnar, hann slær þær jafnóðum inn og segir síðan: Jónína? og ég gengst við því.

Ég er sem sé ekki lengur kona sem heitir Jónína Kristbjörg og hefur tiltekna kennitölu. Ég er kennitala sem heitir Jónína. Númer.

Kennitölur voru teknar upp sem persónuauðkenni 1987/1988. Áður var notast við nafnnúmer. Kennitölur með persónuupplýsingum eru happafengur fyrir þá sem vilja fylgjast með neyslu fólks og hegðun eftir aldri og kyni. Margir hafa frá þeim tíma bent á að kennitölur væru notaðar óhóflega hér á landi. Hvað sem því líður, fer ekki á milli mála að almennt er það kennitalan en ekki nafnið manns sem tekið er gilt, hvar sem maður kemur.

Austurríkismaðurinn Viktor E. Franklín segir í bók sinni, Leitin að tilgangi, frá því hvernig persónur urðu að númerum í einangrunarbúðum þjóðverja á stríðsárunum. Yfirvöld hefðu aðeins haft áhuga á númerum fanganna sem voru tattóveruð á hörund þeirra. Ef vörður ætlaði að ákæra fanga leit hann aðeins á númerið hans og spurði aldrei að nafni.

Við erum ekki komin svona langt í að gera kennitölu hærra undir höfði en manneskjunni sjálfri en margt bendir til að við gætum verið á leiðinni að verða einhvers konar kennitöluþjóð.

Kannski má vænta þess að presturinn spyrji foreldrana við skírnarfontinn eftir nokkur ár: „Hvað á kennitala 010120 1234 að heita?”

### Persónulegt frelsi og sjálfstæði

Persónulegt frelsi og sjálfstæði er dýrmæt eign. Margir útlendingar sem eru að furða sig á margumtalaðri útrás Íslendinga í fjárfestingum og umsvifum, tala bæði um dirfsku, áræði og hæfileika til að laga sig hratt að breyttum aðstæðum, en einnig um hvað okkur er margt til lista lagt. Ætla mætti að eyþjóð sem ekki er fjölmennari en úthverfi í evrópskri borg væri einsleitari en raun ber vitni. Við erum enn fiskveiðiþjóð með merkan bókmenntaarf, en fiskurinn er ekki lengur í miðju allrar afkomuviðmiðunar í umræðu dagsins. Fréttir af aflabrögðum hafa vikið fyrir fréttum af stöðunni á fjármálamörkuðum innan lands og utan.

*Kennitölur voru teknar upp sem persónuauðkenni 1987/1988. Áður var notast við nafnnúmer. Kennitölur með persónuupplýsingum eru happafengur fyrir þá sem vilja fylgast með neyslu fólks og hegðun eftir aldri og kyni.*

Við höfum nýtt okkur velmegun síðustu áratuga til að mennta okkur og þjálfa í samræmi við eigin hæfileika og áhugamál í stað þess að líta eingöngu til afkomumöguleika og þeirra atvinnugreina sem fyrir voru.

Það er hreint ekki þróttur íslenskra fjármálamanna eingöngu sem vekur athygli víða um heim, heldur einnig fólk í bókmenntum, myndlist, tónlist, hönnun og kvikmyndagerð sem er að gera sig gildandi á alþjóðavettvangi.

Fjölbreytileiki og mismunandi skoðanir bera lifandi hugsun vitni. Það eru forréttindi að búa í samfélagi þar sem það er sjálfsagður hlutur, þótt maður eigi náttúrulega alls ekki að taka því sem sjálfsögðum hlut!

### Hús hér og þar

Þó að við séum einstaklingshyggjuþjóð í þeim skilningi að við treystum okkur í eitt og annað og sem aðrir myndu setja í nefnd, er ýmislegt í kringum okkur í dagsins önn sem ýtir undir hjarðeðlið. Vera við sjálf, en samt eins og hinir. Skera okkur úr, en samt ekki of mikið.

Varðveisla gamalla húsa og húsagerð almennt hefur verið til umræðu upp á síðkastið. Augljóst má vera að húsbyggingar, eins og annað manngert í umhverfinu, eru ákveðin skilaboð til uppvaxandi kynslóðar á hverjum tíma. Umræða um skort á samræmi í lit og lögun húsa hér á landi kemur alltaf upp öðru hvoru. En þegar maður er búinn að aka um nokkur lönd í Evrópu fram hjá hverju þorpinu eða bænum á eftir öðrum þar sem öll hús eru eins á litinn og ekkert þak sker sig úr, er það gleðiefni að horfa yfir þökin í Reykjavík úr flugvélinni, með mismunandi lit og lögun. Og maður fyllist þakklæti og hrifningu þegar komið er heim í allar þessar götur með húsum sem hafa eigin karakter, rétt eins og fólkið sem í þeim býr.

# Gjafabréf á vegum úti

**UMRÆÐAN**

Bifreiðatryggingar



INGÓLFUR SVERRISSON

Tryggingafélagið mitt (Sjóvá) sendi mér gjöf á dögunum. Hún felst í því að veita tiltekna þjónustu ef bíllinn bilar eða verður bensínlaus. Tvennt í texta gjafabréfsins frá félaginu vakti sérstaka athygli mína:

Í fyrsta lagi að bíll hafi þann sjálfstæða vilja að hefta för mína ef hann bilar eða bensín þrýtur. Þetta birtist glöggt í gjafabréfinu þar sem segir: „Hefti bíllinn för þína með bilunum, sprungnu dekki, bensín- eða straumleysi geturðu hringt í síma 440 2222 og fengið aðstoð umsvifalaust.“ Það er auðvitað grafalvarlegt þegar bíllinn minn góði tekur upp á því að verða bensínlaus eða bila og hefta þannig för mína. Þá er gott að eiga góða að sem greiða för bílsins og væntanlega mína um leið.

Í annan stað vakti athygli mína sú skilgreining að þessi þjónusta eigi við þegar viðkomandi er „á vegum úti“ og sérstaklega tekið fram að átt sé við höfuðborgarsvæðið, Reykjanes, Árborg og Akureyri. Hingað til hefur það verið kallað að aka eða vera á vegum úti þegar fólk er úti á landi og komið langt frá þéttbýlissvæðum eins og þeim sem að ofan getur. Hér er því búið að snúa merkingunni á haus og er það í fullu samræmi við þau undur að bílar hafi sjálfstæðan vilja og hefti för með þeirri ósvinnu að bila eða sýna þá ótukt að verða orkulausir þegar verst gegnir. Ég verð því að játa að sjálfur er ég algjörlega vegvilltur eftir lestur gjafabréfsins góða.

Auðvelt er að fyrirgefa yfirspenntan stíl og villandi orðalag en hitt er verra þegar tryggingafélag mitt er að verja iðgjöldunum til þess að bjarga þeim bílaeigendum sem kunna ekki fótum sínum forráð hvort sem þeir eru á vegum úti eða í þéttbýli. Að mínum dómi væri nærtækara að lækka gjöldin.

*Höfundur er bíleigandi.*










40-70% afsláttur

hjá Hafnhildi

• Engjateigi 5
• Sími: 581 2141

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 10-16










Rósa Guðmundsdóttir æfir taichi hjá Heilsudrekanum og segir það góða leið til að vekja líkamann á morgnana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# List sem styrkir líkamann

***Rósa Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu, skipti úr karate yfir í taichi.***

„Ástæðan fyrir því að ég fékk áhuga á bardagaíþróttum var sú að elsti sonur minn átti erfitt með að læra að lesa og ég fór að hugsa hvaða íþróttir gætu hjálpað honum að tengja saman hug og hönd. Ég fór með hann á karateæfingar og heillaðist af þessari hugarró og þessum aga sem er í kringum þetta og á innan við ári var drengurinn orðinn læs,“ segir Rósa en hún æfði sjálf karate í mörg ár áður en hún færði sig yfir í taichi-leikfimina.

„Ég hafði verið í karate í fjölmörg ár og orðin kannski of gömul til að vera að banka fólk þannig að ég ákvað að finna mér eitthvað sem myndi henta mér betur, því þegar maður eldist hefur maður ekki eins mikinn tíma í keppnisíþróttir. Það sem heillaði mig mest við bardagaíþróttirnar var heldur ekki að berja fólk, heldur í rauninni að þetta er viss íhugun. Þú ert að hreyfa þig en þarft líka að hugsa um andlegt jafnvægi, og virðingin fyrir öðrum kemur fyrst fram þegar þú berð virðingu fyrir sjálfum þér,“ útskýrir Rósa og segir þetta vera mikla æfingu sem henti öllum sem vilji koma líkamanum í form.

„Þetta er mjúkt og tekur vel á en engar hvassar hreyfingar og þú slæst aldrei. Taichi er meira eins og listform en þetta styrkir allan líkamann og ég hef fengið harðsperrur frá litlu tá og upp í hvirfil. Þarna er gert ráð fyrir að hver og einn geri eins og hann getur og það þurfa ekki allir að vera steyptir í nákvæmlega sama mótið. Ef þú ert til dæmis með slæm hné ferðu ekki ofan í dýpstu hnébeygjurnar heldur bara eins og þinn líkami þolir.“

Rósa æfir taichi þrisvar í viku og segir það gera sér gott en hún vinnur kyrrsetuvinnu í menntamálaráðuneytinu. „Skrifstofumanneskja eins og ég er stíf í baki og öxlum og þetta hefur haft alveg gífurleg áhrif, mér finnst þetta auka sálarorkuna og vekja líkamann. Maður fær miklu meiri orku en maður eyðir og það finnst mér svo gott við þetta, svo fylgir þessu hugarró og lífsþróttur,“ segir Rósa að lokum.

*heida@frettabladid.is*






**Hunang** er gott að setja út í te þegar kvef og hálsbólga gera vart við sig. Það mýkir hálsinn og er betri kostur en hvítur sykur til að fá fram sætt og ljúffengt bragð. Einnig er gott að nota hunang í matargerð og bakstur og sumum finnst gott að nota það til náttúrulækninga.

## Tóbakslausi einstaklingur ársins

REYKSÍMINN OG LÝÐHEILSUSTÖÐ LEITA AÐ TÓBAKSLAUSA EINSTAKLINGI ÁRSINS 2008.



Reyksíminn og Lýðheilsustöð standa að verðlaunasamkeppninni Reyklaus 2008. Óskað er eftir sögum frá einstaklingum sem hafa hætt að reykja sem geta orðið öðrum hvatning til að gera slíkt hið sama. Samkeppnin er hluti af „European Smoke Free Awards 2008" sem Evrópuráð reyksíma stendur að. Vinningshafinn á Íslandi fær ferð á evrópsku verðlaunaafhendinguna í Amsterdam ásamt 100.000 krónum í gjaldeyri. Nánari upplýsingar um keppnina er að finna á vef Lýðheilsustöðvar, lydheilsustod.is.

*- ve*

## Náttverður viss gildra

HITAEININGARÍKAR MÁLTÍÐIR RÉTT ÁÐUR EN HÁTTAÐ ER GETA VERIÐ FITANDI.

Góður náttverður rétt áður en farið er í rúmið er vani sem er varasamur ef vigtin er óvinur. Reyndar er ekkert eitt klukkuslag á sólarhringnum sem ræður því hvenær líkaminn hættir að brenna en hitaeiningaríkir málsverðir seint að kveldi eru varasamir þeim sem ekki mega við því að bæta á sig og geta eyðilagt annars ágætan árangur í fæðuvali. Því telst hyggilegra að borða síðustu máltíð dagsins að minnsta kosti tveimur tímum áður en gengið er til náða.



# Ætla að láta verkin tala

***Eftir að læknar hurfu úr neyðarbílum eiga landsmenn líf sitt undir bráðatæknum. Bráðatæknar eru flestum kunnuglegir úr bandarískum spítalaþáttum en hvaða menntun býr að baki bráðatæknum?***




Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, segir bráðatækna fulla manngæsku og áhuga á að hjálpa náunganum. Þetta séu drífandi og dugmiklir ævintýra- og aksjónmenn með langa og mikla reynslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Bráðatæknar hafa verið hið minnsta sex til tíu ár í sjúkraflutningum, en áður en störf hefjast þurfa þeir að taka grunnnám sjúkraflutninga í Sjúkraflutningaskólanum og síðan neyðarbílsmenntun eftir þrjú ár," segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, sem sér um ráðningar bráðatækna.

„Eftir þessa grunnmenntun, auk starfsreynslu, geta menn sótt um að gerast bráðatæknar og þá veljum við einstaklinga úr hópi umsækjenda og sendum til Pittsburgh í Bandaríkjunum þar sem þeir sitja á skólabekk og eru í verklegri þjálfun á sjúkrabílum, bráðamóttöku og ýmsum deildum sjúkrahúsa í níu mánuði," segir Jón Viðar og útskýrir betur hvers vegna Pittsburgh varð fyrir valinu.

„Bráðatæknamenntun er upprunnin í Bandaríkjunum og hefur þróast um allan heim. Eftir ráðleggingar lækna hér heima ákváðum við að senda okkar menn til Pittsburgh því þar er mjög mikið að gera og borgin mjög þróuð hvað varðar heilbrigðisgeirann eftir að stáliðnaður í Pittsburgh gaf sig. Við höfum einnig miðað okkur við Seattle, sem hefur afskaplega góðan árangur í sjúkraflutningum, en í sjúkrabílum þar og almennt í Bandaríkjunum eru engir læknar í neyðarbílum," segir Jón Viðar og staðfestir að Pittsburgh bjóði upp á allt sem Íslendingar þekkja úr bíómyndunum, og meira til.

„Eftir námið vestra eru menn orðnir bráðatæknar og við höfum nú marga slíka. Þeir ganga nú inn í þetta nýja kerfi sem byggist á mjög öflugri fjarskiptaþjónustu við lækna og slysadeildir. Við erum jákvæðir gagnvart þessari þróun en því er ekki að leyna að við hefðum ekki verið tilbúnir í hana fyrir tíu árum vegna skorts á menntun á þessu sviði. Það er eftirsjá að læknum sem hafa verið með okkur í sjúkrabílum frá árinu 1981, en án þeirra værum við ekki eins vel í stakk búnir né eins vel menntaðir til starfans, því læknar hafa frá upphafi hvatt menn á sjúkrabílum til að gera enn betur og ganga þetta langt í menntun á sviði sjúkraflutninga," segir Jón Viðar og tekur undir að starf bráðatækna sé átakanlegt.

„Við erum svo lánsamir að til okkar veljast eingöngu menn sem hafa gífurlegan áhuga á því að hjálpa og aðstoða, og það einkennir bráðatækna að hafa til að bera þá miklu manngæsku sem einkennir heilbrigðisgeirann. Þetta eru ævintýra- og aksjónmenn sem eru fljótir að taka ákvarðanir og mjög drífandi og duglegir í því sem þeir gera. Starfið er gefandi og upp úr stendur að mönnum er ekki sama. Það hreyfir alltaf við öllum þegar eitthvað bjátar á hjá öðrum," segir Jón Viðar og leggur áherslu á að engin áhætta verði tekin á slysstað því bráðatæknar ráði vitaskuld ekki við allt.

„Við búum við stuttar vegalengdir og verðum í beinum fjarskiptum við lækna, ásamt því að geta alltaf fengið lækna á staðinn. Bráðaatvik í sjúkraflutningum snúast mikið um endurlífganir, að stöðva blæðingar og greina ástand sjúklings. Fólk þarf ekki að vera hrætt og okkur þykir miður hvað fólk hefur skapað neikvæða sýn á þessa breytingu en höfum einsett okkur að láta verkin tala og vera dæmdir út frá þeim."

*thordis@frettabladid.is*





Samkvæmt nýrri rannsókn virðist okkur að mörgu leyti í sjálfsvald sett hvort við bætum fjórtán árum við lífið. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Fjórtán ár í viðbót

***Lengja má líf sitt um allt að fjórtán ár með heilbrigðum lífsstíl samkvæmt nýrri rannsókn.***



Rannsóknin var gerð af Háskólanum í Cambridge og af Breska læknaráðinu á árunum 1993 til 2006 þar sem fylgst var með 20.000 einstaklingum á aldrinum 45 til 79 ára og lífsháttum þeirra.

Með því að borða nóg af ávöxtum og grænmeti, hreyfa sig, reykja ekki og drekka áfengi í hóflegu magni má lengja ævina um allt að fjórtán ár. Þeir sem ekki fylgdu neinum af þessum fjórum viðmiðum voru fjórum sinnum líklegri til að hafa látist á þessum áratug en þeir sem fylgdu öllum reglunum. Þó svo fátt sé nýtt undir sólinni hvað heilbrigða lífshætti varðar er athyglisvert hvernig tiltölulega einfaldar breytingar á lífsstíl geta lengt líf fólks umtalsvert.

Einnig vakti athygli að stétt og fjárhagur þátttakenda sem og líkamsþyngdarstuðull virtust engin áhrif hafa á lífslíkur. *- hs*

# Mikið álag á hnén

***Hnémeiðsl af völdum skíðaiðkunar eru algeng.***

Í Bretlandi þar sem skíðaferðalög njóta æ vaxandi vinsælda fjölgar hnémeiðslum mikið og þá sérstaklega hjá konum á miðjum aldri. Árið 1994 voru níu prósent íþróttameiðsla af völdum skíða- og snjóbrettaiðkunar en árið 2004 var hlutfallið 28 prósent.

Steve Bollen, bæklunarskurðlæknir á Bradford Royal-sjúkrahúsinu, segir meginástæðuna þá að fólk fari of geyst af stað og sé ekki í nægilega góðu formi. Í rannsókn sem Bollen gerði á 200 sjúklingum með meiðsl á borð við slitin liðbönd eftir skíðaiðkun kom í ljós að níu af hverjum tíu voru konur í kringum fertugt.

Tölur frá skíðasambandi Bretlands gefa til kynna að flestir sem haldi í skíðaferðir fari í innan við sjö daga í senn og 28 prósent segjast vera byrjendur.

Bollen segir mikilvægt að styrkja líkamann áður en farið sé af stað og segir einnig nauðsynlegt að huga að búnaðinum. Hann segir töluvert um að skíðaklossar gefi lítið sem ekkert eftir í falli, sem valdi miklu álagi á hnén. *- ve*



Konur á miðjum aldri eru líklegastar til þess að meiðast á hnjám á skíðum.

## Tómatsósan bjargar

TÓMATSÓSA OG TÓMATSAFI DRAGA ÚR KÓLESTERÓLI Í BLÓÐI.



Rannsóknir við Háskólann í Oulu í Finnlandi benda til að tómatsósa geti bjargað lífi fólks. Niðurstöður þeirra sýna að neysla á þrjátíu grömmum af tómatsósu eða 400 millilítrum af tómatsafa á dag lækkar kólesterólið í blóðinu umtalsvert. Vísindamenn við skólann hvetja því þá sem mælst hafa með mikið kólesteról til að auka neyslu þessara vara því eins og kunnugt er eykur mikið kólesteról í blóði hættuna á hjartaáfalli.

Þetta kemur fram í blaðinu Daily Express. *- gun*

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20 laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
24. janúar kl. 18.00 - 21.00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi
30. jan kl. 19:00-22:00
Heilbrigði og hamingja
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
31. jan kl.18:00 - 20:00
Heilsukostur - Kökur og eftirréttir
Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur
07. feb kl. 18.00 - 21.00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi

lífrænir safar
Yggdrasill



ICELANDYOGA.COM
WELLNESSICELAND.COM
Hugljómun og heilsa með Fosshótel
NÁMSKEIÐ
Jóga - Slökun - Hreinsun
Helgina 26. - 27. janúar 2008
Fosshótel Reykholti
www.icelandyoga.com / sími 435 1260

512 50 50 Auglýsingasími
– Mest lesið

PRÓTÍNBOMBUR!



Samkvæmt nýrri skýrslu Matís er harðfiskur enn hollari en áður var talið. Langhollasti þorramaturinn.
Fæst í Bónus
BÓNUS
GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita

**Orðabækur** geta oft komið sér vel í námi. Mikilvægt er að skrifa góðan texta þegar verkefni, ritgerðir og skýrslur eru unnar og orðabókin er þar veigamikið hjálpartæki.




NORDPLUS

**Menntaáætlun Nordplus**

## Opnunarráðstefna

**Norræna Húsinu**
**1. febrúar 2008**
**12:30 - 17:00**

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins, Landsskrifstofa Nordplus, býður til opnunarráðstefnu í tilefni nýrrar menntaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar, Nordplus.

Ráðstefnan er ætluð öllum skólum, stofnunum, félagasamtökum, fyrirtækjum, o.s.frv., sem vinna að menntamálum á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, á háskólastigi, og á sviði fullorðinsfræðslu og símenntunar; einnig þeim sem vinna að framgangi norrænna tungumála og menningar.

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 12:30-13:00 | **Skráning** |
| 13:00-13:10 | **Guðmundur Árnason,** ráðuneytisstjóri, Menntamálaráðuneytinu: *Opnunarávarp* |
| 13:10-13:25 | **Siv Lien,** Norrænu ráðherranefndinni: Ávarp |
| 13:30-13:50 | **Guðmundur Ingi Markússon,** Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins: *Kynning á Menntaáætlun Nordplus* |
| 13:50-14:15 | **Kynning á verkefnum styrktum af Nordplus** |
| 14:15-14:30 | **Kór Kársnesskóla** |
| 14:30-15:00 | **Kaffi og meðlæti** |
| 15:00-15:45 | **Vinnustofur** fyrir hverja undiráætlun: • *Junior* • *Voksen* • *Háskólastigið* • *Nordiske sprog og kultur* |
| 15:45-16:00 | **Ráðstefnuslit** |
| 16:00-17:00 | **Móttaka** |

**Fundarstjóri: Karítas Kvaran,** forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins

**Vinsamlegast skráið þátttöku rafrænt á heimasíðu Nordplus:**

**www.ask.hi.is/page/nordplus**

**eða í síma 525 4311.**




Þórarinn Eymundsson við kennslu á Hólum.
MYND/GUÐRÚN STEFÁNSDÓTTIR

# Á forsendum hestsins

***Þriggja helga reiðnámskeið fyrir atvinnumenn í hestamennsku er að hefjast á Hólaskóla um næstu helgi. Meistararnir Eyjólfur Ísólfsson og Þórarinn Eymundsson kenna.***

„Þetta er endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi tamningamenn og reiðkennara. Nú verður farið yfir nýjungar því eins og í öllum greinum er þróunin ör í hestamennskunni,“ segir Þórarinn inntur eftir efni námskeiðsins. Hann tekur fram að nám tamningamanna við Hólaskóla sé tveggja ára og reiðkennaranám taki þrjú ár, en hestamennskan sé margslungin og stöðugt sé hægt að bæta við sig þekkingu í henni. „Þetta fag er eilífðar viðfangsefni,“ segir hann. „Menn halda að það sé einfalt en í rauninni er hesturinn sífellt að koma okkur á óvart. Við erum alltaf að reyna að skilja hann betur og þjálfa hann betur út frá þeirri þekkingu.“ Þórarinn segir íslenska reiðkennara sækja námskeið til atvinnumanna erlendis og ekki endilega bara þeirra sem þjálfa íslenska hesta. „Hestur er alltaf hestur hvort sem hann er fæddur á Íslandi eða í Arabíu,“ segir hann. „Auðvitað hefur sá íslenski sérstöðu hvað varðar gangtegundir og ýmis einkenni en margt af því sem kennt er um meðferð og þjálfun annarra hestakynja á við hann líka. Upp úr 1970 fóru að berast áhrif frá Evrópu í hinni klassísku reiðmennsku og síðustu tíu til fimmtán ár hafa áhrif frá Bandaríkjunum verið að aukast, einkum á frumtamningar. Þar er átt við þjálfun sem byggist meira á forsendum hestsins en áður hefur þekkst.“ Spurður hvort um hestahvísl sé að ræða svarar Þórarinn: „Það lítur kannski þannig út í augum þeirra sem ekki þekkja til en þetta eru engir töfrar. Það tekur samt mörg ár að ná færni og leikni í þessum aðferðum.“

Þeir sem sækja námskeiðið á Hólum þurfa að hafa reiðskjóta með sér og fjöldi þátttakenda er takmarkaður við tólf. „Það eru bæði bóklegir fyrirlestrar og verklegar æfingar, bæði í litlum hópum og einkatímum en svo á almenningur kost á að fylgjast með. Menn geta keypt sig inn og fylgst með kennslunni af hliðarlínunni,“ segir Þórarinn að lokum. Nánari upplýsingar eru á www.holar.is

*gun@frettabladid.is*


KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

**Tungumálanámskeiðin eru að hefjast**

**10 vikna námskeið - 20 kennslustundir**
**Kennt er í byrjenda – framhalds – og talæfingaflokkum**

**ENSKA**
Enska I – II
Enska I – II frh
Enska III
Enska tal og lesh.

**DANSKA**

**NORSKA**

**SÆNSKA**
Sænska I – II
Sænska III

**FRANSKA**
Franska I
Franska tal og lesh.

**ÍTALSKA**
Ítalska I
Ítalska I frh

**SPÆNSKA**
Spænska I
Spænska I frh
Spænska II
Spænska II frh
Spænska III
Spænska IV frh

**ÞÝSKA**
Þýska I
Þýska I frh

**Fleiri spennandi námskeið í boði !**

**Verklegar greinar**
GLERBRENNSLA
LOPAPEYSUPRJÓN
SKRAUTRITUN
TRÉSMÍÐI

**Saumanámskeið**
CRAZY QUILT
ÞJÓÐBÚNINGUR SAUMAÐUR
SKRAUTSAUMUR
Baldering
Skattering

**Tölvunámskeið**
TÖLVUR - fingrasetning
TÖLVUGRUNNUR
TÖLVUGRUNNUR II

**Matreiðslunámskeið**
GÓMSÆTIR BAUNA – PASTA – OG GRÆNMETISRÉTTIR
GÓMSÆTIR HOLLIR SUÐRÆNIR RÉTTIR FRÁ MIÐJARÐARHAFSLÖNDUNUM
MATARMIKLAR SÚPUR OG HEIMABAKAÐ BRAUÐ

**Garðyrkjunámskeið**
GARÐURINN ALLT ÁRIÐ
TRJÁKLIPPINGAR
TRJÁRÆKT Í SUMARBÚSTAÐALANDINU

**Innritun í síma 564 1507**

*á vef skólans http:// kvoldskoli.kopavogur.is eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla*
*Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans*
*Vefsíða:http:// kvoldskoli.kopavogur.is Netfang: kvoldskoli@kopavogur.is*



allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

TILBÚNIR GOSBRUNNAR • TJARNARVÖRUR • GJAFAVÖRUR • INNIGOSBRUNNAR



ÚTSALA -allt að -60% afsláttur!



Gosbrunnar ehf

Langoltsvegi 109, á bakvið
S: 517-4232 / 695-4220

OPIÐ: Virka daga 14-18
Laugardaga 14-16

GOSBRUNNAR.IS
-allt fyrir tjarnargerð, gosbrunna og vatnsflæði.


# þorrinn

ÞRIÐJUDAGUR 22. JANÚAR 2008



## Íslenskur blóðmör í Afríku

**Namibíubúinn Stefán Jón Hafstein heldur þorrablót með slátri og fjallagrasasnafs að heiman.** BLS. 6




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





SPRON Verðbréf
BRIK hlutabréfasjóðurinn

Það er svalt á toppnum

**Besta ávöxtunin 2007***
Alþjóðleg hlutabréf – markaðir

spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

BRIK hlutabréfasjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag BRIK hlutabréfasjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. *Söluaðili/sjóður skv. www.sjodir.is.

# Stinky Food Festival

Vigdís Gunnarsdóttir leikkona var stödd á þorrablóti í London árið 2002 en þar þykir heimamönnum víst lítið til matarins koma og taka fyrir nefið þegar ilminn leggur að vitum.

Vigdís lagði þá stund á skapandi skrif í London en hafði brugðið sér í stutt frí til Íslands og rétt náði á blótið, sem haldið var í flottum húsakynnum þar í borg. „Þetta var haldið í rosa fallegu húsi, gott ef það var bara ekki hótel,“ rifjar Vigdís upp og bætir við að umgjörð þorrablótsins hafi öll verið hin glæsilegasta, þetta hafi verið „fínasta partí“. „Össur Skarphéðinsson hélt ræðu og minni kvenna og karla voru flutt og reynt að halda í flestar hefðir sem fylgja þorrablótum. Veisla fyrir öll skilningarvit,“ segir Vigdís.

Hátíðarhöldin voru þó ekki öllum að skapi að sögn Vigdísar, sem minnist þess að þjónarnir hafi allir gengið um með undarlegan svip. „Útlendingarnir smökkuðu nú ekki einu sinni á matnum, enda kalla þeir líka þorrablótið Stinky Food Festival sín á milli,“ segir hún hlæjandi en hefur þó fullan skilning á þeirri afstöðu. Vigdís er nefnilega sjálf lítill aðdáandi matarins, ef frá er talið súrt hvalkjöt.

„Hvalurinn, hann er mjög góður. En ég er voðalega lítið fyrir einhvern sveittan pung og þess háttar,“ segir leikkonan, sem ætlar að hafa það gott og njóta lífsins þegar þorrinn gengur í garð. „Þetta er náttúrlega rosalega góð afsökun fyrir partí. Ég er í alls konar félagsskap sem fagnar þorranum og vonast bara eftir að fá sem flestar meldingar frá hópunum fyrir þorrann.“

*- rve*



Vigdís Gunnarsdóttir, leikkona og starfsmaður auglýsingastofunnar Argus, vonast eftir að fá sem flestar meldingar á þorrablót í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Óskar Jónasson lenti á óvenju dönnuðu þorrablóti í Stokkhólmi á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nautakjöt á þorrablóti

**Óskar Jónasson kvikmyndagerðarmaður hefur nokkrum sinnum brugðið sér í hlutverk veislustjóra á þorrablótum í gegnum tíðina. Nú síðast var það á þorrablóti í Stokkhólmi í fyrra sem Óskar segir hafa verið með heldur óvenjulegu og öllu dannaðra móti en hann á að venjast.**

„Kvöldið var mjög vel lukkað. Nema hvað þarna var enginn þorramatur og ég man ekki til þess að hafa séð brennivín. Minnir að það hafi bara verið nautakjöt og þess háttar,“ rifjar Óskar upp og segist halda að skipulagsnefnd þorrablótsins hafi lent í vandræðum með að flytja matinn til landsins. „Enda eru reglur um innflutning á mat að verða sífellt strangari og svo er örugglega ekkert grín að ætla að smygla honum á milli landa.“

Óskar telur þessa vöntun á þorramat einmitt meginástæðu þess að kvöldið fór fram með friði og spekt. „Ég hugsa að það hafi haft talsverð siðbætandi áhrif í Stokkhólmi að vera ekki með gamaldags þorramat. Ég tók eftir því hvað þetta var dannað og settlegt miðað við þau þorrablót sem ég hef komið á úti. Þegar hákarlinn og brennivínið ráða ferðinni missir fólk sig í fimmundasöng og rímnakveðskap. Þegar Íslendingar hittast við þessar kringumstæður í útlöndum verða þeir svo miklir víkingar og sleppa alveg fram af sér beislinu.“

Sjálfur segist Óskar vera lítið fyrir þorramat. Hann hafi verið áhugasamur um matinn í æsku en sá áhugi hafi dvínað með aldrinum. „Nei, ég er gjörsamlega laus við það. Mér finnst allt í lagi að narta í hann, en sækist engan veginn eftir því. Það sama gildir um skötuna,“ útskýrir Óskar og segist því ekki hafa grátið þorramatinn í Stokkhólmi. Hann skemmti sér engu síður mjög vel í þorrablótum og gæti alveg hugsað sér að taka að sér veislustjórn í slíku partíi í ár.

*- rve*

# Skímó á þorrablóts-ættarmóti í London

Gunnar Ólason söngvari lék með hljómsveitinni Skítamóral á þorrablóti í London á síðasta ári og líkir reynslunni við gott ættarmót.

„Við vildum endilega skemmta Íslendingunum í London, þar sem það getur stundum verið tvöföld ánægja að spila erlendis fyrir Íslendinga,“ útskýrir Gunnar. Á tímabili var þó tvísýnt að Skímó kæmist til London, þar sem hljómsveitin hafði bókað sig annað sömu helgi. Því fékkst þó að endingu frestað og sáu félagarnir svo sannarlega ekki eftir þeirri ákvörðun, þar sem húsakynnin reyndust vera kjörin undir tónleikahald. Svo skemmdi ekki fyrir að drengirnir þekktu flesta gestina á staðnum, þannig að þegar upp var staðið varð þorrablótið hálfgert ættarmót.

Hljómsveitin spilaði síðan fyrir dansi við góðar undirtektir og fékk sér að borða í hléinu. Hlaðborði hafði verið komið fyrir í anddyrinu, sem angaði allt af þorramat, og þaðan höfðu gestirnir veitingar með sér inn í sal. Meðlimir Skímó og makar sátu mitt í salnum og nutu matarins, en Gunnar segist vera sólginn í góðan þorramat.

„Já, ég verð nú að viðurkenna það,“ segir hann hress. „Borða allt nema súrmatinn. Er alls enginn gikkur en hef enn ekki lagt í það. Fíla harðfiskinn, sviðasultuna og hákarlinn. Maður dengir honum í sig.“

Á meðan Íslendingarnir hámuðu þorramatinn í sig héldu Bretarnir sig til hlés, en Gunnar segir að þeir hafi þó ekki látið vandlætingu sína í ljós. Hins vegar skilji engin þjóð í heimi af hverju Íslendingar þrjóskist enn við að borða þennan mat, með hliðsjón af því að þeir hafi fyrir löngu tileinkað sér aðrar og betri geymsluaðferðir. „Enda bara skemmdur matur sem fólk neyddist til að borða í gamla daga,“ bætir hann við og hlær.

*- rve*



Gunnar Ólason stendur í ströngu þessa dagana við upptökur á nýrri plötu ásamt Sigurjóni Brink. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Allt í steik

*Góð hugmynd á bóndadaginn*

## 4ra rétta seðill

1 PARMASKINKA PROSCIUTTO
með strengjabaunasalati, balsamic hlaupi og rjóma–jarðsveppaosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

3 KJÚKLINGABRINGA
hunangskryddhjúpuð með gljáðu rótargrænmeti, spínati og sítrónusósu

*eða* ANDARBRINGA
appelsínumarineruð með appelsínusósu

*eða* NAUTALUND
grilluð með hvítlauksristuðu spínati, sperglum og Béarnaise-sósu

4 SÚKKULAÐIFRAUÐ
með ferskum ávöxtum í nouggat-froðu

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



*Verð frá* **3.990 kr.**

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

# Skemmta sér betur en aðrir

**Bóndadagur er elsti opinberi blótsdagur Íslendinga seinni tíma og vitaskuld láta ásatrúarmenn ekki sitt eftir liggja þegar þorrinn er blótaður.**

„Þorrablót er ekki eitt af höfuðblótum ásatrúarmanna, en það er fjölmennast og fjörmest og það blót sem flestir ásatrúarmenn bjóða fjölskyldunni til, burtséð frá stöðu manna í öðrum trúfélögum,“ segir Egill Baldursson, lögsögumaður Ásatrúarfélagsins, um þorrablótið sem haldið verður í Mörkinni 6 á bóndadaginn með glæsilegum skemmtiatriðum og dansleik.

„Það veit enginn nákvæmlega hvers vegna þorrablót ber nafn Þorra, en líklegasta skýringin er talin sú að þetta sé Þórsblót til heiðurs Þór. Menn vita að á miðjum vetrum í svartasta skammdeginu gerði fólk sér glaðan dag á öldum áður og þá er talið að blótað hafi verið til Þórs og Þorranafnið sé í raun Þór,“ segir Egill, en guðinn Þór kom næstur Óðni sem var æðstur goða í heiðni.

„Reyndar er einstaklingsbundið hvaða guð er í mestum metum meðal ásatrúarmanna en Þór var löggumaðurinn í þessum goðaheimum. Hans hlutverk var að halda uppi röð og reglu, með hamarinn Mjölni á lofti,“ segir Egill glaðsinna, en þekkt er að ásatrúarmenn séu friðarins fólk og kærleiksríkt.


Egill Baldursson, lögsögumaður Ásatrúarfélagsins, hlakkar til þorrablóts félagsins sem hann segir það skemmtilegasta á árinu, en meðal skemmtikrafta verða Steindór Andersen með kveðskap, Sigurður Skúlason með leiklestur, Konstantín og María með Pertrushkasýningu og Soffía Karlsdóttir með stuðlög undir

„Á þorrablótinu snæðum við þorramat en viðhöldum engum sérsiðum nema hvað við skemmtum okkur yfirleitt betur en aðrir. Andinn í félaginu er bara þannig og við náum alltaf að skemmta okkur vandræðalaust og í miklum kærleika. Kærleikurinn var enda ekki fundinn upp af guði og kirkjunni; hann hefur alltaf verið til staðar í veröldinni,“ segir Egill og tekur fram að allir séu velkomnir á þorrablót ásatrúarmanna og klæðaburður sé frjáls.

„Fólki er alltaf frjálst að klæða sig eftir geðþótta, en ætlast er til þess að goðar klæðist sínum búningum. Allsherjargoði helgar blótið og drekkur til landvætta. Fórnir okkar á blótum eru meðal annars í formi mjaðar í horni sem hellt er ofan á jörðina til að þóknast guðum og landvættum,“ segir Egill. Í Ásatrúarfélaginu eru alls 1.167 félagar, og hefur þeim fjölgað um hundrað á ári hverju síðastliðinn áratug. *- þlg*




## Borðar þú þorramat?



### Engan súran mat

**Einar Bárðarson umboðsmaður:**
„Nei! Ég borða ekki súran mat. Það hafa orðið ákveðnar framfarir í þjóðfélaginu og ég sé enga ástæðu til að borða þorramat. Ég borða slátur og harðfisk.“

### Lundabagginn bestur



**Bergþór Pálsson söngvari:**
„Já, það geri ég með bestu lyst. Þetta er nú ekki matur til að borða á hverjum degi en góður svona til hátíðabrigða. Mér finnst lundabagginn bestur.“

### Þorramatur algert ógeð



**Tinna Lind Gunnarsdóttir leikkona:**
„Mér finnst súr þorramatur algjört ógeð en fæ mér hákarl og brennivínsstaup ef ég þarf að vera töff og sýnast eitthvað. Ég borða sviðasultu og slátur og harðfisk! Er það ekki þorramatur annars?“

Tinna Lind er nú við æfingar á verkinu Fló á skinni sem verður frumsýnt á Akureyri 8. febrúar.

### Aðallega í meðlætinu



**Alma Guðmundsdóttir söngkona:**
„Nei ég borða ekki þorramat, nema rófustappa og harðfiskur teljist þorramatur, ég er aðallega í meðlætinu.“

Alma skrifaði bókina Postulín, sögu Freyju Haraldsdóttur.

### Hákarlinn fer vel í maga



**Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona:**
„Já, já, já, já, en reyndar ekki mikið súrsað. Ég er ekki orðin svo forfrömuð að borða súrsaða punga en verð að ná því áður en ég dey en hákarlinn fer vel í magann.“ Margrét fer með hlutverk í kvikmyndinni Brúðguminn sem frumsýnd var fyrir stuttu.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA




## Forum Residence - Marmaris



Nýtt og glæsilegt íbúðahótel með stórum og björtum íbúðum, vel staðsett við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í verslanir og veitingastaði.

Verðdæmi: **65.972,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 2 vikur, 25. ágúst.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna **78.275**

## Grand Azur - Marmaris



Klassískt, virðulegt og vandað hótel í Marmaris. Stendur alveg við ströndina, í glæsilegum garði. Heilsulind er á hótelinu og tveir glæsilegir veitingastaðir. Falleg herbergi með loftkælingu.

Verðdæmi: **92.205,-**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna, 25. ágúst.

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýraþyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnast glæsilegri menningarsögu landsins. Marmaris er einn líflegasti strandbær Miðjarðarhafsins og smábærinn Içmeler hefur slegið í gegn með fegurð sinni og jákvæðu viðmóti við gesti. Komdu til Tyrklands og sjáðu sumar og sól í nýju ljósi.

**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

ÚRVAL·ÚTSÝN

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS



Innflutningstakmarkanir geta verið mismunandi eftir löndum og því best að kynna sér reglurnar áður en haldið er af stað með sviðasultu í handfarangrinum.

# Súrmatur á ferð og flugi

Víða um heim verða haldin þorrablót á næstu vikum sem brottfluttir Íslendingar munu eflaust margir sækja. En skyldi það einhverjum vandkvæðum bundið að fá þorramatinn, sem er jú í aðalhlutverki, á staðinn?

„Almenna reglan er sú að Íslendingar sem ferðast innan Evrópusambandsins mega hafa meðferðis allt að fimm kíló af kjöti sem framleitt er á Íslandi. Þá má senda óverulegt magn með pósti. Til Bandaríkjanna er leyfilegt að fara með 25 kíló af kjöti en það verður að hafa í handfarangri og mun strangari reglur gilda um póstsendingar,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir. „Á Íslandi er engin vinnsla sem hefur formlegt leyfi til að senda súrmat og annan þorramat til útlanda en fari fólk með lítið magn til einkanota, sem ekki er ætlað í endursölu, gengur það yfirleitt upp,“ bætir hann við.

Hann segir flutningnum þó alltaf fylgja ákveðin áhætta og ef landamæraverðir í viðkomandi landi geri athugasemdir sé lítið hægt að gera. Dæmi séu um að maturinn hafi verið fastur í tollinum ytra og ekki komist í trogin í tæka tíð.

Innflutningstakmarkanir geta verið mismunandi eftir löndum og til að komast hjá vandræðum er best að kynna sér reglur viðtökulandsins. Til samanburðar má nefna að samkvæmt reglum um tollfrelsi ferðamanna á Íslandi má flytja þrjú kíló af matvöru inn til landsins án þess að greiða af henni toll. Andvirði matvörunnar má þó ekki vera meira en 13.000 krónur. Kjötvara verður að vera soðin eða niðursoðin.

# Íslenskur blóðmör í Afríku

**Namibíubúinn Stefán Jón Hafstein gæti vel haft trjábjöllur og antilópur á borðum á bóndadag, en er svo ljónheppinn að geta haldið sitt prívat þorrablót með slátri, harðfiski og fjallagrasasnafs að heiman.**



Stefán Jón Hafstein nýtur starfsins á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Namibíu. Hér er hann í hópi kátra krakka í Onesi-leikskólanum. MYND/STEFÁN JÓN HAFSTEIN

„Ég hef verið að sanka að mér íslensku góðgæti til að hafa í litlu þorrablóti fyrir mig og konuna um helgina, svona til að brjóta upp meinhollu matarstefnuna sem tekin var upp eftir jól,“ segir Stefán Jón Hafstein, sem nú er í tveggja ára leyfi frá borgarstjórn og starfar fyrir Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Namibíu.

„Svo heppilega vill til að nokkrar ferðir hafa verið hingað að heiman og smá matarpakkar skilað sér, þannig að þorrahlaðborðið hjá mér býður upp á eftirfarandi:

1) Tvo sláturkeppi frá mömmu. Þeir verða hafðir með vellingi enda er vellingur og slátur besti matur sem ég fæ.

2) Harðfiskpakka sem ég fékk einhvern tímann með gesti og fjallagrasasnafs sem sami velunnari kom með.

3) Reyktan sjóbirting úr Grenlæk, sem ég fékk með enn einni ferðinni og bíður í frysti.

Því miður eru „heimsins bestu flatkökur“ sem ég fæ sérpantaðar frá Vík í Mýrdal búnar. Þær kláruðust um jólin eins og sauðakjötið úr Þingeyjarsýslu,“ segir Stefán Jón, sem telur af og frá að hann leggist í einfaldan flatkökubakstur í kæfandi hita Afríku, en í Namibíu hefur ekki sést snjókorn í fimmtíu milljónir ára.

„Það mætti ætla að ég væri stöðugt að sanka að mér mat að heiman en svo er nú ekki. Ég á bara svo góða að þannig að úr verður smá þorrablót í hitasvækjunni,“ segir Stefán Jón, sem saknar ekki margs matarkyns frá landi elds og ísa þar sem hann er nú staddur í Namibíu.

„Mér finnst verst að fá ekki ferskan fisk sem ég kann á, en sit um að fá túnfisk frá Suður-Afríku þegar hann berst. Lúðan bíður bara þangað til ég kem heim; þá tek ég allan kvótann,“ segir hann hlæjandi og bætir við að í Namibíu sé margt mjög áhugavert fyrir matmann eins og sig.

„Bestir þóttu mér sveppirnir úr termítahrauknum, en svo er antilópa mjög góð á grillið. Ég hef ekki enn smakkað trjábjöllur steiktar í olíu með lauk, en það mun vera veislumatur hér úti í sveitum.“

- þlg




# Vélaviðgerðir
# Vélavarahlutir

FAI Auto Parts

- Pakkningarsett
- Ventlar
- Vatnsdælur
- Tímareimar
- Viftureimar
- Knastásar
- Olíudælur
- Legur
- Stimplar

*Varahlutir sem þú getur treyst á !*

VÉLAVERKSTÆÐIÐ KISTUFELL VARAHLUTAVERSLUN
Kistufell@centrum.is
Tangarhöfða 13 Sími 577 1313

LJÓSBOGINN
Bíldshöfði 14 - Sími 553 1244 – ljosboginnehf@simnet.is




Mikið úrval af:
störturum og alternatorum fyrir flestar gerðir fólksbíla, vörubíla og vinnuvéla. Einnig varahlutaþjónusta







SPELT FLATKÖKUR
Alveg ferköntuð nýjung frá Ömmubakstri
ÖMMUBAKSTUR
www.ommubakstur.is




VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykajavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is

# PRÓTÍNBOMBUR!




Samkvæmt nýrri skýrslu Matís er harðfiskur enn hollari en áður var talið. Langhollasti þorramaturinn.

BÓNUS
Fæst í Bónus

GULLFISKUR
*Hollusta í hverjum bita*

# JANÚAR ÚTSALA

## FERÐATÖLVUR
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ
**50.000**
KRÓNA AFSLÆTTI

ASUS ASUS ASUS ASUS

## LCD SJÓNVÖRP
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ
**100.000**
KRÓNA AFSLÆTTI

PHILIPS JVC Panasonic Dantax UNITED enox.

ÚTVÖRP FERÐATÆKI MINNISKORT HEYRNARTÓL FERÐATÖLVUR MP3 SPILARAR HLJÓMTÆKI IPOD HÁTALARAR STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR BÍLTÆKI OFL

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Hágæða HLJÓMTÆKI og HÁTALARAR frá JBL, Infinity og Harman Kardon með góðum afslætti!

Stafrænar TÖKUVÉLAR með HÖRÐUM DISK TUGÞÚSUNDA AFSLÁTTUR!

JVC Panasonic

## SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

HEKLA Söluumboð í Reykjanesbæ sími 420 5000



VW Polo Basicline MP3, árg.'04. Ek. 67 þ.km. Bsk. Verð kr. 990.000. Áhvílandi kr. 920 þ. mán. afb. kr. 13 þús.



Peugeot 307, árg. '03. Ek. 89 þ.km. Bsk. Verð kr. 790.000.



VW Bora 8VI, árg. 2003. Ek. 52 þ.km Verð kr. 1.190 þ. Áhv. kr. 1190þ. 22 þús. á mán.



Audi A4 Sedan 130 HÖ., árg.'06. Ek.31 þ.km. Ssk. Verð kr. 2.850 þ.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 230 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 5000**
**www.heklakef.is**

Arnarbílar www.arnarbilar.is



PEUGEOT 307 XT BREAK Station, árg 5/03, ek 83.þ km, 1.6L Sjálfskiptur, Verð 1.250 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar. is rn: 120500 S. 567 2700



VOLVO XC90 DÍSEL árg 1/06 2.5L Dísel, 185 hö, ek 31 þ.km, Leður, dráttarkrókur, olíumiðstöð, 18 álfelgur, TOPPBÍLL, Verð 5.950 þ. TILBOÐ 5.490 þ. Áhv 5.180 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar. is rn: 110858 S. 567 2700

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

Bílasalan Bílfang BÍLFANG www.bilfang.is



M. Benz ML 320, árg. 07/1998, ek. 123 þ. km, gott eintak. Sjón er sögu ríkari ,staðsettur á Bílfang.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

100bílar.is bílasala



Toyota Avensis W/G EXE, árg. 2006, ek.16þús.km, Sjálfsk. Filmur, Fjarlægðarskynjarar, Leður og fl. Verð 2990þús.kr. Sjón er sögu ríkari!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Dodge Caliber fólksbíll/jepplingur. Frá aðeins 1990þús. Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! Við gerum þér betra tilboð í fólksbíl, jeppa, pallbíl eða sendibíl. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



**Touareg V8**
VW Touareg V8 4,2 Svartur árg. 2004 ek. 85 þ. Leður, xenon ljós, rafmagn í sætum, topplúga og.fl. Flottur bíll. Fæst gegn yfirtöku láni. Uppl. í s. 659 4567.



Ford F-150 4X4 árg. '04. Ek. 127þús. km. Áhv. 1,6M. Vél V8 4,6L. Kanadabíll m. KM mæli og sætum f. 6 manns. S. 694-9741.



M.Benz ML 320 DIESEL 3/2006, ek. 27 þús km. Verð 6,390, áhvílandi 6,050 þús., sjálfskiptur. Umboðsbíll frá Öskju, Leður,rafmagn í sætum,litaðgler, nýar 19" álfelgur, ný Goodyear heilásrdekk Glæsilegur bíll. Fæst á yfirtöku + 100 þús, út. Upplýsingar veitir Hlynur 893 1650



VW Polo 1.4 árg. 05. 5 dyra, ný vetrardekk. Fæst gegn yfirtöku á bílasamn. 19 þús/mán s. 6699521



**Nýr 2008 Arctic Cat M8 153" 1.090þús**
Tilboð á nokkrum nýjum sleðum m.a Arctic Cat M8 153" árg. '08. Verð aðeins 1090þús. Góð greiðslukjör !! Uppl. í s. 892 1419.



**Glænýr Arctic Cat fjölskyldusleði kr 890.000**
Arctic Cat T500, árg. 2008. Rafstart og bakkgír, 90 hö. Góð greiðslukjör !! Uppl. í s. 892 1419.



**1. Gjaldagi í MAÍ !!!**
Mmc Lancer.Árg06/04.E-42Þ.Sk09.1600 Vél.SSK.Abs.Álfelgur+V-dekk,100% Lán. S. 661 8185



**1. Gjaldagi í MAÍ !!!**
Mmc Grandis, árg. 11/05. Ek. 27Þ, Ssk, Sk09, 7 manna, álfelgur + V-dekk, Cd, 100% Lán. S. 661 8185.



VW Golf 1600, árg. 2001, ek. 112 þús. Ný tímareim. Verð 700 þús. S. 898 3189.



Chevrolet Kalos se, ssk. 2006, ek. 37þ., fæst á yfirtöku. 21.000.- á mánuði. S. 892 8809.



Kia Sorentom árg. 01/2007, dísel, 170 hö, ek. 12.500. Krókur, filmur í rúðum, s+v dekk. Uppl. í s. 660 2544.



**Ódýr dísel jeppi!**
Nissan Terrano II turbo dísel árg. '96, 7 manna, topplúga, krókur. Í fínu standi. V. 300 þús. S. 691 9374.



Toyota Landcruiser 100 disel, árg. '00, ek. ca. 195 þ., ssk., leður, áhv. bílalán. S. 892 2124.



VW Caddy 2002, ek. 102þ. km, ný skoðaður, heillegur bíll. Verð 590 þ. 490 stgr. Uppl í S. 8959 558.

Nylegur Kía Picanto ek. 2500 km. Rauður, Kostar nýr 1490 þús. Fæst á yfirtöku láns á ca. 1100 þús. Uppl. í s. 898 0187.

Ódýr bíll. Opel Corsa árg. '00, ek. 127 þús. V. 220 þús. S. 869 1010.

## 0-250 þús.



Range Rover árg. '85-R42080. Sk. '07. Ek. 200 þús, nýl dekk, vatnsdæla og gírkassi ek 20 þús. Tilboð. Rafn 692 0214



Renault Megané Scenic 1600, árg. '97/'98, ek. 165 þús. V. 200 þús. S. 892 3620. Sprzedam Samochod cena do uzgodnienia!

**Útsala útsala !!**
Playmouth Breez '96. Ek. 86 þ. M. Hvítur, Selst á 120 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í s. 857 9878.

## 250-499 þús.

Reunault Twingo , árg 2000, keyrður aðeins 55.þús.km.Sjálfsk. Algjör sparibaukur, 3ja dyra smábíll. Verð 430þús. Tilboð óskast. Uppl. í s.6901208.

## 500-999 þús.



Honda CRV, árg. '98. ek. 140 þ. Verð 550 þús. áhv. 330 þús. Uppl. í síma 695 1730.

Til sölu hvítur Yaris 1300 3 dyra. Ek. aðeins 66 þ., árg. '04. Litur vel út. S. 660 2544.

## 1-2 milljónir



Til sölu Fent Safir árg. '04, skemmt eftir óhapp en varahlutir fylgja. Ásett verð 1.700 þús. Fæst á 1.200 þús. S. 898 3189



Ford Escape XLT V6 3.0, árg 2003 , 35.þús mílur. Cruisectrl, s og v dekk. Tilb óskast. 891 7906.

## 2 milljónir +




Tæknibylting! Hybrid gefur aukinn kraft með minni eyðslu. Allt að 70% aukin sparneytni! HYBRID tvinnbílar frá Toyota, Ford, GMC, Lexus og Honda á islandus.com. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

## Jeppar




Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! Jeep Grand Cherokee, Ford Explorer, Dodge Durango. 2007/08 Jeppar frá 2500þús og pallbílar frá 1990þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com




Nýr 2008 Toyota Highlander. Slær Landcruiser út með kraft, sparneytni og lægra innkaupsverði. 270 hö, 7,5L/100km. 2008 frá 4490þús. Einnig 2007 tilboðsbílar. Frá 3500þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Eigum til öflugar kasttennur á lager. www.aflvelar.is Aflvélar ehf S: 480-0000 Vesturhrauni 3 210 Garðabær



**Santa Fe 2007. Engin útborgun.**
Til sölu Hyundai Santa Fe Ltd 2007 ek. 16 þús. km. Stórglæsilegur lúxusjeppi hlaðinn búnaði m.a. DVD, leður, sóllúga, 7 manna ofl. ofl. Nánari uppl. í síma 892 1419.



Trooper árg. '98 til sölu, dísel, beinskiptur, ekinn 156 þ km. Uppl í 8930706



Landcruiser 100 33" breyttur árg. 2006 ekinn 45 þús gullmoli með öllu, verð: 7.5m. Uppl: 8922530



Ford Ranger '99 4x4, ek. 90 þús. Verð 650 þús. S. 895 8430.

## Pallbílar




Bílaframleiðendur verða að losa um lager fyrir áramót. Gerðu reyfarakaup á brunaútsölu ársins! 2007/08 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Einnig stærri pallbílar og sendibílar benzín/dísel á útsölu. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com

## Hópferðabílar

Ford Transit, árg. 2003, 13 farþ. ek. ca 135 þús km. verð: yfirtaka + 50 þús kr. uppl. í s. 899 5478

## Fjórhjól



Kawasaki KFX 400 árg.'04. Mjög gott hjól sem lítur vel út. Verð 490 þús. Uppl. í s. 847 1536.

# bílaland B&L

bílaland B&L notaðir bílar

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

# Tilboðsbílar



**CITROEN XSARA**
Nýskr: 04/2003, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 62.000 þ.
Verð: 1.180.000
Tilboðsverð 880.000



**FORD FOCUS**
Nýskr: 02/2006, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár,
Ekinn 19.000 þ.
Verð: 2.350.000
Tilboðsverð 2.180.000



**HYUNDAI GETZ**
Nýskr: 08/2004, 1300cc
4 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 58.000 þ.
Verð: 1.050.000
Tilboðsverð 870.000



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 06/2002, 2400cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 123.000 þ.
Verð: 1.490.000
Tilboðsverð 1.080.000



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 03/2005, 2000cc DISEL
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár / Grár,
Ekinn 55.000 þ.
Verð: 2.890.000
Tilboðsverð 2.400.000



**HYUNDAI SONATA**
Nýskr: 12/2001, 0cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grænn,
Ekinn 93.000 þ.
Verð: 980.000
Tilboðsverð 690.000

# Verð frá 500.000 til 1.500.000



**ARCTIC CAT M8**
Nýskr: 11/2006, 0cc
1 dyra, Sleðar, Svartur,
Ekinn 1.600 þ.
Verð: 1.170.000



**HYUNDAI GETZ**
Nýskr: 09/2006, 1100cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 11.723 þ.
Verð: 1.280.000



**HYUNDAI STAREX**
Nýskr: 06/2000, 2500cc
4 dyra, Beinskiptur, Grænn / Gulur,
Ekinn 126.341 þ.
Verð: 1.290.000



**OPEL ZAFIRA-A**
Nýskr: 10/2000, 1800cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 110.000 þ.
Verð: 940.000



**SUBARU IMPREZA**
Nýskr: 10/2002, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Dökkrauður,
Ekinn 73.000 þ.
Verð: 1.050.000



**SUZUKI VITARA**
Nýskr: 07/1998, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 106.000 þ.
Verð: 720.000

# Verð frá 1.500.000 til 3.000.000



**HYUNDAI TERRACAN**
Nýskr: 09/2004, 2900cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 74.000 þ.
Verð: 2.690.00



**HYUNDAI TRAJET**
Nýskr: 06/2006, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 37.000 þ.
Verð: 2.250.000



**HYUNDAI TUCSON**
Nýskr: 07/2005, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur / Svartur,
Ekinn 79.000 þ.
Verð: 2.070.000



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 08/2007, 1600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 3.000 þ.
Verð: 2.330.000



**RENAULT SCENIC II**
Nýskr: 06/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Blár,
Ekinn 50.000 þ.
Verð: 1.530.000



**SKODA OCTAVIA**
Nýskr: 06/2006, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Dökkgrár,
Ekinn 32.000 þ.
Verð: 1.850.000

# 3.000.000 +



**AUDI A4**
Nýskr: 04/2006, 0cc
5 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 22.000 þ.
Verð: 3.550.000



**BMW X3**
Nýskr: 01/2005, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 36.000 þ.
Verð: 4.480.000



**LAND ROVER RANGE ROVER**
Nýskr: 02/2007, 4200cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 16.000 þ.
Verð: 14.500.000



**MERCEDES C200**
Nýskr: 03/2007, 1800cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 5.000 þ.
Verð: 3.980.000



**VOLKSWAGEN TRANSPORTER**
Nýskr: 09/2006, 0cc
5 dyra, Beinskiptur,
Ekinn 78.000 þ.
Verð: 4.580.000



**VOLVO S40**
Nýskr: 02/2007, 2400cc
5 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 8.000 þ.
Verð: 3.390.000

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Allt að 100% lán í boði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

**Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074**

**Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230**

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800




**Alspá**
**445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Áramótaspáin þín.**
Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908-6414 (199 mín.) 553-5395 (173 mín.Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

## Skemmtanir




**ÖLDURÓT**
Alhliða danstónlist fyrir öll tækifæri. Uppl. í síma 895 9376 og 866 2169.

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

Snjómokstur. Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn. S. 820 0070 & 577 5177 Línuborun ehf.

**Slökkvitæki ehf**
Hlöðum og seljum slökkvitæki fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga. Sækjum tækin og skilum. Seljum einnig allt tengt brunavörnum. Gott verð og persónuleg þjónusta. Slökkvitæki ehf. Sími 565 4080.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 5þ. 28" tv á 10þ. Eldavélaháfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Uppþvottavél á 10þ. Frystikista á 10þ. Glerborð á 5 þ. Glerskápur á 3þ. S. 896 8568.

## Verslun




**Útsala!**
**50 til 90% afsláttur Af öllum vörum í verslun Freemans og ClaMal.**
**Freemans og ClaMal - Reykjavíkurvegi 66 - Hafnarfirði Sími 565-3900. Nýr listi væntanlegur**

friendtex

**Verðhrun!!**
Lokadagar útsölu, til þriðjudags 22 jan. Opið 10-18 og laugardag 11-16. Friendtex, Faxafeni 10, Rvk S. 568 2870 www.friendtex.is

## Hljóðfæri



**Stagg Þjóðlagagítar**
Poki, Ól, Stilliflauta, Auka strengjasett, eMedia tölvudiskur. Kr. 13.900 Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Tölvur

Hringiðan Internetþjónusta
VEF & LÉN hýsingar
Verð frá 990.- kr.
Hringdu núna 525 2400
www.vortex.is

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

## Til bygginga

850 lm af nýju girðingarefni með steyptum undirstöðum, kjörið í kringum byggingasv., verð 4.500 kr stk m/vsk (girðing og steypt undirstaða), uppl. í s. 660 2407, Grétar.

Til sölu tveir WC skúrar, sitthvor eining ca. 1m x 1m, verð 150.000 m/vsk stk. Uppl. í s. 660 2407, Grétar.

Iðnaðarhurðir, hef til sölu 5 stk. Flekahurðir, verð 180.000 kr. stk m/vsk. Um er að ræða 4,7m háar og 3,4m breiðar hurðar með brautum, innfluttar frá danmörku. Uppl. í s. 866 4643, bjarni.

Libherr byggingakrani 40K, þarfnast lagfæringar, verð 1.200.000 kr. m/vsk, Uppl. í s. 660 2413, Hörður.

## Ýmislegt

Vantar 40-60m af not/bretta rekkum einnig greina rekkum snorri@hysi.is - 6606055

# HEILSA

## Heilsuvörur



5-7 kíló á 9 dögum, 9 daga hreinsikúr frá Aloe Vera. 14.690kr. S. 6978928 Sigga

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Lr-kúrinn er tær snilld. Léttist um 22 kg á 6 mánuðum. www.dietkur.is Dóra 869-2024

LR-Henningskúrinn, fljótvirkur og átakalaus. Anna Snyrtifræðingur, S. 699 7379.

Tækifærið þitt? Villt þú vinna alþjóðlega í LR. Einu mest vaxandi fyrirtæki í Heilsu og Fegrunar geiranum (1000 % vöxtur á Íslandi á síðasta ári). S. 662 5599

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 844 9083.

## Námskeið

Jóga & Vellíðan á Reykholti www.icelandyoga.com S: 435-1260

## Þjónusta

**Tattoo opnunartilboð!**
101 Skjöldur. Pósthússtræti 13. S. 561 9090. www.tattoo.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



3 yndislegir chihuahua hvolpar til sölu. tilbúnir til afhendingar, ættbók frá Rex. frekari upplýsingar í síma 6639230.



Til sölu 6 hreinræktaðir Amerískir Cocker Spaniel hvolpar. Kátir og blíðir. S. 895 7096.



Til sölu Ruby Cavalier strákur, með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í síma 849 1347.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Skráningarfrestur á alþjóðlega hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands rennur út föstud. 1. feb. Fimm erlendir dómarar dæma hundana. Skráning og upplýsingar á www.hrfi.is

**Loðnir Chihuahua**
Tilb til afhendingar e 28 jan. Ættbók Rex, örmerktir, heilsufarsb. trygging og hvolpapakki. Áhugasamir sendi inn fyrirspurn á berglilja@hive.is ásamt helstu uppl. um viðkomandi og aðstæður til að taka að sér hvolp. e í s. 856-1773 Á sama stað 120L. fiskabúr m/öllu á góðu verði

Til sölu gullfallegir, litlir Chihuahua hvolpar með ættbók. S. 897 8848.

## Hestamennska

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

3 herb. íbúð á svæði 101 á 2 hæð. Laus strax. Reyklausir og reglusamir koma aðeins til greina. Uppl. í s. 858 7573 & 896 3420.

60 fm2 íbúð m/ 1 svefnh. til leigu í Hveragerði. Ísskápur, uppþvottavél og ný þvottavél fylgir með. Mjög vel með farin. Uppl. í síma 845 3042

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

Viltu búa í snotru fullbúnu kjallaraherbergi með privat wc/sturtu? Að auki aðgangur að fullbúnu eldhúsi, þvotta og þurrk aðstöðu í húsinu. Allt nýuppgert. Í fallegu umhverfi við Sogaveg. Sjá heimasíðu www.mmedia.is/tilleigu og jafnframt leigulistinn.is Sími 892 0844.

Óska eftir meðleigjanda strax í 3 herb. íbúð í 101 Rvk. Allt fylgir. Ókeypis ADSL. V. 70 þús. Uppl. í s. 662 4285.

Til leigu 2-3 herb. Íbúð í 200 kóp. Laus strax, gæludýr velkominn. Uppl. í s. 660 2544.

## Húsnæði óskast

**Systkini óska eftir íbúð sem fyrst helst miðsvæðis**
**Eru reglusöm og með trausta innkomu. Æskilegt væri ef íbúðin skiptist í tvö mjög stór herbergi, eldhús og bað. Greiðslugeta um 140 þús. á mán. Langtímaleig.**
**Uppl. hjá Oddi í síma 847 9860.**

Reglusamur maður óskar eftir 2-3 herb. íbúð miðsvæðis í Reykjavík, verðh. 90-120 þús. Björn S:896-8934

Erum 2 kk sem störfum við Öryggismál. Vantar 3 herbergja íbúð (70+fm til langtímaleigu. Verðhugmynd um og yfir 100þús . Skilvirkum greiðslum heitið. fusi83@yahoo.com

Óska eftir herbergi eða íbúð til leigu í 1 ár. Greiðslugeta 40-50 þús á mán. S. 662 4077.

Reglusamt par með eitt barn. Óskar eftir að leigja íbúð á höfuðborgarsvæðinu, á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 892 8096.

## Atvinnuhúsnæði



Frábær staðsett., 200m2 lager og skrifstofuhúsnæði. Lofthæð 3.2. Uppl. 8980997,

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakarí í Kópavogi**
**Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30.**
**Uppl. í s. 899 8212.**

**Dýrabær**
**Óskum eftir starfskrafti í hlutastarf eftir hádegi.**
**Umsóknir sendist á dyrabaer@dyrabaer.is**

ÖRYGGISGÆSLAN

**Öryggisgæslan ehf.**
**Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Starfið felur í sér m.a. þjónustu og gæslu.Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár.**
**Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Krókhálsi 5a Reykjavík. Opið er frá k.10-16 virka daga.**

Bakarameistarinn

**Villtu ganga til liðs við okkur?**
**Bakarameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurveri og Austurveri leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk.**
**Upplýsingar gefur 897 5470 milli kl. 9-16**

**Starfsmaður á plani Select Vesturlandsvegi**
**Hressandi þjónusta og útivera. Kjörið starf fyrir fólk á besta aldri og þá sem hafa áhuga bílum. Eigum við að ræða það eitthvað? Unnið er á vöktum mánudaga til sunnudaga frá kl. 11.30 til 23.30, alls 15 daga í mánuði.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 og Elín stöðvarstjóri í síma 587 9730. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Íslenskunnátta æskileg.**
**Upplýsingar í síma 820 7370.**

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**
**Leikskólinn Hálsaborg óskar eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinendur til starfa.**
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 557 8360.**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

RIZZO PIZZERIA í Kópavogi óskar eftir Vönum Pizzabökurum, Bílstjórum og í afgreiðslu. Nánari upplýs á staðnum eða Helgi í s. 8484613

**Spjalldömur.**
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar spjalldömur. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is. Mjög góðir tekjumöguleikar.

Starfskraft vantar í kvöldvinnu í afgreiðslu. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

**Gæðabakstur**
Duglegur og reglusamur starfsmaður óskast í þrif. Vinntími 8-16 eða 9-17. Uppl. í s. 897 5399.

**Starfsfólk vantar í mö**
Óskar eftir góðu starfsfólki til ýmissa starfa á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði.Umsóknir sendist á magnus@veislulausnir.is

Fyrirtæki í mötuneitis bransanum óskar eftir bílstjóra kostur ef viðkomandi er vanur í eldhúsi. Umsóknir sendist á magnus@veislulausnir.is

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf. S: 840-1616**

# das HRAFNISTA

Hrafnista Reykjavík

## Aðhlynning

Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.
Einnig eru í boði stuttar vaktir.
Góð íslenska skilyrði.

Uppl. í síma 585 9529 og á **hrafnista.is**

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

# VÍSIR

**Vísir hf óskar eftir Háseta og Vélaverði**
**á Hrungnir GK-50 Hrungnir er línuveiðiskip með beitingarvél.**

Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Vísis í síma 420-5700

**vísir.is**
*"...ég sá það á vísi"*

## TIL SÖLU




## TILBOÐ / ÚTBOÐ




Föstudaginn 25. janúar á Grand Hótel Reykjavík:

# ÚTBOÐSÞING 2008

**Verklegar framkvæmdir í mannvirkjagerð og byggingariðnaði**

Árlegt ÚTBOÐSÞING um verklegar framkvæmdir verður haldið föstudaginn 25. janúar frá kl. 13:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Á þinginu verður gefið yfirlit yfir öll helstu útboð opinberra aðila á verklegum framkvæmdum. Þar gefst verktökum og öðrum einstakt tækifæri til að skyggnast inn í verkefnaframboð ársins.

Fundarstjóri:
Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Nánari upplýsingar um Útboðsþing 2008 veita Samtök iðnaðarins í síma 591 0100, netfang arni@si.is

13:00 Setning
*Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI*
Reykjavíkurborg
*Óskar Bergsson, formaður framkvæmdaráðs*
Framkvæmdasýsla ríkisins
*Óskar Valdimarsson, forstjóri FRS*
Siglingastofnun
*Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs*
Landsvirkjun
*Björn Stefánsson, deildarstjóri virkjanadeildar*
Kópavogsbær
*Gunnar Birgisson, bæjarstjóri*

15:15 Kaffihlé

15:45 Hafnarfjarðarbær
*Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri*
Landsnet
*Árni Stefánsson, deildarstjóri eignastýringar*
Orkuveita Reykjavíkur
*Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri tæknimála*
Vegagerðin
*Rögnvaldur Gunnarsson, forst.m. framkv.deildar*

17:15 Fundarlok
Kaffi og léttar veitingar fyrir gesti að loknu þingi

SI Samtök iðnaðarins — MANNVIRKI FÉLAG VERKTAKA

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

Í samvinnu við:

Reykjavíkurborg · FSR Framkvæmdasýsla ríkisins · Siglingastofnun · Landsvirkjun · Kópavogur · Hafnarfjarðarbær · Landsnet · Orkuveita Reykjavíkur · Vegagerðin

## TILKYNNINGAR

### Fundarboð frá Félagi leiðsögumanna

Almennur félagsfundur um kjaramál verður haldinn miðvikudaginn 23. janúar kl. 20:00 að Mörkinni 6, 108 Reykjavík. Fundurinn verður haldinn í sal 4x4 klúbbsins á efstu hæð.

*Stjórnin.*

Kvenréttindafélag Íslands

### Bókmenntakvöld

Kvenréttindafélag Íslands stendur fyrir bókmenntakvöldi, þriðjudaginn 22. janúar kl. 20:00 í samkomusal Hallveigarstaða við Túngötu.

**Dagskrá:**
- Helga Kress, prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, flytur erindi um kvenréttindaljóð Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum
- Brynja Baldursdóttir, íslenskukennari í FG, segir frá verkum Þórunnar Elfu Magnúsdóttur
- Vigdís Grímsdóttir, rithöfundur, les úr verkum sínum
- Kaffiveitingar og spjall.

Allir velkomnir. Enginn aðgangseyrir.

Ath. Sögusýning KRFÍ stendur nú yfir í samkomusalnum og gefst tækifæri á að skoða hana um leið

**Hringdu í síma**
**512 50 60**


**ef blaðið berst ekki**

**SÆNSKI RITHÖFUNDURINN, LEIKRITASKÁLDIÐ OG MÁLARINN JOHAN AUGUST STRINDBERG FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Hvenær er bylting lögleg? Þegar hún heppnast!“*

***Strindberg var einn áhrifamesti rithöfundur Norðurlanda og er í hópi með mönnum eins og Ibsen, Kierkegaard og Hans Christian Andersen.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. JANÚAR 1988

## *Paul Watson rekinn úr landi*



Fyrir tíu árum var Paul Watson, leiðtoga og stofnanda Sea Shepherd samtakanna, vísað úr landi. Samtökin sögðust hafa sökkt hvalbátunum við Ægisgarð í Reykjavíkurhöfn 9. nóvember árið 1986.

Sea Shepherd eru umhverfisverndarsamtök sem berjast einkum gegn veiðum á sjávardýrum. Þau eru þó einna þekktust fyrir baráttu gegn hvalveiðum. Samtökin voru stofnuð af Paul Watson og fleiri félögum úr umhverfisverndarsamtökunum Greenpeace en þeim þóttu aðferðir Greenpeace ekki nógu róttækar. Watson vildi taka upp beinar aðgerðir gegn veiðimönnum og hafa samtökin ítrekað verið sökuð um að stunda umhverfishryðjuverk. Þau státa meðal annars af því að hafa sökkt tíu hvalveiðiskipum frá árinu 1979. Þeirra á meðal voru íslensku hvalveiðiskipin Hvalur 6 og Hvalur 7. Í raun sökk bara annað skipið en skemmdir voru unnar á þeim báðum. Watson var fangelsaður í stuttan tíma þegar hann kom til Íslands árið 1988 og var svo vísað úr landi. Nýlega réðust Paul Watson og félagar úr samtökunum Sea Shepherd til atlögu gegn japönsku hvalveiðiskipi og sló í brýnu milli þeirra. Paul Watson lét hafa eftir sér að þeir muni hundelta japanska skipið og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hindra það í að veiða. Núverandi höfuðstöðvar Sea Shepherd samtakanna eru í Friday Harbour í Washington-ríki í Bandaríkjunum.

**MERKISATBURÐIR**

- **1910** Öflugur jarðskjálfti finnst í flestum landshlutum. Upptökin voru úti af Öxarfirði en lítið tjón varð.
- **1918** Mesta frost mælist hér á landi frostaveturinn mikla. Mælast 37,9° C á Grímsstöðum á Fjöllum.
- **1962** Sæsíminn milli Íslands og Skotlands um Færeyjar er tekinn í notkun.
- **1969** Bjarndýr er fellt í Grímsey. Það er stoppað upp og sett á safn á Húsavík.
- **1983** Tvö snjóflóð falla á Patreksfirði. Fjórir létust og á fjórða tug manna verða heimilislausir.
- **2006** Evo Morales er settur í embætti sem forseti Bólivíu og er fyrsti innfæddi forsetinn.



**EKKI BARA KVART OG KVEIN** Hrefna leggur áherslu á að þótt kjaramálin séu í brennidepli sé ungliðadeildin vettvangur fyrir jákvæða og uppbyggilega umræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA:** STOFNUN UNGLIÐADEILDAR

# Viljum ná aukinni samstöðu

Ungliðadeild hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga var stofnuð á dögunum. Á stofnfundinn mættu um hundrað og þrjátíu manns og fór þátttaka fram úr björtustu vonum.

„Stofnfundurinn var fyrir alla hjúkrunarfræðinga sem útskrifuðust árið 2000 og síðar en þeir eru um sjö hundruð talsins. Við sem ýttum þessu úr vör erum öll að vinna á Landspítalanum en við vildum fá fólk alls staðar að til að vinna með okkur þar sem hjúkrunarfræðingar starfa víða,“ segir Hrefna Hugosdóttir, hjúkrunarfræðingur og einn af stofnendum ungliðadeildarinnar. „Markmið okkar eru í raun að efla stéttarvitund og skapa vettvang fyrir skoðanaskipti hjá þessum hópi. Það hefur skort að yngri hjúkrunarfræðingar taki þátt í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og þegar við höfðum samband við félagið þá höfðu þau verið í sömu hugleiðingum,“ útskýrir Hrefna. „Við viljum stuðla að samstöðu í okkar stóru stétt. Auk þess viljum við efla þekkingu á réttindum okkar sem geta verið afar snúin. Bróðurparturinn er vaktavinnufólk og það er hafsjór af flóknum atriðum í kringum það sem skiptir máli að hafa á hreinu. Það er enginn sem ber ábyrgð á okkur nema við sjálf,“ segir Hrefna ákveðin og bætir við: „Eitt af stóru vandamálunum er að hjúkrunarfræðingar hafa ekki skilað sér eins vel inn á spítalana og áður. Ástæðan er einföld, það er vinnuumhverfið og kjörin sem hafa þessi áhrif. Nemarnir fara inn á spítalana í verknám og verða þess varir hvernig ástandið er. Staðan er sú að á næstu árum fara stórir hópar á eftirlaun. Það eru því margir sem hætta en of fáir skila sér inn í staðinn.“

Hrefna ítrekar þó að ungliðadeildin vilji ekki einungis vera vettvangur fyrir kvart og kvein. „Við viljum reyna að skapa stað fyrir jákvæða og uppbyggilega umræðu. Við viljum fá hugmyndir og reyna að koma einhverjum breytingum í gegn.“ Starfsvettvangur hjúkrunarfræðinga hefur tekið töluverðum breytingum í gegnum árin. „Áður fyrr fóru allir inn á spítalann en nú er annar markaður að taka við. Einkageirinn er að eflast, lyfjafyrirtæki og fleira. Það er fullt af hjúkrunarfræðingum sem eru ekki endilega að starfa beint við sitt fag. Námið er mjög gott og fjölbreytt en þar af leiðandi dugar það líka í mörg störf. Við viljum aukið sérnám sem skilar sér í betri þjónustu til þess sjúklingahóps sem hvert og eitt sérsvið sinnir. Við erum talsmenn sjúklinga og eitt af okkar stóru markmiðum er að tryggja að þeirra hagsmuna sé gætt. Einnig viljum við auka þekkingu almennings á starfi okkar,“ segir Hrefna og bætir við að ungliðadeildin hafi mikinn áhuga á að efla rannsóknir og þróunarstarf. „Við viljum vera bjartsýn en efst í huga allra eru kjaramál. Nú losna samningar í apríl og því mikilvægt að halda vel á spilunum,“ segir Hrefna og hvetur alla til að kynna sér heimasíðuna hjukrun.is. Ætlunin er að halda fundi ungliðadeildar reglulega og er næsti fundur fyrirhugaður 12. febrúar kl. 20 í húsakynnum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

**hrefna@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,*

**Sigríður Sigurðardóttir**
*Lindarbæ, Ölfusi,*

sem lést mánudaginn 14. janúar, verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 25. janúar kl. 13.30.
Þeir sem vilja minnast hennar, láti Krabbameinsfélag Íslands njóta þess.

**Jónas Vignir Grétarsson**
**Jón Grétar Jónasson**
**Katrín Ösp Jónasdóttir**
**Sædís Ýr Jónasdóttir**
**Jakobína Björk Jónasdóttir**
**Anna B. Stefánsdóttir**
**Guðrún Jakobína Jónasdóttir** — **Grétar Guðmundur Óskarsson**
**Víðir Sigurðsson** — **Hlín Baldursdóttir**
**Óskar Már Grétarsson** — **Anna Dögg Rúnarsdóttir**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jónsdóttir**
Dvalarheimilinu Hlíð, áður Ránargötu 27, Akureyri,

lést þann 16. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. janúar kl. 13.30.

**María Elínborg, Herdís, Jón Grétar, Bjarni Rafn, Áslaug Nanna og Ingvi Júlíus Ingvabörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórður Jón Pálsson**
kennari, Aflagranda 40,
áður Melhaga 5, Reykjavík,

sem lést 12. janúar síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Neskirkju kl. 13.00 þriðjudaginn 22. janúar.

**Elín Þórðardóttir** — **Reinhold Kristjánsson**
**Steinunn Þórðardóttir** — **Hrafn Bachmann**
**Aðalsteinn Þórðarson** — **Guðrún Jóhannesdóttir**
**Kjartan Þórðarson** — **Helga Kristín Einarsdóttir**
**Gunnar Þórðarson** — **Hafdís Kjartansdóttir**
**Barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Svövu Guðrúnar Eiríksdóttur,**
Tindaflöt 8, Akranesi.

**Guðjón Pétursson**
**Björgvin Guðjónsson** — **Sólrún Hulda Ragnarsdóttir**
**og ömmubörn.**

---



†



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför foreldra okkar, þeirra*

**Jónínu Kristínar Vilhjálmsdóttur og Sveins Ingva Þorsteinssonar.**

Einnig eru sérstakar þakkir til Karítas heimahjúkrunar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Vilhjálmur Örn Halldórsson** — **Svanfríður Ásgeirsdóttir**
**Þröstur Sveinsson** — **Guðrún Jónína Eiríksdóttir**
**Óla Laufey Sveinsdóttir**
**Þorsteinn Sveinsson** — **Keelie Walker**
**Jóna Denny Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Þórlindsdóttir**
Sigtúni, Fáskrúðsfirði,

sem lést 15. janúar, verður jarðsungin frá Fáskrúðsfjarðarkirkju laugardaginn 26. janúar kl. 14.00.

**Skafti Þóroddsson**
**Högni Skaftason** — **Ingeborg Eide Hansdóttir**
**Arnþór Atli Skaftason** — **Jóna Bára Jakobsdóttir**
**Gunnþóra Arndís Skaftadóttir** — **Sveinbjörn Sveinbjörnsson**
**Erla Skaftadóttir** — **Sveinn Sigurjónsson**
**Magnús Hafsteinn Skaftason** — **Sigríður Jónína Garðarsdóttir**
**Kristján Birgir Skaftason** — **Hafrún Traustadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



**FIMMTUDAGAR FRAM Á KVÖLD** Næsta fimmtudag verður kvikmyndalistin í hávegum höfð. Fram undan eru síðan fleiri viðburðir næstu fimmtudaga í Hafnarhúsinu vetur.

# Langur fimmtudagur í Listasafni Reykjavíkur

Í Hafnarhúsinu verður boðið upp á dagskrá af ýmsu tagi á fimmtudagskvöldum, sem verður hér eftir opið til kl. 22.00.

Listasafn Reykjavíkur hefur af þessu tilefni gengið til samstarfs við ýmsa aðila sem munu koma að dagskránni með einu eða öðru móti. Meðal samstarfsaðila er félag um heimildarmyndagerð sem kallast Reykjavík Documentary Workshop, en fyrsta mynd félagsins verður sýnd í Hafnarhúsinu fimmtudagskvöldið 24. janúar kl. 20.00.

Titill myndarinnar er Borgarmúrar: Mín eigin Teheran (2006, enskur texti) eftir íranska leikstjórann Afsar Sonia Shafie. Leikstjórinn verður sjálf viðstödd sýninguna og svarar spurningum að henni lokinni. Laugardaginn 26. janúar kl. 14-16 býður félagið einnig upp á heimildarmyndaspjall með Shafie þar sem hún ræðir um verk sín með áherslu á persónulega nálgun í heimildarmyndagerð. Spjallið fer fram í Hafnarhúsinu og er aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Í fréttatilkynningu frá Listasafni Reykjavíkur kemur fram að myndin fjallar um söguna af ömmu hennar, móður og henni sjálfri. Á afar persónulegan hátt segir myndin okkur frá baráttu kvenna um réttinn til framfara. Heillandi mynd um sterkar konur í Íran.

Leikstjórinn Afsar Sonia Shafie fæddist árið 1968 í Teheran í Íran. Árið 1988 lauk hún gráðu í félagsvísindum og hagfræði frá Fatemieh-skólanum í Teheran og 1992 lauk hún BA-gráðu í heimspeki frá Tabriz-háskólanum. Hún nam við ECAL-skólann í Sviss (École Cantonale de l'Art Lausanne) frá 2000 til 2001. Hún lauk við gerð fyrstu heimildarmyndar sinnar árið 1997, undir The Great Archer of the Mountains.

Reykjavík Documentary Workshop er félag um heimildarmyndagerð sem hefur það markmið að vera leiðandi afl meðal heimildarmyndagerðarfólks hérlendis. RDW býður reglulega til landsins erlendum heimildarmyndaleikstjórum úr fremstu röð sem eru viðstaddir opinberar sýningar á eigin verkum ásamt því að leiða fræðandi spjall um iðn sína. Að auki vinnur RDW að uppbyggingu bókasafns sem samanstendur af mynddiskum, myndbandsspólum, bókum og tímaritum sem fjalla á einn eða annan hátt um heimildarmyndagerð. Með starfsemi sinni vil RDW ryðja brautina fyrir alþjóðlegt samstarf og skapa farveg fyrir frjóa og þverfaglega umræðu um sérhvert málefni er heimildarmyndagerð kemur við.

www.rdw.is.

## AFMÆLI



**MARGRÉT KRISTÍN BLÖNDAL** tónlistarkona og bókarvörður 40 ára.



**DIANE LANE** kvikmyndaleikkona 43 ára.



**MARÍA ELLINGSEN** leikkona 44 ára.



**ERLA ÞORSTEINSDÓTTIR** söngkona 75 ára.



**HEIMBOÐ NORÐUR** Nýr vefur á vegum Akureyrarstofu var vígður um helgina.

# Nýr ferðavefur fyrir Akureyri

Um helgina var opnaður ferða- og upplýsingavefurinn www.visitakureyri.is. Þar er að finna allar helstu upplýsingar fyrir þá sem ferðast til Akureyrar til dæmis um hótel og gististaði, veitingastaði, afþreyingu og samgöngur.

Vefurinn er bæði á íslensku og ensku og markmiðið er að sögn Akureyrarstofu að notendur upplifi vefinn sem þægilegan og einfaldan. Elín Margrét Hallgrímsdóttir, formaður stjórnar Akureyrarstofu, opnaði vefinn á kynningu sem Akureyrarstofa hélt í Ketilhúsinu á laugardaginn og við sama tækifæri var merki Akureyrarstofu kynnt. Merkið er bókstafurinn A sem er myndaður úr nútímalegu kassalaga formi og gamaldags flúri. Flúrið er fengið úr stafnskrauti Menntaskólans á Akureyri. Hönnuður er Þórhallur Kristjánsson og hann segir að merkið hafi vísan í fortíð og framtíð og margbreytilegt hlutverk Akureyrarstofu.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Kristjana E. Vigfúsdóttir,**
Hvammi, Húsavík,

verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 26. janúar kl. 14.00.

**Guðbjartur V. Þormóðsson** — **Auður Guðjónsdóttir**
**Leifur Kr. Þormóðsson** — **María Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ósk Hallsdóttir**
frá Hrísey, Tinnubergi 6, Hafnarfirði,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 16. janúar. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 25. janúar kl. 13.00.

**Garðar Sigurpálsson**
**Hulda Garðarsdóttir** — **Erling Jóhannesson**
**Alma Garðarsdóttir** — **Jón Guðmundsson**
**Sigurpáll Hallur Garðarsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---



*Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Sigrúnar M. Magnúsdóttur Bernburg,**
Hörðalandi 20, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 9. janúar á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Jarðsett var í kyrrþey 17. janúar að ósk hinnar látnu.

**Ásdís Bernburg**
**Elsa Bernburg** — **Haraldur Baldvinsson**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



**Helgi Sigurðsson,**
Dvalarheimilinu Skálarhlíð á Siglufirði,

lést á sjúkrahúsi Siglufjarðar að morgni fimmtudagsins 17. janúar. Útför hans verður gerð frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 26. janúar kl. 14.00.

**Jóhanna Helgadóttir** — **Guðmundur Magnússon**
**Elínborg Helgadóttir** — **Guðmundur Þór Kristjánsson**
**Símon Helgason** — **Helen Meyers**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Gunnþórunn Jónasdóttir,**
Gnoðarvogi 56, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu föstudaginn 18. janúar síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Einar S. Ingólfsson**
**Ásta Einarsdóttir**
**Dagur Freyr Ingason**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigmundur Sigurgeirsson**
húsasmíðameistari, Þorragötu 9,

lést þriðjudaginn 15. janúar. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 25. janúar kl. 15.00.

**Ásdís Sigurðardóttir**
**Sigurgeir Ó. Sigmundsson** — **Ingunn Mai Friðleifsdóttir**
**Margrét Sigmundsdóttir** — **Bjarni Ólafur Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær sambýliskona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnhildur Steinunn Halldórsdóttir (Stella)**
Reyrengi 31, áður Gautaborg,

lést á heimili sínu laugardaginn 19. janúar. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju föstudaginn 25. janúar og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Sonny Andersson**
**Sæmundur Steinar Sæmundsson**
**Halldóra Lára Svavarsdóttir** — **Hjálmar Kristjánsson**
**Jökull Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Guðjónsson,**
Laugalæk 40, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 19. janúar síðastliðinn.

**Hjördís Georgsdóttir**
**María Jóna Gunnarsdóttir** — **Jóhann Bergmann**
**Erla Gunnarsdóttir** — **Vilhelm Fredriksen**
**Guðný Gunnarsdóttir** — **Björn Jónsson**
**Guðríður Helga Gunnarsdóttir** — **Bjarni Hákonarson**
**Kolbrún Viggósdóttir** — **Jón S. Magnússon**
**Benóný Viggósson** — **Alda Björnsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



*Ástkær sambýliskona, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elín Inga Hreiðarsdóttir**
frá Raufarhöfn,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 11. janúar. Útförin fór fram 18. janúar í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þakkir til alls starfsfólks deildar 2c í Sóltúni fyrir alla þá hlýju og umhyggju sem hún naut. Sérstakar þakkir fyrir hlýhug og stuðning við fjölskylduna í veikindum hennar.
Guð blessi ykkur öll.

**Davíð Zophaníasson**
**Sigurbjörg Björnsdóttir**
**Soffía Björnsdóttir** — **Guðjón S. Snæbjörnsson**
**Hreiðar Björnsson** — **Bozena Björnsson**
**Guðmundur Björnsson** — **Arnhildur H. Arnbjörnsdóttir**
**Ingi Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Dobry wieczór

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FER FRAM Í TÍMANN



„Dzien dobry.“ Ég hrekk í kút. Þetta er tungumál sem ég man ekki eftir. Konan sem stendur fyrir framan sjúkrabeddann minnir mig ekki á neitt frá föðurlandinu. Og þótt Íslendingar hafi auðvitað blandast öðrum þjóðernum á tímum alþjóðavæðingar og útrásar þá hefur nú íslenska sérkennið alltaf skinið í gegn. Ég ætla bara að bjóða góðan dag, upp á íslensku, þetta gæti auðvitað verið grikkur af hálfu barnabarnanna sem hafa látið hjúkrunarfræðinginn tala eitthvert bullmál.

„Bardzo mi miło,“ svarar konan og ég stend á gati. Einhvern tímann, fyrir óralöngu, var rás á digitalinu þar sem fólk talaði svona. En það var útlensk stöð. Ég er á íslensku elliheimili þar sem bækur eftir Andra Snæ og Arnald liggja bara og rykfalla. Og digitalið víðs fjarri. Best að spyrja hvernig hún hafi það. „Co jest?“ Hún er fyrri til. Allt hringsnýst í kollinum á mér og ég velti því fyrir mér hvort loksins hafi drottinn fengið nóg af mér og minni tilveru á jörðinni, hann hafi kallað mig heim eftir meira en áttatíu ára herþjónustu en í stríðnisskap sínum sent mig á fjarlægari slóðir en sjálft himnaríki.

Ég rís upp og ætla að fara að gera mig kláran í morgunverkin, sem eru alla jafna erfiðasti hluti dagsins hjá svona gömlu fólki eins og mér. „Nie ma mowy!“ heyri ég hrópað og mér bregður meira en góðu hófi gegnir. Finn hvernig hið auma og aldraða hjarta tekur óvænta kippi. Ég lít við og sé hvar hjúkrunarkonan stendur ákveðin, stappar niður fæti og bendir mér á hjólastól til að setjast í. Ég biðst afsökunar með höfuðhreyfingu og læt undan skipunum þessarar framandi konu enda gæti hún hreinlega tekið upp á því að fara tala tungum. „Dobra robota,“ segir hún þá ögn blíðlegra og mér verður strax rórra. Síðan er mér rúllað út á gang þar sem hið ylhýra tekur að hljóma enn á ný og er kvaddur með orðunum: „Do widzenia“.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Sælkerar!

## Vorum að fá stóra sendingu af úrvali breskra eðalosta

**Lífrænir ostar, ostar beint af býlinu, allt handgerðir gæðaostar**. T.d. Devon Oke, Beenleigh Blue, Northumberland Smoke, Cashell Blue, Old Smales, Quenby Hall Stilton, Godminster organic vintage cheddar.




OSTA BÚÐIN

Bitruháls 2 | 110 Reykjavík | 515 8665 | www.ostar.is | Opið frá 10:00-18:00 alla virka daga

> VISSIR ÞÚ?

Dollaramerkið, $, var fundið upp árið 1788 af Oliver Pollock, viðskiptamógúl frá New Orleans. Bjó hann merkið til með því að blanda saman spænskum peningatáknum. Á meðal þjóða sem nota dollaramerkið en hafa ekki dollara sem gjaldmiðil eru Argentína, Brasilía og Mexíkó.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Segir Bush hafa áhrif á popptexta

Björk Guðmundsdóttir segir að textar annarra poppara séu allt of alvarlegir og lítið pláss sé fyrir grín og glens. Telur hún að Bush Bandaríkjaforseti og stjórn hans eigi þar hlut að máli.

„Íhaldssemin hefur aukist mikið í valdatíð Bush. Því miður hef ég áttað mig á því eftir því sem ég hef orðið eldri að forsetinn hefur mikil menningarleg áhrif á heiminn. Það er ömurlegt að vita til þess en það er satt,“ sagði Björk í viðtali við ástralska dagblaðið The Age. „Ég held að í átta af hverjum tíu textum mínum sé ég að gera grín að sjálfri mér. Flestir vina minna sem ég hef átt í tuttugu ár vita þetta en þegar ég er borin saman við aðra poppara er andrúmsloftið öðruvísi í þeirra textagerð.“

Að sögn Bjarkar telja íhaldsmenn ástandið í heiminum vera of alvarlegt til að hægt sé að hlæja að því. „Þeir gleyma því að þá er einmitt rétta stundin til að hlæja. Ég held að skýringin á þessu sé óttinn við dauðann. Fólk vill ekki kafa djúpt í hlutina. Þeir verða að vera yfirborðskenndir þannig að fólk feli sig í brynju á bak við sólgleraugu. Kannski misskilur fólk mig en það er allt í lagi, því nógu margir kunna að meta mig. En ég vona að þegar Bush hætti í embætti muni fólk sleppa aðeins meira fram af sér beislinu,“ sagði hún.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Björk gagnrýnir Bandaríkjaforseta í viðtali við ástralska dagblaðið The Age.

# J-Lo gjafmild

Jennifer Lopez mun halda veislu til heiðurs væntanlegum erfingja í New York í vikunni. Slíkar veislur eru hefðum samkvæmt vestanhafs, þar sem þær kallast „baby showers“. Vinir og ættingjar færa þá verðandi foreldrum sæg gjafa fyrir barnið og þiggja kaffi og köku í staðinn.

Lopez ku hins vegar ætla að gera enn betur við sína gesti og hyggst gefa hverjum og einum barnasnuð með demantsskrauti til minningar. Á gestalistanum eru meðal annars stjörnur eins og Victoria Beckham, Katie Holmes og Matthew McConaughey, sem er sjálfur að verða faðir á árinu og ætti því að geta notað snuðið góða.

Lopez ljóstraði því nýlega upp að hún hefði fundið fyrir miklum þrýstingi varðandi barneignir frá fjölskyldu sinni. „Þegar Marc og ég vorum nýgift hringdi mamma mín í mig á hverjum degi til að spyrja hvort ég væri með einhverjar fréttir. Ég kem úr stórri fjölskyldu þar sem allt snýst um að eignast börn, svo það var rosalegur þrýstingur alveg frá byrjun,“ segir söngkonan.



**VEISLA FYRIR BARNIÐ** Jennifer Lopez heldur veglega veislu fyrir væntanlegan erfingja þar sem hún hyggst gefa gestum demantsskreytt snuð.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Goðsögnin Joplin hyllt

**Tónleikar til heiðurs bandarísku söngkonunni Janis Joplin voru haldnir á skemmtistaðnum Organ á laugardag. Þá hefði hún orðið 65 ára en hún lést langt fyrir aldur fram árið 1970, aðeins 27 ára.**

Á meðal þeirra sem stigu á svið og fluttu lög Joplin á tónleikunum voru Andrea Gylfadóttir, Daníel Ágúst, Didda, Jenni, Lay Low og Ragnheiður Gröndal. Stemningin í salnum var góð enda Joplin fyrir löngu orðin goðsögn í tónlistarheiminum.



**INNLIFUN** Andrea Gylfadóttir syngur lag Janis Joplin af mikilli innlifun við undirleik Guðmundar Pétursonar og félaga.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**DANÍEL ÁGÚST** Daníel Ágúst Haraldsson var á meðal þeirra sem sungu lög Joplin.



**SAMAN Á ORGAN** Frosti Jón Runólfsson, Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og Didda, sem einnig steig á svið á Organ, stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



**STEMNING** Gleðin skein úr andlitum þeirra Guðfinnu, Hafdísar og Þóris á tónleikunum.











# Hayek ríkust

Salma Hayek og unnusti hennar, Francois-Henri Pinault, eru efst á lista yfir ríkustu pörin í Hollywood, sem tímaritið In Touch hefur tekið saman. Fyrir utan að vera vinsæl leikkona er Hayek framleiðandi þáttanna Ugly Betty, sem hafa notið gríðarlegra vinsælda. Pinault er hins vegar framkvæmdastjóri tískurisans PPR, sem á meðal annars Gucci og Yves Saint-Laurent.

Önnur pör sem prýða listann eru tónlistarmógúllinn Simon Cowell og kona hans, Terri Seymour, Justin Timberlake og Jessica Biel, og svo Jessica Simpson og nýi kærastinn hennar, ruðningsmaðurinn Tony Romo.



**SALMA HAYEK**








***Gullnu reglur Græna ljóssins***

**1 *Ekkert hlé***
Myndin sýnd í einum rykk

**2 *Minna af auglýsingum***
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3 *Engin truflun***
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

**græna ljósið**
- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ
Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Bíóklúbbinn og þú færð sendan boðsmiðakóða á Miða.is alla frumsýningardaga




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | |
| THE MIST | kl. 8 - 10.40 | 10 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 - 6 ENSKT TAL | 16 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 3.45 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| THE NANNY DIARIES | kl. 8 - 10.20 | 10 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | 7 |
| LUST CAUTION | kl. 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 6 - 9 ótextuð | 12 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 5.30 | |

SÍMI 462 3500 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 6 | 10 |

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| LÖGFRÆÐINGUR HRYÐJUVERKANNA kl. 5.30 | MOLIERE kl. 8 | LOFAÐU MÉR kl. 10 |
| TVEIR DAGAR Í PARÍS kl. 6 | PERSEPOLIS kl. 8 | HELVÍTI kl. 10.20 |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 5:50 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER Síð. sýn | kl. 10:20 | 16 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 6 - 8 - 10:20 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8:20 - 10:20 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 6 | 14 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10 | L |
| GAME PLAN | kl. 8 - 10:20 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 8 - 10 | L |
| NATIONAL TREASURE | kl. 8 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 10:20 | 16 |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | 7 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10:10 | 12 |







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| ALIENS VS PREDATOR 2 | kl. 8 og 10 | 16 |
| THE MIST | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 6 | L |


# Sjálfstillandi gítar

Rafmagnsgítarar eiga það til að afstillast, sérstaklega ef gítarleikarinn fer mikinn í rokkstælum. Nú hefur Gibson-fyrirtækið sett fyrsta sjálfstillandi gítarinn á markað, Les Paul HD 6X Pro, eða „Róbótagítarinn“ eins og hann er yfirleitt kallaður. Fyrirtækið hefur svo mikla trú á gítarnum að það segir hann fyrsta raunverulega gítar 21. aldarinnar og stærsta stökkið í hönnun rafgítara í fimmtíu ár. Þessi gítar helst alltaf í stillingu og með því að snúa takka má stilla hann á augabragði í nýja tóntegund.

„Mér finnst þetta sniðugt en tæknin sem er notuð er kannski full þunglamaleg eins og er,“ segir Stefán Már Magnússon í hljóðfærabúðinni Rín. Hann hefur ekki séð gítarinn en horft á fræðsluefni um hann á netinu. „Þetta á eflaust eftir að verða fullkomnara,“ bætir hann við. Stefán segir að ekki sé búið að panta inn eintak af þessum nútímagítar enn þá. „Ég veit satt að segja ekki hvort einhver er nógu klikkaður til að kaupa svona!“ segir hann. Í Bandaríkjunum er útsöluverð gítarsins um 2.500 dalir (um 160.000 ísl. kr.).



**RÓBÓTAGÍTARINN** Lítur bara út eins og venjulegur gítar.

# Cloverfield slær met



**Hasarmyndin Cloverfield hitti rækilega í mark þegar hún var frumsýnd vestanhafs um síðustu helgi. Myndin náði inn rúmum 2,7 milljörðum króna og sló þar með met yfir bestu frumsýningarhelgi myndar í janúar.**

**Cloverfield, sem fjallar um risastórt skriðdýr sem veldur usla í New York, sló með frammistöðu sinni út aðsóknarmet endurbættrar útgáfu Star Wars frá árinu 1997.**

**Í öðru sæti yfir aðsóknarmestu myndirnar var rómantíska gamanmyndin 27 Dresses með Catherine Heigl í aðalhlutverki og í því þriðja var Mad Money.**



**ÞURSAFLOKKURINN AFTUR Í SKÚRINN** Frá vinstri: Egill Ólafsson, Þórður Árnason, fulltrúi Caput, Guðni Franzson, Tómas Tómasson, Eyþór Gunnarsson, Ásgeir Óskarsson og Rúnar Vilbergsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Merkilega lítið ryðgaðir

**Þursaflokkurinn snýr aftur laugardaginn 23. febrúar og heldur stórtónleika í Laugardalshöll. Tilefnið er þrjátíu ára afmæli og flutt verða öll helstu lög þessarar eiturmögnuðu hljómsveitar í viðhafnarútsetningum, meðal annars með Caput-hópnum. Samhliða koma út allar plötur Þursanna í pakka auk disks með óútgefnu efni.**

„Við byrjuðum að hittast einu sinni í viku í september til að sjá hvar við stæðum, en höfum tekið ansi skarpt á því síðan í desember,“ segir Egill Ólafsson, söngvari Þursaflokksins. „Þó að langt sé um liðið síðan við spiluðum erum við merkilega lítið ryðgaðir, enda eru þetta allt menn sem eru ennþá að spila í deildinni, ef svo má segja.“

Egill er ánægður með að vera kominn aftur í skúrinn með gömlu félögunum. „Það er fínt að hittast reglulega og skemmtilegt að rifja þetta efni upp. Við sitjum þröngt og það er mikil hrútalykt á æfingum. Það kemur á daginn að það eru engin merki um síðasta söludag. Þótt ég segi sjálfur frá hefur þessi tónlist elst vel.“

Þursaflokkurinn er nú skipaður sömu mönnum og tóku upp plötuna Þursabit árið 1979, nema hvað Eyþór Gunnarsson leikur á hljómborð í stað Karls J. Sighvatssonar sem lést árið 1990. Egill er þó ekki í vafa um að Karl sé með í anda á æfingum. „Hann hefur gert vart við sig. Ég hef sem dæmi fundið granólakorn á botni gamallar snúrutösku og snúrur eru mikið að bila. Á sínum tíma voru bilaðar snúrur aðalsmerki Kalla og hann var oft og iðulega að borða granóla á æfingum.“

Þursaflokkurinn mun bæði leika einn og með hinum 22 manna Caput-hópi. „Það var alltaf meiningin að spila með stóru bandi á sínum tíma,“ segir Egill. „Við ætluðum meðal annars að fá Sinfóníuna með okkur en ekkert varð úr. Nú er það daglegt brauð að Sinfónían að spila í rokktónleikum. Músík Þursaflokksins er þannig í laginu að hún þolir vel samstarfið við Caput-hópinn. Það er gaman að því að fólkið í Caput var margt að hlusta á okkur sem börn og unglingar og þekkir því tónlistina vel.“

Fyrstu tónleikar Þursaflokksins voru 27. febrúar 1978 svo það verða þrjátíu ár frá því að hljómsveitin kom fyrst fram. Auk tónleikanna í Höllinni verður afmælisins minnst með fimmfaldri plötuútgáfu í svörtum kassa. Auk platnanna fjögurra – Hinn íslenski Þursaflokkur, Þursabit, Á tónleikum og Gæti eins verið – verður diskur með aukaefni í kassanum. „Eftir síðustu plötuna okkar vorum við langt komnir með nýja plötu sem aldrei kom út. Hún átti að heita Ókomin forneskja og fimm lög af henni verða á aukadiskinum. Þar verða einnig tónleikaupptökur og ýmiss konar aukaefni.“

Egill lofar mögnuðum tónleikum í Höllinni. „Við ætlum að halda út í tvo tíma. Það má ekki lengra vera því þetta er mjög stór skammtur af proggi. Mér skilst að það sé komið langleiðina með að verða uppselt og það verða bara þessir einu tónleikar.“

Egill lofar engu þegar talið berst að áframhaldandi spilamennsku og jafnvel nýrri Þursaplötu. „Við tökum núorðið eitt skref í einu, en í sjálfu sér var aldrei talað um að hætta á sínum tíma. Einn góðan veðurdag var bara kjarni Þursanna kominn í Stuðmenn þar sem tekjur voru öruggari. Það er eðli dvergmarkaðar eins og við búum við, að nauðsynlegt er að hvíla hljómsveitir – ná upp nýrri stofnstærð.“

gunnarh@frettabladid.is

# Lindsay og Murphy langverst

Kvikmynd Lindsay Lohan, I Know Who Killed Me, hefur verið tilnefnd til níu Razzie-verðlauna en myndin Norbit með Eddie Murphy hlaut átta tilnefningar.

Verstu kvikmyndir og leikarar Hollywood fá Razzie-verðlaunin á hverju ári. Murphy, sem á síðasta ári var tilnefndur til Óskarsins fyrir hlutverk sitt í Dreamgirls, fékk sjálfur fimm Razzie-tilnefningar sem er það mesta sem einn leikari hefur fengið á einu ári. Skýringin er sú að hann leikur þrjár persónur í myndinni. „Við ákváðum að hver og ein persóna væri svo léleg að hún ætti skilið sér tilnefningu,“ sagði John Wilson, stofnandi verðlaunanna, um frammistöðu Murphys. Wilson bætti við að Lohan hefði fengið flest atkvæði sem versta leikkonan síðan Sofia Coppola lék í The Godfather Part III. „I Know Who Killed Me er glórulausasta myndin sem hefur komið út síðan Showgirls var sýnd, sem var kosin versta mynd tíunda áratugarins af Razzie.“

Á meðal fleiri leikara sem voru tilnefndir til Razzie voru Nicolas Cage fyrir frammistöðu sína í Ghost Rider, Jim Carrey fyrir The Number 23 og Jessica Alba fyrir myndirnar Awake, Fantastic Four: Rise of the Silver Surfer og Good Luck Chuck.



**LINDSAY LOHAN** Mynd hennar I Know Who Killed Me hlaut níu Razzie-tilnefningar.



**SEX PISTOLS** Pönkararnir í Sex Pistols hafa í hyggju að taka upp ný lög.

# Ný lög frá Sex Pistols

Bresku pönkararnir í The Sex Pistols hafa í hyggju að taka upp sína fyrstu plötu með nýju efni í þrjátíu ár. John Lydon og félagar fóru í tónleikaferðalag seint á síðasta ári og svo virðist sem einhver neisti hafi kviknað hjá þeim félögum.

„Við höfum rætt saman um að taka upp ný lög. Vandamálið er að John (Lydon) og Steve (Jones) búa í Bandaríkjunum og Glen (Matlock) og ég erum í Bretlandi þannig að við eigum erfitt með að hittast,“ sagði trommarinn Paul Cook. „Kannski náum við ekki að gera plötu en vonandi verður eitthvert nýtt efni tilbúið í sumar.“

# Tónleikaferð um Evrópu

Hljómsveitin Portishead frá Bristol á Englandi er á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu í vor. Í ferðinni ætlar sveitin að kynna nýja plötu sem er væntanleg í apríl hjá útgáfufyrirtækinu Island.

Ellefu ár eru liðin síðan Portishead gaf síðast út plötu með nýjum lögum og því bíða margir með mikilli eftirvæntingu eftir nýja gripnum. Portishead spilaði í síðasta mánuði á hátíðinni ATP Nightmare Before Christmas auk þess sem hún hefur bókað sig á tónlistarhátíðina Primavera Sound.



**BETH GIBBONS** Hljómsveitin Portishead með söngkonuna Beth Gibbons í fararbroddi er á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu í vor.



**PETE DOHERTY** Rokkarinn og vandræðagemlingurinn hélt með þýska liðinu á árum áður.

# Vilja aðstoð frá Doherty

Stjórnendur þýska fótboltaliðsins Bayer Uerdingen hafa beðið rokkarann Pete Doherty um að hjálpa sér við að losna úr fjárhagskröggum sínum. Doherty hélt með Uerdingen þegar hann bjó ungur að árum með fjölskyldu sinni í borginni Krefeld.

Markaðsstjóri Uerdingen vonast nú til þess að Doherty veki fólk til umhugsunar um bága fjárhagsstöðu liðsins, sem spilar í einni af neðri deildunum í Þýskalandi. „Ég veit að honum er hlýtt til félagsins og vonandi getur hann hjálpað okkur ef hann hefur tíma,“ sagði markaðsstjórinn.

# Júdó og klám

„Kaldar sturtur“ er nánast spegilmynd annarrar hátíðarmyndar, „Í köðlunum“. Þar var fjallað um tvær stelpur sem voru að æfa kickboxing, hér er fjallað um tvo stráka sem eru að æfa júdó. Og rétt eins og í þeirri mynd eru fjárhagsvandamál fjölskyldunnar í forgrunni. Mögulega má taka því sem gagnrýni á franska velferðarkerfið að hagur fjölskyldunnar vænkast í raun eftir að allir missa vinnuna og eru komnir á bætur. Eða kannski eru það bara ágætis meðmæli.

Það lýsir líklega talsverðum hugarfarsmun á Frökkum og Bandaríkjamönnum að í bandarískum íþróttamyndum er aðaláherslan lögð á hver vinnur og hver tapar, meðan í íþróttamyndum frönsku kvikmyndahátíðarinnar lærir fólk að íþróttin skiptir ekki öllu máli og vex upp úr henni, sem er mikil andstæða við Kevin Costner í Field of Dreams eða Robert Redford í The Natural.

Aðalatriðið hér er ástarþríhyrningur Mickael, kærustu hans og júdófélagans Clément, en júdóæfing ein endar á þann hátt að þau sofa öll þrjú saman. Heldur þetta áfram um stund, þar til Mickael fær nóg og kýlir kærustuna niður á keppnismóti. Eins og í hátíðarmyndinni „Breytt heimilisfang“ virðist hér ekki skipta öllu máli þó að aðrir sofi hjá kærustunni, og menn koma fram við hver annan af fyllstu kurteisi. En hvað veldur sinnaskiptum Mickaels fram og til baka er mér óljóst, kannski er einfaldlega eitthvað í franskri menningu sem ég skil ekki.

Mörg smáatriði eru sýnd hér af mikilli nákvæmni og nánast á rauntíma, hvort sem það er kærastan að þurrka sæði af lærinu eða júdóæfingarnar. Kaldar sturtur er því frekar klámfengin unglingamynd. Sem væri ágætt í sjálfu sér, ef maður skildi betur hvert fólk er að fara með því.

**Valur Gunnarsson**



**KVIKMYNDIR**

**Kaldar sturtur (Douches froides)**

Leikstjóri: Antony Cordier. Aðalhlutverk: Johan Libéreau, Salomé Stévenin og Jean-Philippe Ecoffey.

Sýnd á Franskri kvikmyndahátíð í Háskólabíói.

★★

Frekar klámfengin unglingamynd en nokkuð illskiljanleg.



## > Sex nýliðar í þrjátíu manna landsliðshópi

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hefur valið þrjátíu leikmenn sem taka þátt í æfingamóti á Möltu dagana 2.-6. febrúar. Sex nýliðar eru í hópnum; Stefán Logi Magnússon (KR), Aron Einar Gunnarsson (AZ), Bjarni Þór Viðarsson (Everton), Eyjólfur Héðinsson (GAIS), Jónas Guðni Sævarsson (KR) og Pálmi Rafn Pálmason (Val). Enn fremur hafa sautján leikmenn hópsins aðeins leikið fimm eða færri landsleiki. Aðeins einn af þremur leikjum Íslands í mótinu er á alþjóðlegum leikdegi og því verða atvinnumenn íslenska liðsins takmarkað með í mótinu, auk þess sem Bjarni Þór, Theodór Elmar og Aron spila aðeins einn leik í mótinu vegna leiks með U-21 árs liði Íslands 6. febrúar.



**sport**

sport@fretta-

KÁRI STEINN REYNISSON: ÁKVAÐ Á DÖGUNUM AÐ HÆTTA Í BOLTANUM EFTIR FRÁBÆRAN FERIL MEÐ SKAGALIÐINU

# *Fékk ekki nógu mikinn fiðring til að halda áfram*



Skagamaðurinn Kári Steinn Reynisson, 34 ára, ákvað að leggja skóna á hilluna á dögunum eftir farsælan ferlil með ÍA.

„Ég ákvað að taka mér pásu í haust eftir tímabilið og sjá til fram að áramótum hvað ég vildi gera, þar sem samningurinn minn var útrunninn. Ég fékk svo bara ekki nógu mikinn fiðring til þess að koma mér af stað á ný og halda áfram,“ sagði Kári Steinn, sem er þriðji leikjahæsti leikmaður ÍA frá upphafi með 439 leiki og hefði að öllum líkindum slegið leikjametið næsta sumar í nýrri tólf liða Landsbankadeild.

„Það er svo sem ekki til neinn góður tími til að hætta held ég og auðvitað hefði verið gaman að prófa að spila í tólf liða deild og reyna að byggja ofan á fínan árangur síðasta sumars, auk þess sem Evrópukeppnin heillar alltaf. En ég er búinn að gera upp hug minn og skrokkurinn tekur undir með þeirri ákvörðun. Hvað varðar leikjametið þá held ég að ég hefði hvort sem er ekkert fengið út úr því að ná því þar sem Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, á metið og hann hefði bara látið mig sitja á varamannabekknum,“ sagði Kári Steinn í léttum dúr. Kári Steinn varð fimm sinnum Íslandsmeistari með ÍA; 1993, 1994, 1995, 1996 og 2001, og varð bikarmeistari fjórum sinnum; 1993, 1996, 2000 og 2003 auk þess sem hann vann Meistarakeppni KSÍ, deildarbikarinn og Íslandsmótið innanhúss með Skagamönnum.

„Ég er bara mjög sáttur með feril minn með Skagaliðinu, það gengi sem við nutum og þá titla sem við unnum. Tveir titlar eru eftirminnilegir fyrir mig persónulega. Annars vegar þegar við urðum bikarmeistarar árið 2000 gegn ÍBV og ég skoraði sigurmarkið í lok leiksins og svo hins vegar þegar við urðum Íslandsmeistarar árið 2001. Fæstir bjuggust við miklu af Skagaliðinu það árið eftir að við höfðum verið í fimmta sæti árið áður og knattspyrnudeild félagsins var í miklum fjárhagskröggum fyrir tímabilið. Við komum hins vegar mjög á óvart, hópurinn small vel saman og við tryggðum okkur titilinn í Eyjum með jafntefli gegn ÍBV í lokaumferðinni,“ sagði Kári Steinn að lokum.

Æfingamót á Möltu:

## Landsliðshópur

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson tilkynnti í gær þrjátíu manna landsliðshóp sem mætir Hvíta-Rússlandi 2. febrúar, Möltu 4. febrúar og Armeníu 6. febrúar.

**Markverðir:** Fjalar Þorgeirsson (Fylki), Kjartan Sturluson (Val), Stefán Logi Magnússon (KR).

**Útileikmenn:** Hjálmar Jónsson og Ragnar Sigurðsson (Gautaborg), Hermann Hreiðarsson (Portsmouth), Jóhannes Karl Guðjónsson (Burnley), Kristján Örn Sigurðsson (Brann), Grétar Rafn Steinsson (Bolton), Veigar Páll Gunnarsson (Stabæk), Stefán Gíslason (Brøndby), Gunnar Heiðar Þorvaldsson (Vålerenga), Emil Hallfreðsson (Reggina), Ólafur Ingi Skúlason (Helsingborg), Theodór Elmar Bjarnason (Lyn), Aron Einar Gunnarsson (AZ Alkmaar), Bjarni Þór Viðarsson (Everton), Eyjólfur Héðinsson (GAIS), Helgi Sigurðsson, Baldur Ingimar Aðalsteinsson, Pálmi Rafn Pálmason, Atli Sveinn Þórarinsson, Birkir Már Sævarsson og Bjarni Ólafur Eiríksson (Val), Matthías Guðmundsson, Tryggvi Guðmundsson, Davíð Þór Viðarsson, Sverrir Garðarsson (FH), Jónas Guðni Sævarsson (KR) og Bjarni Guðjónsson (ÍA). - óþ




**BURT MEÐ KANANN** Áhangendur Liverpool létu í ljós óánægju sína í gærkvöldi með hina bandarísku eigendur liðsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Jafnt hjá Liverpool og A. Villa

**FÓTBOLTI Liverpool og Aston Villa skildu jöfn á Anfield í gærkvöldi.**

**Heimamenn fengu þó óskabyrjun þegar Yossi Benayoun skoraði á 19. mínútu eftir góðan undirbúning Dirk Kuyt og reyndist það eina mark fyrri hálfleiks.**

**Aston Villa komst svo yfir með tveimur mörkum þvert gegn gangi leiksins. Fyrst var það varamaðurinn Marlon Harewood sem var aðeins búinn að vera á vellinum í þrjár mínútur þegar hann jafnaði leikinn með glæsilegri bakfallsspyrnu. Stuttu síðar komst Aston Villa svo yfir þegar Olof Mellberg átti skot sem fór í hendina á Fabio Aurelio og þaðan í markið. Peter Crouch bjargaði stigi fyrir Liverpool með marki í lokin og Liverpool hefur því gert fjögur jafntefli í röð.**

**Áhangendur Liverpool efndu til mótmæla fyrir leikinn þar sem þeir létu í ljós óánægju sína með hina bandarísku eigendur liðsins, Tom Hicks og George Gillett, sem hafa undanfarið verið sagðir vilja selja Liverpool til fjárfestingarfélags frá Dubai.** - óþ

# Gott að fá Óla aftur inn

**Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari horfir fram á veginn eftir tap gegn Frökkum og segir það góð tíðindi að Ólafur Stefánsson sé aftur kominn í hópinn. Alfreð mun brydda upp á nýjungum í leiknum við heimsmeistara Þjóðverja í dag.**

**HANDBOLTI** Það var ágætis stemning á æfingu landsliðsins í gær og talsvert léttara yfir liðinu núna en á æfingunni eftir tapið gegn Svíum. Strákarnir tóku vel á því, brostu þess á milli og virðast vera klárir í slaginn gegn Þjóðverjum.

„Maður er strax bjartsýnni að fá Óla inn í þetta hjá okkur aftur og sjá að hann versnaði ekki og virðist því vera í bara nokkuð góðu standi,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari sem var léttur, búinn að leggja Frakkaleikinn til hliðar og farinn að horfa fram á veginn.

Hann æfði talsvert mikið með nýja uppstillingu í sókninni þar sem Ólafur Stefánsson var á miðjunni, Guðjón Valur í vinstri skyttustöðu og Alexander hægra megin. Í hornunum voru síðan Hannes Jón og Einar Hólmgeirsson.

„Þetta er sú uppstilling sem ég ætlaði að nota mikið í keppninni og æfði aðeins gegn Tékkum sem og á æfingamótinu í Danmörku. Einar átti reyndar að vera þá í skyttunni en hann hefur því miður ekki alveg verið að finna sig og þar með er Alex næsti kandidat inn í skyttuna.

Það var talsvert meira tempó í spilinu með þá Guðjón og Alex í skyttustöðunum og meiri skilningur á þeim taktíkum en verið hefur í leikjum liðsins síðustu daga. Við ætlumst ekkert til þess að Óli verði einhver bjargvættur en hann getur skilað gríðarlega miklu til liðsins. Ég stórefast um að hann geti spilað 60 mínútur á fullu. Ef hann nær 20 mínútum í hvorum hálfleik yrði það frábært. Þeir sem leysa hann síðan af verða þá líka að vera klárir í slaginn og skila sínu,“ sagði Alfreð, sem var að æfa fleiri nýja hluti á æfingunni í gær.

„Við æfðum smá afbrigði með hraðri miðju í dag sem við ætlum að prófa. Spurning hvernig það mun ganga en við prófum. Það skiptir engu hverjum við mætum fyrst en það er samt ekki gaman að fá Þjóðverjana í kjölfar skellsins sem þeir fengu gegn Spánverjum. Þeir mæta klárlega mjög einbeittir og við verðum að byrja leikinn mjög vel,“ sagði Alfreð að lokum.



**LAGT Á RÁÐIN** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari ræðir hér málin við Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóra HSÍ, á æfingu landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



EM Í NOREGI
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
skrifar frá Þrándheimi
**henry@frettabladid.is**

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Iceland Express-deild kvk:*

| | |
|---|---|
| Valur-Haukar | 80-79 (35-42) |

**Stig Vals:** Molly Peterman 34 (7 stoðs.), Signý Hermannsdóttir 16 (12 frák., 7 varin), Lovísa Guðmundsdóttir 8, Tinna Björk Sigmundsdóttir 7, Guðrún Baldursdóttir 6, Berglind Ingvarsdóttir 5, Þórunn Bjarnadóttir 4.

**Stig Hauka:** Kristrún Sigurjónsdóttir 22 (11 frák.), Kiera Hardy 19 (9 stoðs.), Unnur Tara Jónsdóttir 9 (10 frák.), Bára Fanney Hálfdanardóttir 9, Telma Björk Fjalarsdóttir 8 (10 frák.), Guðbjörg Sverrisdóttir 5, María Lind Sigurðardóttir 4, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 3.

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Liverpool-Aston Villa | 2-2 |

1-0 Yossi Benayoun (19.), 1-1 Marlon Harewood (69.), 1-2 sjálfsmark (72.), 2-2 Peter Crouch (88.).

### *Afríkukeppnin í fótbolta:*

| | |
|---|---|
| Nígería-Fílabeinaströndin | 0-1 |

0-1 Salomon Kalou (66.).

### *Em í handbolta:*

| | |
|---|---|
| Ísland-Þýskaland | í dag kl. 15:20 |
| Ísland-Ungverjaland | Miðvikudag kl. 19:15 |
| Ísland-Spánn | Fimmtudag kl. 14:20 |



**EYMSLI** Logi Geirsson þurfti að draga sig í hlé á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenska landsliðið:

## Sami hópurinn

**HANDBOLTI** Það er ljóst að Jaliesky Garcia Padron tekur ekki þátt í leiknum við Þjóðverja í dag en hann er enn veikur. Allir leikmenn landsliðsins fyrir utan Garcia æfðu í gær en Logi Geirsson varð að draga sig í hlé um miðja æfingu vegna einhverra eymsla en hann ætti að vera í lagi í dag.

Það verða ekki gerðar neinar breytingar á leikmannahópnum fyrir milliriðilinn og sömu sextán leikmenn og eru til staðar skráðir inn. - hbg

Ólafur Stefánsson æfði af krafti með landsliðinu í gær og verður í eldlínunni á ný gegn Þjóðverjum í dag:

# Vonandi færi ég liðinu aukið sjálfstraust

**HANDBOLTI** Það var ánægjuleg sjón sem blasti við íslenskum fjölmiðlamönnum á æfingu landsliðsins í gær. Ólafur Stefánsson var mættur til leiks á nýjan leik og tók þátt í æfingunni af krafti.

„Ég er miklu betri og ég læt bara vaða. Ég er mjög vel stemmdur og vonandi get ég hjálpað liðinu eitthvað,“ sagði Ólafur, sem var léttur og greinilega ánægður að vera aftur klár í slaginn. Hann lenti í því nákvæmlega sama á Evrópumótinu fyrir tveim árum síðan, kom til baka í milliriðilinn og spilaði mjög vel.

„Vonum að það verði svipað uppi á teningnum núna. Vonandi færi ég liðinu sjálfstraust og það er mitt helsta hlutverk. Þetta verður ekki einhver einkasýning hjá mér. Það er alls ekki þannig heldur þurfum við allir að standa okkur. Menn verða að vera jákvæðir og hafa trú á sjálfum sér. Liðið þarf að virka sem ein vél bæði í vörn og sókn. Ég er ábyrgari kannski fyrir sókninni en vonandi náum við bara öllum strákunum í gang. Þá erum við til alls líklegir,“ sagði Ólafur, sem er bara ánægður að mæta heimsmeisturum Þjóðverja í fyrsta leik Íslendinga í milliriðlinum.

„Það leggst vel í mig. Við erum ekkert lélegri en Þjóðverjar þegar við náum okkur í gang. Þetta verða allt hörkuleikir í þessum riðli og við þurfum toppleiki í þeim öllum til að vinna. Annars er ég bara mjög glaður að vera kominn aftur. Ég lét reyna vel á meiðslin og fann sama sem ekki neitt fyrir þeim og vonandi verð ég nógu góður til að geta hjálpað liðinu í leiknum,“ sagði Ólafur Stefánsson.

Íslendingar mæta Ungverjum í öðrum leik sínum í milliriðlinum annað kvöld kl. 19.15 og svo tekur við leikur gegn Spánverjum á fimmtudag kl. 14.20. - hbg



**ENDURKOMA** Fyrirliðinn Ólafur Stefánsson leggur áherslu á að menn vinni saman og verði jákvæðir fyrir erfiða leiki í milliriðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




INNIFALIÐ Í FREELANDER 2 SPORT: **Leðurinnrétting**, hiti í sætum, rafmagn í framsætum, leðurstýri, sjálfvirk loftkæling fyrir ökumann og farþega, aðgerðarstýri með skriðstillir, regnskynjari, 755 ltr farangursrými, CD spilari, 6 þrepa sjálfskipting, Terrain Response™ aldrifskerfi, 5 stjörnur frá NCAP, 7 loftpúðar ,aftengjanlegur loftpúði fyrir farþegasæti og 17" álfelgur.

Turbo Dísel 2,2 ltr vél 160 hö. með 400 Nm tog, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 8.5 ltr/100 km.
Verð kr. 4.770.000

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200 • www.landrover.is

LAND ROVER
GO BEYOND

> **Kate Hudson**

Þrátt fyrir að Kate Hudson sé mjög hátt launuð leikkona í Hollywood kaupir hún flest öll fötin sín notuð og hefur gaman að því að búa til skartgripina sína sjálf. Hún leikur í kvikmyndinni You, Me and Dupree sem er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 18.00 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFÐI Á GEÐÞEKKA GEIT

# *Björt og fögur framtíð á laugardagskvöldi*

Samkvæmt hinni ævafornu og helgu reglugerðarbók dagskrárstjóra sjónvarpsstöðva skulu laugardagskvöld vera allra sjónvarpskvölda skemmtilegust. Á þessum örlagakvöldum ber að bjóða upp á efni sem öll fjölskyldan getur sammælst um að sé skemmtilegt, alveg út í gegn. Mikilvægt er að slá ekki feilnótu í þessu máli, ellegar rýrna auglýsingatekjur verulega og sá góði orðstír sem áralöng varfærni í dagskrárgerð hefur unnið inn verður að engu. Erfitt er að gera öllum jafnt til geðs og ber dagskrárgerð laugardagskvölda gjarnan með sér blæ ofhugsunar.

Laugardagskvöldið hjá Sjónvarpinu innihélt vænan skammt af tvennu sem höfðar, kenningunni samkvæmt, til allra. Sá sem ekki gleðst við fagra tóna hefur kalið hjarta og sá sem ekki fyllist eldmóði í hita heiðarlegrar keppni er tuska. Laugardagslögin eru sumsé skotheld uppskrift, enda etur tónlist kappi við aðra tónlist í þessum stórlega vanmetna þætti.



Á þessum síðustu og verstu tímum virðist stundum vera útlit fyrir að náttúran taki bráðlega völdin og drekki okkur, eða baki okkur eins og kartöflur. Ekki líst okkur vel á þessa þróun og því er fátt sem virkar jafn hughreystandi eins og að sjá með eigin augum dæmi um ótvírætt drottnunarvald okkar yfir óstýrilátri náttúrunni. Laugardagslögin glöddu mannleg hjörtu nú um helgina með því að sýna okkur þýska fjárhunda sem hlýddu skipunum húsbónda síns um að sitja kyrrir. Með setunni fóru hundarnir gegn eigin eðlisávísun sem drífur þá til þess að drepa og éta allt og alla sem á vegi þeirra verður. Járnvilji mannkyns er þó ódauðlegur og óætur og því hefur svo farið að hundarnir hafa þurft að lúta í lægra haldi fyrir því ofurefli. Önnur og sætari birtingarmynd náttúruvalds okkar kom fram í geitinni vinalegu sem hoppaði yfir lítil grindverk og prílaði upp á pall einungis vegna þess að við mennirnir vildum það. Í þessari hlýðnu geit sjáum við glæsta framtíð mannkyns; í dag fara húsdýr að vilja okkar en á morgun verður það sólin sjálf. Gott væri að sjá meira af dagskrárgerð sem einkennist af þess háttar bjartsýni.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** You, Me and Dupree STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Skólahreysti SKJÁREINN



▶ **20.15** Amazing Race STÖÐ 2



▶ **22.00** American Idol SIRKUS



▶ **22.25** Lögmál Murphys SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (44:52)

**17.51 Hrúturinn Hreinn** (2:40)

**18.00 Geirharður bojng bojng** (4:26)

**18.25 Kokkar á ferð og flugi** (1:8) Að þessu sinni er áfangastaðurinn Ningaloo-ströndin á vesturströnd Ástralíu. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Veronica Mars** (2:20) (Veronica Mars III) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk leikur Kristen Bell.

**20.55 Vestfjarðavíkingurinn 2007** Mynd um árlegt aflraunamót á Vestfjörðum sem haldið var í fimmtánda sinn í fyrra sumar. Að þessu sinni var keppt á sunnanverðum Vestfjörðum. Keppni hófst á Patreksfirði, en leikurinn barst að Hnjóti, Hvallátrum, Tálknafirði og lauk á Bíldudal.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.25 Lögmál Murphys** (5:6) (Murphy's Law IV) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn.

**23.20 Glæpurinn** (14:20) (Forbrydelsen: Historien om et mord) Danskir spennuþættir af bestu gerð (e)

**00.20 Kastljós** e.

**00.50 EM í handbolta** e.

**02.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Pilot´s Wife**

**08.00 Casanova**

**10.00 Blue Sky** (e)

**12.00 You, Me and Dupree**

**14.00 Casanova**

**16.00 Blue Sky** (e)

▶**18.00 You, Me and Dupree** Rómantísk gamanmynd með Owen Wilson, Kate Hudson og Matt Dillon í aðalhlutverkum.

**20.00 The Pilot´s Wife**

**22.00 Shallow Grave** (e)

**00.00 Children of the Corn 6**

**02.00 Call Me: The Rise ... of Heidi Fleiss**

**04.00 Shallow Grave** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**

**07.25 Tommi og Jenni**

**07.50 Kalli kanína og félagar**

**08.00 Kalli kanína og félagar**

**08.10 Kalli kanína og félagar**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (107:120)

**10.15 Homefront** (16:18) (e)

**11.00 Freddie** (14:22)

**11.25 Örlagadagurinn** (6:30)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (e)

**13.40 Sjáðu**

**14.15 Double Dare** Margverðlaunuð heimildarmynd um tvær áhættuleikkonur.

**15.55 Shin Chan**

**16.15 Skjaldbökurnar**

**16.38 Ginger segir frá**

**17.03 Justice League Unlimited**

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.50 Ísland í dag**

**19.25 Simpsons** (18:21)

**19.50 Friends 4** (18:24)

▶**20.15 Amazing Race** (8:13) Kapphlaukið mikla er hafið í tíunda skiptið.

**21.05 NCIS** (19:24)

**21.50 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur.

**22.25 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi.

**23.10 Nip/Tuck** (1:14) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**00.00 Prison Break** (8:22)

**00.45 The Closer** (7:15)

**01.30 Dirty War**

**03.05 Double Dare**

**04.25 Medium** (18:22)

**05.10 Simpsons** (18:21)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**17.40 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

**18.25 World Supercross GP** Útsending frá World Supercross GP sem haldið var á Chase Field í Phoenix.

**19.20 Veitt með vinum** (Ytri Rangá) Ytri Rangá er talin ein af gjöfulustu ám landsins. Kalli fékk að fljóta með þeim félögum Rúnari og Garðari en þeir hafa veitt í ánni í mörg ár. Það skiptust á skin og skúrir í bókstaflegri merkinu en það breytti litlu því ávallt var mikið af laxi.

**19.50 Tottenham - Arsenal** (Enski deildarbikarinn) Bein útsending frá síðari leik Tottenham og Arsenal í enska deildarbikarnum.

**21.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**22.45 Ultimate Blackjack Tour 1** Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem margir af slyngustu spilurum heims mæta til leiks.

**23.40 Tottenham - Arsenal** (Enski deildarbikarinn) Útsending frá síðari leik Tottenham og Arsenal í enska deildarbikarnum í knattspyrnu sem fór fram þriðjudaginn 22. janúar.

## SÝN2

**07.00 Liverpool - Aston Villa** Útsending frá leik Liverpool og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram mánudaginn 21. janúar.

**16.20 Tottenham - Sunderland** Útsending frá leik Tottenham og Sunderland sem fór fram laugardaginn 19. janúar.

**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin**

**19.00 Wigan - Everton** Útsending frá leik Wigan og Everton í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 20. janúar.

**20.40 Man. City - West Ham** Útsending frá leik Man. City og West Ham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 20. janúar.

**22.20 English Premier League** (Ensku mörkin)

**23.15 Reading - Man. Utd.** Útsending frá leik Reading og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 19. janúar.

## SKJÁREINN

**07.30 Dýravinir** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 The Drew Carey Show** (e)

**19.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

▶**20.00 Skólahreysti - NÝTT** Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Þetta er liðakeppni milli skóla og hvert lið er skipað tveimur drengjum og tveimur stúlkum úr 9. og 10. bekk. Fjörið hefst með keppni í Laugardalshöll en síðan verður haldið út fyrir höfuðborgina og keppt í Kópavogi, Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Akranesi. Úrslitakeppnin fer síðan fram í Laugardalshöll og verður hún sýnd í beinni útsendingu.

**21.00 Queer Eye** Hinir fimm fræknu koma slökkviliðsmanni til bjargar að þessu sinni. Hann er frekar subbulegur mótorhjólakappi og tískulöggurnar verða svo sannarlega að taka til hendinni til að hann geti heillað dætur sínar og nýju kærustuna.

**22.00 High School Reunion** (2:7) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál.

**22.50 The Drew Carey Show**

**23.15 C.S.I. New York** (e)

**00.15 Bullrun** (e)

**01.05 The Boondocks** (e)

**01.30 NÁTTHRAFNAR**

**01.30 C.S.I. Miami**

**02.15 Ripley's Believe it or not!**

**03.00 The World's Wildest Police Videos**

**03.45 Vörutorg**

**04.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Leiðsöguskólinn býður upp á spennandi starfsnám á vorönn 2008

# Svæðisleiðsögunám um Reykjavík og nágrenni

Innritun stendur yfir

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

www.mk.is



**Almennt um námið**
Námið tekur eina önn og veitir svæðisleiðsöguréttindi. Kennt er þrjú kvöld í viku frá mánudegi til miðvikudags, auk æfingaferða um helgar.

**Inntökuskilyrði**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi. Æskilegt er að hafa gott vald á einu erlendu tungumáli.

**Kennsla hefst mánudaginn 28. janúar**

**Nánari upplýsingar á www.mk.is, í síma: 594 4025 eða á netfanginu: lsk@mk.is**

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.50**
**Kompás**




Grimmd undirheima fíkniefnanna er ekki bundin við þá eina sem þar lifa og hrærast. Heilu fjölskyldurnar þjást og verða jafnvel fórnarlömb ofbeldisverka. Þó að börnin losni úr neyslunni sitja skuldirnar eftir. Foreldrunum er hótað af handrukkurum sem svífast einskis. Í Kompás í kvöld er sagt frá föður sem sætti sig ekki við ofbeldishótanir og þvinganir. Lögreglan var kvödd til og handrukkarinn settur í járn. Kompás fylgdist með handtökunni með aðstoð falinna myndavéla.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Tottenham – Arsenal**
**Sýn kl. 19.50**

Það verður hvergi gefið eftir í þessum síðari leik liðanna í undanúrslitum deildarbikarsins í kvöld. Leikir liðanna eru ávallt mikil skemmtun enda fornir fjendur að mætast. Juande Ramos á möguleika á að vinna bikar á sinni fyrstu leiktíð sem knattspyrnustjóri hjá Tottenham og um leið tryggja liðinu sæti í Evrópukeppni félagsliða á næsta ári. Það er því mikið undir hjá Tottenham á meðan Arsenal getur andað rólega hvað Evrópukeppnina varðar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.15** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Fimm fjórðu
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16:00 Hollyoaks** (106:260)
**16.30 Hollyoaks** (107:260)
**17.00 The George Lopez Show** (8:18)
**17.30 Johnny Zero** (12:13)
**18.15 Lovespring International** (4:13)
**18.35 Big Day** (4:13)
**19.00 Hollyoaks** (106:260)
Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (107:260)
**20.00 The George Lopez Show** (8:18) (e)
**20.30 Johnny Zero** (12:13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga.
**21.15 Lovespring International** (4:13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.35 Big Day** (4:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**22.00 American Idol** (1:41) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit.
**23.20 American Idol** (2:41)
**00.45 Special Unit 2** (4:19) (SU2) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Jón Kristinn Snæhólm** Einn af traustustu liðsmönnum bláu handarinnar bregst ekki vonum.
**21.30 Hvernig er heilsan**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens detektiver **12.55** Søren Ryge - Manden og ørnen **13.20** DR Explorer i Australien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Robotboy **15.45** Max **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Rig ved et tilfælde **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Babyrøverne **22.25** Alt på ét bræt **23.15** SPAM

## NRK 1

**14.30** Ghost Trackers **15.00** Absalons hemmelighet **15.25** Erstatterne **15.50** Frosk til middag **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Veterinær på safari **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** På cruise med kongeskipet Dannebrog **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extratrekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Argument **12.45** Hon dansade en sommar **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Extra **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.10** Småkryp **17.20** Tippe **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Philofix **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Hart's War **23.00** Rapport


VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

# Gítarnámskeið fyrir alla!

**ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum***



**Gítarnámskeið fyrir byrjendur**

Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski bara að stofna rokkhljómsveit?
Þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitur. Kennsla fer fram í hóptímum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni helstu gítargripin.

Lengd námskeiðs: 12 vikur
Aldur: Fyrir alla aldurshópa

**25.000 kr. niðurgreiðsla fyrir þá sem geta notað Frístundakort ÍTR***

*Nánari upplýsingar á www.itr.is um möguleika Frístundakortsins




**Fyrir þá sem vilja læra meira**

Við bjóðum lengra komnum gítarleikurum upp á einkakennslu þar sem farið er nánar í tækniatriði, hljómfræði og kenndar upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Nirvana o.fl. Uppbygging gítarsólóa og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix".
Farið verður í mismunandi "karakter"-tegundir gítara og gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum.
Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri.

Lengd námskeiðs: 12 einkatímar
Aldur: Fyrir alla aldurshópa

**Námskeiðin hefjast í febrúar.**
**Kennt verður í Kópavogi og Grafarvogi í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur.**

**Skráningar á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 534 9090**

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Austurlandahraðlestin er mest djúsí bitinn í bænum. Ég fæ mér alltaf Madras, sem er sterkur og góður réttur.“*

Gaukur Úlfarsson, leikstjóri.

# Gunnar í Krossinum í detox með Jónínu Ben

„Já, já, já, já, Jónína var þarna sjálf. Við vorum þarna einhver tíu til tólf frá Íslandi,“ segir Gunnar Þorsteinsson, gjarnan kenndur við Krossinn, nýkominn frá Póllandi þar sem dvaldi í hálfan mánuð. Og lætur vel af sér. Líkamsræktarfrömuðurinn Jónína Ben hefur gengist fyrir detox-ferðum á Elfheilsuhótelið sem er í Póllandi, nálægt Gdansk. Og guðsmaðurinn Gunnar skellti sér með að þessu sinni. Og er ánægður með ferðina.

„Ég var ekki í hinu eiginlega afeitrunarprógrammi en átti ákveðna samleið með hópnum. Gott að vera með fólki sem vill þjá líkama sinn og neita sér um mat og drykk. Ég hef gert þetta í mörg ár, fastað, fer í slipp og herði lausar skrúfur. Skila ársreikningi inn fyrir líkamann. Þetta sem ég geri byggir á aldagamalli hefð þar sem grunnurinn er föstur og hreinsanir.“

Hreinsunarferðir Jónínu til Póllands hafa verið umdeildar innan læknisfræðinnar, einkum þetta sem lýtur að stólpípumeðferð sem boðið er upp á í ferðum þessum sem og föstuþátturinn. Gunnar segir miður að læknisfræðin hér heima skuli ekki hafa skilning á þessu. En þessi hefur verið iðkan mannkyns frá örófi alda. Gunnar segist aðeins geta vonað að heilbrigðisyfirvöld vakni til meðvitundar um þetta því klárt sé að þessi aðferð, hreinsunin, getur hjálpað mörgum sem þjást af þessum menningarsjúkdómi – en okkar menning er komin úr skaftinu hvað varðar til dæmis offitu.

„Slökkva á jarðneskum kenndum og komast í samband við guð. Hreinsa líkama og anda... um það snýst málið,“ segir Gunnar sem lengi hafði leitað eftir afdrepi fyrir karakter eins og sig, eins og hann orðar það, þar til hann rambaði á ferðir Jónínu til Póllands.

„Einhverju þarf að fórna af þessum dýru kílóum sínum sem maður hefur komið sér upp með stórum tilkostnaði, konfekt og stórsteikur kosta sitt. En maður geldur nú guði tíund af líkamanum,“ segir Gunnar aðspurður hvort aukakílóin hafi ekki beinlínis runnið af honum. Og neitar að segja meira um kílóafjölda. Gunnar er enginn kettlingur og má reikna með því að hann hafi skilið um tíu kíló eftir í Póllandi. **- jbg**



**GUNNAR Í KROSSINUM** Hefur nú goldið guði tíund af líkamanum.



**LÁRÉTT**
**2.** líkamshluti **6.** kusk **8.** skrudda **9.** upphrópun **11.** hljóta **12.** gjamma **14.** blossaljós **16.** tveir eins **17.** neðan **18.** for **20.** forfaðir **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kaupbætir **3.** í röð **4.** handarlínulist **5.** hallandi **7.** frjáls **10.** einkar **13.** efni **15.** togvinda **16.** ósigur **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** háls, **6.** ló, **8.** bók, **9.** aha, **11.** fá, **12.** gelta, **14.** flass, **16.** tt, **17.** upp, **18.** aur, **20.** ái, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT:** **1.** álag, **3.** áb, **4.** lófaspá, **5.** ská, **7.** óheftur, **10.** all, **13.** tau, **15.** spil, **16.** tap, **19.** ró.






ÓLAFUR JÓHANNESSON: SANKAR AÐ SÉR SOPRANOS-LEIKURUM

# Nigella bakaði fyrir Ólaf

„Það er ekki á hverjum degi sem maður fær svona gæðakokk á tökustað og sjá hann í „live-action“,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Ólafur Jóhannesson sem fékk heldur óvæntan gest á tökustað til sín í New York á dögunum. Þá birtist sjónvarpskokkurinn Nigella Lawson eins og þruma úr heiðskíru lofti.

Nigella hefur yljað íslenskum sjónvarpsáhorfendum og hinum vestræna heimi um hjartarætur með uppskriftum sínum á sjónvarpskjánum. Á bloggsíðu sinni segir Ólafur frá því að Nigella sé skyld einni af ljósastelpunum í myndinni en leikstjórinn vildi eiginlega sem minnst tjá sig um heimsóknina. „Hún kom bara og bakaði nokkra kökur sem voru reyndar ljúffengar. Ég verð samt að viðurkenna, að hætti íslenskra karlmanna, að það slær samt ekkert út matinn hennar mömmu,“ útskýrir Ólafur og segir að Nigella hafi verið hvers manns hugljúfi.

En Ólafur var ennþá leyndardómsfyllri þegar talið barst að kvikmyndinni sem tekin er upp á götum Brooklyn-hverfisins. Segir vinnuheitið vera ken'tuc'ee 1571 og hún fjalli um engladeild sem reynir að ná í tvítugan engil en hann hefur fyrir mistök lifað í líki raunverulegs manns. „Mér finnst voðalega gaman að skrifa og fara svo bara út í tökur og búa til einhvern veruleika út frá sem hefur verið fest niður á blað,“ segir Ólafur sem treystir á svokallaða slysaaðferð. Að eitthvað bara gerist „Síðan verður maður bara að sjá hvort þetta virkar. Ef ekki þá á maður bara að vera heiðarlegur og setja það aðeins til hliðar,“ segir Ólafur.

Hann virðist á góðri leið með að sanka að sér leikurum úr Sopranos-þáttunum vinsælu því með eitt aðalhlutverkanna fer Sharon Angela sem lék Rosalie April í sjónvarpsþáttunum vinsælu. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá leikur Michael Imperioli í annarri mynd Ólafs, Stóra planið, sem verður frumsýnd á þessu ári. Leikstjórinn útilokar ekki að fleiri leikarum úr sjónvarpsþáttunum bregði fyrir í myndinni en það eigi allt eftir að koma í ljós á næstu dögum. „Við erum einnig að ræða við nokkrar leikara úr Law & Order en sjáum bara til,“ segir Ólafur.

freyrgigja@frettabladid.is



**ENGLASVEITIN** Ólafur með tveimur leikurum úr myndinni ken'tuc'ee 1571



NORDICPHOTOS/GETTY

**APRIL** Sharon Angela leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni.



**NIGELLA BAKAÐI** Ólafur Jóhannesson með sjónvarpskokkinum Nigellu Lawson sem tók sig til og bakaði nokkrar kökur ofan í tökuliðið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ísólfur Gylfi Pálmasson** sveitarstjóri er ritstjóri og ábyrgðarmaður fréttabréfs sem Hrunamannahreppur gefur út. Þar segir að í fríðu föruneyti **Árna M. Mathiesen** fjármálaráðherra, sem hélt nýverið fund á Hótel Flúðum, hafi verið **Sigmundur Sigurgeirsson**. Ísólfur greinir frá því að Sigmundur sé í sérverkefnum hjá Árna en sé í raun hægri hönd Árna í ráðuneytinu. Sigmundur er annars þekktastur fyrir að hafa skrifað fúkyrðaflaum á blogg sitt um **Jóhannes** í Bónus og son hans **Jón Ásgeir** meðan hann var fréttaritari RÚV á Suðurlandi. Og var vikið frá störfum tímabundið í kjölfarið. En Árni lætur Sigmund ekki gjalda þess.





**Erpur Eyvindarson**, rapparinn grimmi úr Kópavogi, vinnur nú að sólóplötu. Hans fyrsta og ríkir nokkur leynd um hana. Fréttablaðið heyrir þó að þar muni kenna ýmissa grasa og ætlar Erpur að kalla til breiðan hóp aðstoðarmanna. Fastlega má búast við því að hann fái **Bjartmar Guðlaugsson** til að koma fram sem gestur en Erpur er einlægur aðdáandi hans. Þá er von til að Erpur leiti samstarfsmanna utan landsteina en því miður er ljóst að **Proof** úr D12, sem var með Erpi á „Hæstu hendinni“ verður ekki með. Proof var skotinn fyrir margt löngu og horfinn til feðra sinna. **- jbg**








## Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér ?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.
Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fylgir tilkynninguna munum við færa þér **frímiða í bíó.**

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: **585 8300 / 585 8330** eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

pósthúsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is


# Atli Már fréttaritari á CNN

„Þau voru eitthvað hrifin af þessu og vilja geta hringt í mig hvenær sem eitthvað gerist á Íslandi,“ segir Atli Már Gylfason blaðamaður á Séð og heyrt. Hann hefur nú verið ráðinn sem fastur fréttaritari CNN á Íslandi.

Þegar fréttin af andláti Bobby Fischer barst rauk fréttastöðin CNN eðlilega í málið. Þeir sem fylgdust með gangi mála þar fengu séð Atla Má skýra málið fyrir milljónum sjónvarpsáhorfenda. Eins og herforingi og á skjánum í um sex mínútur.

„Ég náði að klóra mig út úr þessu,“ segir Atli Már hógvær en neitar því ekki að hafa verið stressaður. „Áður en ég vissi var farið að telja niður og ég kominn í loftið. Gerðist allt mjög hratt en ég var kominn af skjálftavaktinni fljótlega. Skemmtilegt að sjá þegar skipt var yfir til Moskvu þar sem var Gary Kasparov. Sérstök tilfinning.“

Atli Már er aðeins 23 ára gamall en hefur þó starfað sem blaðamaður í sex ár. Hóf feril sinn á Suðurnesjafréttum en starfar nú á Séð og heyrt. Atli Már segir fréttamennsku sína fyrir CNN þannig til komna að hann hafi í gegnum tíðina sent þeim fréttaskot. Og hitti í mark með Bobby Fischer. Hann segist ekki vita hvað sé borgað fyrir störf sem þessi, hefur ekki kynnt sér það, en telur mikið þurfa að breytast á Íslandi til að hann geti haft af þessu verulegar tekjur. Ekki á hverjum degi sem Fischer andast.

En líklega má telja „votan draum“ margs sjónvarpsfréttamannsins að vera partur af teymi CNN? „Örugglega eru einhverjir fúlir vegna þess að einhver krakki á Séð og heyrt hafi komist í þetta. En maður verður að koma sér á framfæri sjálfur. Það gerir enginn fyrir mann. Þegar þetta kom til var ég að þýða frétt fyrir News of the World. Frétt sem ég hafði skrifað um Tarantino,“ segir hinn ungi blaðamaður sem greinilega á framtíðina fyrir sér. **- jbg**




**ATLI MÁR** Eins og herforingi á skjánum fyrir framan milljónir áhorfenda CNN.



Prófaðu nýjung á **byr.is**:

# **Komdu þér** í fjárhagslegt form **með Byr**

**Taktu heilsuprófið á byr.is og komdu í heimsókn!**

Markmiðið með nýja fjárhagslega heilsuprófi Byrs er að **bæta fjárhagslegt heilbrigði þitt.**

Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs um niðurstöðurnar. **Nýttu tækifærið.**
Fáðu góð ráð til að styrkja fjárhagslega heilsu þína núna með fjármálaþjálfurum Byrs.

**Það tekur aðeins nokkrar mínútur að taka heilsupróf Byrs.**
Komdu með í ræktina. Komdu þér í fjárhagslegt form.

Taktu heilsuprófið – byrjaðu á **byr.is**
Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs í dag

BYR
SPARISJÓÐUR

DYNAMO REYKJAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

**vísir.is**
*„...ég sá það á vísi"*



**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Hvaðan ertu gæskan?*

Um hverja helgi reyni ég að gera eitthvað með syni mínum sem ég tel verða þess valdandi að snilligáfa hans losni úr læðingi. Oftast göngum við saman úr Vesturbænum og lítum á bókasöfn eða í bókabúðir í miðbænum þar sem hann má velja sér bók til að fara með heim. Mér hefur sýnst á svip annarra viðskiptavina að áætlanir mínar með drenginn séu á villigötum og því ákvað ég að breyta til um síðustu helgi.

**VIÐ** fórum því og litum á stærðar snjóhest sem lettneskir listamenn reistu á Njálsgötu og fórum í strætóleiðangur. Í strætóinum gaf maður sig á tal við okkur. Hann reyndist koma frá fyrrverandi Júgóslavíu þar sem hann hafði verið atvinnumaður í knattspyrnu. Við frásögn mannsins fékk sonur minn stjörnur í augun og greindi manninum frá því að uppáhalds leikskólakennarinn hans væri líka frá landi sem eitt sinn hefði verið í Júgóslavíu og að hann ætlaði helst líka að verða fótboltamaður þegar hann yrði eldri.

**STUNDUM** er rætt um að fjölmiðlar eigi ekki að greina frá þjóðerni fólks í fréttum. Ég velti því fyrir mér hvernig eigi að draga línu í slíkum málum. Mætti ég þá ekki tilgreina að hópur listrænna Letta hefði útbúið fallegan snjóhest? Eða að deildarstjórinn á leikskóla sonar míns væri framúrskarandi starfskraftur enda hefði hún hlotið góða menntun og reynslu í ættlandi sínu, Serbíu? Má kannski bara nefna þjóðernið ef um jákvæðar fréttir væri að ræða?

**FÉLAGI** minn af útvarpinu sagði mér eitt sinn frá því að hann hefði sjaldan fengið yfir sig jafn mikla skæðadrífu skamma og eftir að hann flutti frétt af manni sem gekk berserksgang á Hofsósi. Töldu sumir að fréttin myndi koma óorði á alla sem tengdust bænum. Í kjölfarið veltum við því fyrir okkur hvernig fréttir kæmu út ef þær innihéldu engar upplýsingar um fólkið sem kom við sögu – væru slíkar fréttir upplýsandi?

**ÆTTI** eingöngu að tilgreina uppruna fólks og heimabæ ef um jákvæðar fréttir væri að ræða en láta það hjá líða í „vondum" fréttum? Það töldum við ekki góða fréttamennsku. Uppruni getur tengst fréttum, til dæmis ef fjallað er um aðbúnað erlends verkafólks eða skipulögð glæpagengi frá öðrum löndum. Eða er kannski alls ekki hægt að treysta lesendum til þess að fella ekki dóma yfir heilum bæjarfélögum eða þjóðum þótt einhverjir þaðan brjóti af sér? Annars sé ég vissa kosti við að hætt verði að tala um að íslenska landsliðið tapi fyrir öðru landsliði. Það fer best á því að fjalla bara um góð landslið og sleppa því að kenna léleg lið við heilar þjóðir.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er þriðjudagurinn 22. janúar, 22. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.39 | 13.39 | 16.40 |
| Akureyri | 10.41 | 13.24 | 16.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

www.volkswagen.is




**Betur búinn Passat á sama frábæra verðinu**
Allir þekkja gæði og glæsileika Volkswagen Passat, en að sjálfsögðu höldum við þróuninni áfram. Nú fylgja fjarlægðarskynjarar, 16 tommu álfelgur og hraðastillir með þessum stórglæsilega fjölskyldubíl, að ógleymdum þægindum á borð við leðurklætt stýri, hita í sætum og aðkomuljósum.

**Passat Comfortline 1,9 TDI® dísil kostar aðeins**
**33.617 kr. á mánuði***

*Miðað við bílasamning SP til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 6,24%. Heildarverð 2.910.000 kr.

**Das Auto.**

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA